**VILHJÁLMUR ÞORSTEINSSON**

*Stundar myndlist sem sjálfsrækt*

Nám Bílar Ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HJÖRLEIFUR VALSSON**

*Fyrsta Stradivarius-fiðlan á Íslandi*

Þrjátíu ára gamall draumur rættist

FÓLK 38




SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. september 2006 — 258. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



### Flottasti trailer landsins

„Mér fannst þessir bílar alltaf töff," segir Sturla Jónsson sem fékk sér einn. TILVERAN 16

### Fræði framtíðarinnar

Jón Yngvi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Hagþenkis, ræðir um styrkúthlutanir ársins 2006 og hlutverk félagsins sem gætir réttinda höfunda fræðirita og kennslugagna. MENNING 26



### Brendan Fraser á Íslandi

Verður í nokkra daga vegna kvikmyndarinnar Journey 3 - D. FÓLK 38

### Bjarni bestur



Skagamaðurinn Bjarni Guðjónsson var besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar að mati Fréttablaðsins. ÍÞRÓTTIR 34

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VAXANDI VINDUR** Í dag verður norðaustan 5-15 m/s, hvassast síðdegis norðvestan til og með suðausturströndinni. Rigning eða súld norðan og austan til. Hiti 4-12 stig að deginum, mildast sunnan til.

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# Varnarhagsmunir Íslands vel tryggðir

**Forsætisráðherra segir Bandaríkin verja Ísland ef á þurfi að halda. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar segir borgarana enn í óvissu. Samráðsvettvangi allra stjórnmálaflokka um öryggis- og varnarmál verður komið á fót.**

**STJÓRNMÁL** Bandaríkjaher mun áfram sinna vörnum Íslands þótt varnarliðið hverfi af Keflavíkurflugvelli. Varnarsamstarf ríkjanna byggist hér eftir á sérstakri varnaráætlun en innihald hennar verður ekki gert opinbert. Geir H. Haarde forsætisráðherra kveðst ánægður með niðurstöður viðræðna ríkjanna sem hófust í endaðan mars, tveimur vikum eftir að Bandaríkjamenn tilkynntu um brotthvarf varnarliðsins. „Ég er mjög ánægður í ljósi þess hvernig málin þróuðust," sagði Geir í gær þegar samkomulagið var kynnt.

Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, gagnrýnir leyndina sem hvílir yfir varnarsamstarfinu. „Engir Íslendingar fá að kynna sér það nema tveir ráðherrar. Þetta þýðir að borgararnir eru áfram í óvissu um sitt öryggi og varnir sem þeim er boðið upp á."

Varnaráætlunin byggir á varnarsamningnum frá 1951 en efni hans og innihaldi var í hvergi hnikað.

Samkomulag ríkjanna tekur til nokkurra þátta, meðal annars skila á landsvæði og mannvirkjum á varnarsvæðunum. Íslendingar eignast þau en þurfa að kosta allt að fimm milljörðum króna til hreinsunar lands og niðurrifs mannvirkja.

Stofnað verður hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu varnarsvæðisins.

Ráðgert er að æfingar á vegum Bandaríkjahers verði haldnar hér árlega. Samstarf ríkjanna á sviði löggæslu og landamæraöryggis verður aukið og ráðstafanir gerðar til að tryggja hröð og skilvirk samskipti á hættutímum.

Meðal þess sem ríkisstjórn Íslands hyggst gera til að bregðast við nýjum aðstæðum er að koma á laggirnar samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnmálaflokkanna, þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli. Þá verður miðstöð allra er koma að öryggismálum á Íslandi komið á fót.

Samkomulag um viðskilnað og yfirtöku lands og mannvirkja verður undirritað í Washington á næstu dögum. Ráðgert er að forsætisráðherra og utanríkisráðherra undirriti varnaráætlunina eftir tvær vikur.

**- bþs/bg /** **sjá síður 4 og 6**




**GENGIÐ MEÐ ÓMARI** Mikið fjölmenni gekk með Ómari Ragnarssyni gegn framkvæmdunum við Kárahnjúka í gærkvöldi. Giskað er á að tíu til fimmtán þúsund manns hafi safnast saman og tekið undir ákall Ómars sem gekk í fararbroddi ásamt Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og Guðmundi Páli Ólafssyni náttúrufræðingi. Göngur voru einnig á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum og alls staðar fóru mótmælin friðsamlega fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bæjarstjórn Blönduóss kærir lausagöngu þriggja vetra graðfola:

# Graðhestur veldur miklum usla

**DÝRAHALD** Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur kært lausagöngu þriggja vetra graðhests. Þetta staðfesti Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri á Blönduósi, en kæran var lögð fram í gær.

Mönnum brá heldur betur í brún, þegar stóði var smalað úr Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu til réttar í Skrapatungurétt um miðjan mánuðinn. Þá kom í ljós að stæðilegur graðfoli var í hópnum. Samkvæmt búfjárlögum er lausaganga „graðpenings" bönnuð.

Bændur á svæðinu, sem höfðu rekið stóð sitt á afrétt, og Fréttablaðið ræddi við í gær voru misjafnlega ánægðir með þá óvæntu fjölgun hrossa sem þeir geta átt von á í vor.

„Það er ósköp lítið hægt að gera því það vill enginn kannast við að eiga þennan hest," segir Ágúst Sigurðsson bóndi í Geitaskarði. Hann átti um tíu unghryssur í félagi við aðra á afrétti í sumar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er graðhesturinn markaður, en sá sem á markið kannast ekki við að eiga gripinn.

Haukur Pálsson, bóndi á Röðli, kveðst hafa átt um átján veturgamlar og tveggja vetra hryssur á dalnum. „Mér er sagt að hesturinn sé trúlega þriggja vetra. Hann er móvindóttur, stór og þroskalegur, og þess vegna til alls líklegur. Það getur víða orðið fjörugt í haganum í vor."

Það þykir ljóst að eigendur sumra hryssanna muni þurfa að taka á sig kostnað við að fylskoða og jafnvel við að eyða fyli gerist þess þörf.

**- jss**



KB banki og Glitnir leggja fram tilboð í Icelandair:

# Verðið talið um 40 milljarðar

**VIÐSKIPTI** **Ker undir forystu Ólafs Ólafssonar ásamt KB banka annars vegar og hópur fyrri eigenda Vátryggingafélags Íslands ásamt Glitni hins vegar skoða nú kaup á Icelandair.**

**Samkvæmt heimildum liggja fyrir fyrstu tilboð hjá FL Group sem hefur þau til skoðunar. Ekki liggja fyrir neinar skuldbindingar, en báðir íhuga alvarlega að kaupa félagið. Þessir aðilar unnu saman að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum, en munu nú hugsanlega bítast um flugfélagið.**

**Talið er að tilboðin liggi nálægt fjörutíu milljörðum króna og mun FL Group samkvæmt því innleysa hagnað af eigninni fyrir um þrjátíu milljarða króna.**

**Væntingar eru um að endanlega liggi fyrir hvort annar þessara aðila kaupi Icelandair innan tveggja vikna.**

**-hh /** **sjá Markaðinn**

Vinna við Hálslón:

# Vatnssöfnun hefst á morgun

**VIRKJANIR** Byrjað verður á því á morgun að safna vatni í Hálslón, uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar. Unnið hefur verið að lokaundirbúningi vatnssöfnunarinnar um nokkurt skeið en að sögn Sigurðar Arnalds, talsmanns Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar, eru aðstæður hinar bestu fyrir vatnsöflun. „Það eru allar aðstæður fyrir hendi til þess að byrja vatnssöfnun í lónið," sagði Sigurður í gær.

**- mh**




**SPURNING DAGSINS**



*Er Ísland úr Natró og kakkalakkana burt næsta slagorð?*

Af tvennu illu vil ég frekar bandaríska kakkalakka en bandaríska hermenn. Þeir eru aðeins friðsælli.

Skordýrafræðingar segja kakkalakkafaraldurshættu í yfirgefnum hýbýlum Varnarliðsins. Stefán Pálsson sagnfræðingur er í stjórn Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Ríkisstjórnin samþykkir aðgerðaáætlun vegna ofbeldis gegn konum og börnum:

# Verja 140 milljónum í átakið

**OFBELDI** Ríkisstjórnin hefur samþykkt aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum og börnum. Aðgerðaáætlunin tekur til áranna 2006 til 2011.

Meginmarkmið áætlunarinnar er að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum sem og að bæta aðbúnað þeirra er orðið hafa fyrir ofbeldi eða eru í áhættuhópi.

„Þetta er fimm ára verkefni og snýst meðal annars um rannsóknir, fræðslu, að auka þekkingu starfsfólks sem starfar með börnum og unglingum til að átta sig á þessu, þarna verður komið inn á barnaverndaryfirvöld og tilkynningarskyldu gagnvart þeim, lögreglurannsóknir og fleira,“ segir Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.

Áætlað er að aðgerðaáætlunin kosti 140 milljónir í heildina og hefst áætlunin um áramót. „Fyrst við erum búin að fá grænt ljós á þetta þá munu viðkomandi aðilar byrja að vinna að sínum verkefnum í áætluninni og koma þeim til framkvæmda. Það þarf síðan að hafa eftirfylgni með því og ég geri ráð fyrir því að stjórnvöld geri reglulega grein fyrir því hvernig verkefnið gengur.“ - ghs



**ÁTAK GEGN OFBELDI** Um áramótin hefst fimm ára aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn konum og börnum.

Gæsluvarðhald:

## Síbrotamaður stöðvaður

**DÓMSMÁL** Ungur síbrotamaður hefur í Hæstarétti verið dæmdur til að sæta gæsluvarðhaldi til 20. október. Hann hafði kært úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis.

Maðurinn á að baki margvíslegan brotaferil, sem spannar einkum auðgunarbrot er verið hafa til rannsóknar hjá lögreglu í Keflavík, Reykjavík, á Selfossi og á Húsavík. Lögregla kveður hann í kröfugerð vera „vanaafbrotamann“ sem þurfi að stöðva til þess að hægt sé að afgreiða mál hans með lögreglurannsókn, ákærumeðferð og væntanlegri dómsmeðferð. -jss

Birna Lárusdóttir:

## Vill á lista Sjálfstæðisflokksins

**STJÓRNMÁL Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sækist eftir sæti ofarlega á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi.**



BIRNA LÁRUSDÓTTIR

**Ekki hefur verið ákveðið hvernig valið verður á listann og tilgreinir Birna því ekki sérstakt sæti í yfirlýsingu um framboð.**

**Birna, sem er fjölmiðlafræðingur að mennt, var í 7. sæti á lista flokksins í kjördæminu í síðustu þingkosningum.** - bþs

# Fyrrum starfsmenn sakaðir um stuld

**Íslensk erfðagreining hefur höfðað mál gegn fimm fyrrverandi starfsmönnum fyrirtækisins. Þeir eru sakaðir um að hafa stolið mikilvægum vísinda- og viðskiptaleyndarmálum. Málshöfðun gegn ÍE blasir við segir lögmaður eins þeirra.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur lengt farbannsúrskurð yfir spænskum manni, Jesus Sainz, vegna gruns um að hann hafi stolið vísindaniðurstöðum og viðskiptalegum upplýsingum frá Íslenskri erfðagreiningu. Maðurinn, sem er fyrrverandi starfsmaður ÍE, er ásamt fjórum öðrum fyrrverandi starfsmönnum fyrirtækisins ásakaður um að hafa afritað skrár sem innihalda verðmætustu leyndarmál fyrirtækisins. Þeim er gefið að sök að hafa flutt afrituðu gögnin með sér til Bandaríkjanna þar sem hinir fjórir starfa hjá þarlendum samkeppnisaðila.

Samkeppnisaðilinn sem um ræðir er Barnaspítalinn í Fíladelfíu sem stofnaði nýverið miðstöð fyrir hagnýtar erfðamengjarannsóknir. Þeirri miðstöð er ætlað að vera í beinni samkeppni við ÍE á sviði erfðarannsókna. Hákon Hákonarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar ÍE, var ráðinn forstöðumaður miðstöðvarinnar síðastliðið sumar og þrír aðrir háttsettir starfsmenn fylgdu honum yfir frá ÍE. Málflutningur vegna kröfu ÍE um tafarlaust lögbann á störf fimmmenninganna við miðstöðina og notkun á gögnum fyrirtækisins var tekið fyrir í Pennsylvaníu í gær.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Sainz, segir aðför ÍE að umbjóðanda sínum nornaveiðar. Hann hafi hvorki afritað gögnin til að deila með öðrum né ráðið sig til starfa hjá miðstöðinni. „Þetta er fræðimaður sem hefur starfað á þessu sviði í mörg ár og það er verið að eyðileggja orðspor hans og möguleika á því að starfa áfram í þessum geira. Mér finnst stórfelld málshöfðun blasa við gegn Íslenskri erfðagreiningu þar sem þeir bera á hann alvarlegar sakir gegn betri vitund.“



**RANNSÓKNASTOFA** Fimm fyrrverandi starfsmenn eru sakaðir um að hafa stolið viðskiptaleyndarmálum. Lögmaður eins þeirra segir aðför ÍE minna á nornaveiðar.



SVEINN ANDRI SVEINSSON

Þórir Haraldsson, lögmaður ÍE, segir manninn órjúfanlegan hluta af samsæri hinna fjögurra um að afrita dýrmætustu vísinda- og viðskiptaleyndarmál fyrirtækisins til nýtingar hjá öðrum aðila. Þá segir hann að mjög sterkar vísbendingar bendi til þess að Sainz hafi ráðið sig til starfa hjá sama aðila og hinir fjórir. Að gefnu tilefni vill ÍE árétta að ekki er um persónugreinanlegar upplýsingar þátttakenda í rannsóknum fyrirtækisins að ræða, enda tryggi dulkóðunarkerfi fyrirtækisins að slíkar upplýsingar séu ekki í fórum þess.

thordur@frettabladid.is



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Ávarp Valgerðar á þingi SÞ:

## Pyntingar eru óréttlætanlegar

**UTANRÍKISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra flutti í gær ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Á þinginu er áhersla lögð á þróunarmál og sagði ráðherrann að íslenska ríkið legði sífellt meira fram til þróunaraðstoðar og hét auknum skerfi af þjóðarframleiðslu til hennar.

Jafnréttisbarátta og umhverfismál voru ráðherranum hugleikin í ræðunni og hvatti hún til þess að starfsemi UNIFEM yrði gefið aukið vægi innan SÞ.

Einnig minntist ráðherrann á hryðjuverkaógnina og sagði í því samhengi að mannréttindi væru óumsemjanleg; að pyntingar væru óréttlætanlegar. - kóþ

Samgönguráðherra:

## Flug til Eyja fer í útboð

**SAMGÖNGUR** Vegagerðinni hefur verið falið að undirbúa útboð á flugleiðinni Reykjavík - Vestmannaeyjar, að sögn Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra. Samþykkt var að efna til þessa útboðs á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

„Þessi leið hefur verið farin í þeim tilvikum sem flugfélögin hafa ekki treyst sér til að halda úti þeirri þjónustu sem við teljum nauðsynlega,“ segir Sturla. Hann bætir við að útboðsferlið taki marga mánuði. Það sé á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem mikið regluverk sé til staðar. - jss

Lögum um Hólaskóla breytt:

## Verður háskóli

**MENNTAMÁL Hólaskóli verður gerður að háskóla, verði frumvarp þar að lútandi að lögum.**

**Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra kynnti frumvarp um breytingu Hólaskóla í háskóla á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun.**

**Hólaskóli - háskólinn á Hólum, býður upp á nám í hrossarækt, hestamennsku, fiskeldi, fiskalíffræði og ferðaþjónustu.** - bþs

**HÆSTIRÉTTUR**

**Gæsluvarðhald framlengt**

Maður sem grunaður er um að hafa átt þátt í skipulagningu á smygli af tæplega tveimur kílóum af kókaíni þarf að sitja í gæsluvarðhaldi til 2. nóvember, samkvæmt dómi Hæstaréttar.




Kveðjuræða Tonys Blair á aðalfundi Verkamannaflokksins:

# Langar alls ekki til að hætta

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, flutti í gær sína síðustu formannsræðu á árlegu þingi Verkamannaflokksins. Hann viðurkenndi að sér reyndist torvelt að hætta sem formaður, en sagði að það væri „hið eina rétta“ í stöðunni, fyrst „ekki væri hægt að halda áfram endalaust“.

Blair hvatti flokksmenn sína til að snúa nú bökum saman til að fara með sigur af hólmi í næstu kosningum, en lét ógert að lýsa yfir stuðningi við Gordon Brown, sem líklegastur þykir til að leiða flokkinn í þeim. Þeir félagar hafa lengi eldað grátt silfur saman en Brown hafði rétt Blair sáttarhönd daginn áður með langri lofræðu um forsætisráðherrann á þinginu. Sú ræða féll gjörsamlega í skuggann af meintum ummælum Cherie Blair, eiginkonu Tonys. Frú Blair er sögð hafa hreytt út úr sér að lofsyrði Browns væru lygar einar, en hún hefur síðan afneitað þeim ummælum með öllu.

Í ræðu sinni kallaði forsætisráðherrann væntanlegan eftirmann sinn „ótrúlegan mann“ og sagði að án hans hefði sigurganga Verkamannaflokksins aldrei orðið að veruleika. - kóþ



**TONY BLAIR Á ÞINGINU Í GÆR** Blair kom sér undan stuðningsyfirlýsingu við Gordon Brown og sagði að nú væri tími til kominn að snúa bökum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sparnaður eftir þínum nótum

***Það er auðvelt að spila á hvaða hljóðfæri sem er: þú þarft bara að hitta á réttu nótuna á réttum tíma og hljóðfærið sér um rest.***
***– J.S. Bach***

**Það er eins með verðbréfamarkaðinn. Það er auðvelt að byrja að spara: þú þarft bara að hitta á rétta verðbréfasafnið á réttum tíma (til dæmis núna?) og SPRON Verðbréf sjá um rest.**

**En það er misjafnt hvað hentar hverjum og einum og við bjóðum allan skalann – þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu.**




## ÖRUGGA SAFNIÐ

**15,73% ávöxtun.**
Áhersla á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Að mestu fjárfest í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í hlutabréfasjóðum.

## HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

**17,85% ávöxtun.**
Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar.

## ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

**22,38% ávöxtun.**
Fjárfest að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75%, á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.

**Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.**

Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.01. 2006 til 01.09. 2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.

Netbankinn

Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

spron VERÐBRÉF

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Himinn og haf / SÍA – 9061001

## GENGIÐ 26.09.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,05 | 70,39 |
| Sterlingspund | 132,74 | 133,38 |
| Evra | 88,9 | 89,4 |
| Dönsk króna | 11,917 | 11,987 |
| Norsk króna | 10,71 | 10,774 |
| Sænsk króna | 9,579 | 9,635 |
| Japanskt jen | 0,6013 | 0,6049 |
| SDR | 103,73 | 104,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

123,0018

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Carol von Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, er ánægð með niðurstöðuna:

# Samskipti landanna verða enn nánari

**VARNARMÁL** „Við erum mjög ánægð með niðurstöðuna," segir Carol von Voorst, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, um nýtt samkomulag ríkjanna um varnarmál, sem kynnt var í gær. Hún var formaður bandarísku sendinefndarinnar og segist líta svo á að bæði ríkin komi út úr viðræðunum sem „sigurvegarar".

„Ég held að niðurstaðan sé sú að sambandið milli ríkjanna verður miklu þéttara en áður." Til þessa hafa varnarmálin myndað eins konar brú á milli Íslands og Bandaríkjanna, segir von Voorst, en hér eftir megi frekar líkja sambandinu við þéttriðinn vef sem teygi sig í margar áttir.

„Í það minnsta er það vilji okkar að vinna að mjög nánum samskiptum, ekki bara á sviði öryggismála heldur í vísindum, menningu og viðskiptum, þannig að ég reikna með að sendiráðið hérna verði mjög önnum kafið í framtíðinni. Ég mun svo sannarlega ekki sitja auðum höndum við skrifborðið."

Hún viðurkennir að viðræðurnar hafi verið erfiðar, líka persónulega fyrir hana sem var nýtekin við sendiherrastarfinu í Reykjavík þegar boð bárust frá Washington um að herinn myndi fara nú í haust.

„Við höfum svo sannarlega haft sterkan vind í bakið frá stjórnvöldum beggja landanna," segir van Voorst, en bætir því við að af beggja hálfu hafi verið unnið hart að því að ná fram niðurstöðu sem bæði ríkin gætu sætt sig við.

„Þess vegna hefur þetta líka verið mjög gefandi vinna." **- gb**



**CAROL VAN VOORST** Sendiherra Bandaríkjanna viðurkennir að varnarviðræðurnar hafi verið erfiðar, en báðir aðilar komi út úr þeim sem sigurvegarar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Segir margt sæta tíðindum í samkomulaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Samningur boðar tímamót:

## Gjörbreyting á samstarfinu

**VARNARMÁL** „Við fyrstu sýn er hér verið að boða mjög nána samvinnu á milli ríkjanna, og ef eitthvað er nánari samvinnu um öryggis- og varnarmál en verið hefur," segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, um nýtt samkomulag Bandaríkjanna og Íslands um varnarmálin.

„Það er verið að breyta stofnanafyrirkomulagi hér á landi varðandi öryggis- og varnarmál í grundvallaratriðum. Bæði eru stofnanir hér innanlands að fá miklu víðtækara hlutverk og svo er verið að boða mjög náið samstarf þessara íslensku stofnana, eins og landgæslunnar og lögreglunnar, við stofnanir í Bandaríkjunum."

Á hinn bóginn segir Baldur, að í samkomulaginu séu boðaðar margvíslegar breytingar, án þess þó að þær breytingar séu útfærðar neitt að ráði.

„Þetta eru frekar yfirlýsingar um verðandi samstarf frekar en að búið sé að negla nákvæmlega niður hvernig samstarfi þessara íslensku og bandarísku stofnana verði háttað." **- gb**

# Varnaráætlun í stað varnarliðs á Íslandi

**Varnaráætlun kemur í staðinn fyrir fasta viðveru Bandaríkjahers á Íslandi. Bandaríkjamenn skuldbinda sig til að verja landið og byggir samkomulagið á varnarsamningnum frá 1951. Heræfingar haldnar árlega og reglulegt samráð.**

**VARNARMÁL** „Bandaríkin munu verja Ísland ef á þarf að halda. Á bak við það stendur allur hernaðarmáttur Bandaríkjanna," sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra í gær þegar hann kynnti samkomulag um varnaráætlun milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Þessi varnaráætlun kæmi í staðinn fyrir fasta viðveru Bandaríkjahers á Íslandi og væri staðfest af varnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Geir sagði að í áætluninni væri fjallað um viðbrögð við vá á ýmsum stigum. Eðli málsins samkvæmt væru þess konar upplýsingar hins vegar leynilegar. Aðspurður sagði hann að haft yrði fyrst samband við Bandaríkin, ekki NATO, steðjaði hætta að landinu. Skuldbinding þeirra til að verja landið væri ótvíræð og boðleiðir milli ríkjanna tryggðar samkvæmt samkomulaginu. Þetta vilyrði væri mun þýðingarmeira fyrir öryggi Íslands en aðildin að NATO ein og sér. Aðildin að NATO fæli hvorki í sér skýra skuldbindingu né áætlun um aðstoð ríkja Atlantshafsbandalagsins væri öryggi landsins ógnað.

Íslensk stjórnvöld munu skipa fulltrúa til að annast tengsl við bandarísk hernaðaryfirvöld og útvega upplýsingar um hernaðarleg málefni. Mun hann hafa aðsetur hjá Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi. Einnig verður íslenskur fulltrúi í herstjórn NATO í Hollandi. Geir sagði nú í skoðun hvernig best væri að standa að þessu. Þá kveður samkomulagið á um afhendingu „viðeigandi hernaðarlegra upplýsinga með milligöngu hernaðarfulltrúa bandaríska sendiráðsins á Íslandi".



**Á FUNDI UTANRÍKISMÁLANEFNDAR** Jón Sigurðsson, starfandi utanríkisráðherra, Geir H. Haarde forsætisráðherrra og Ragnheiður E. Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs. „Tvö meginmarkmið voru með þessum viðræðum af hálfu Íslands. Í fyrsta lagi að tryggja varnir landsins með viðunandi hætti eftir að fastri viðveru Bandaríkjahers er lokið hér. En jafnframt snurðulausa yfirtöku á rekstri alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Og þessi markmið hafa bæði náðst," sagði Geir H. Haarde í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reglubundið samráð verður haft við bandarísk stjórnvöld um öryggismál. Gerir forsætisráðherra ráð fyrir að fyrsti formlegi fundurinn á ráðherrastigi verði haldinn í haust í Reykjavík. Við það tækifæri komi Nicholas Burns, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, og maður í sambærilegri stöðu í varnarmálaráðuneytinu, hingað til lands.

Bandaríkjaher mun reka fjórar ratsjárstöðvar íslenska loftvarnarkerfisins, sem er hluti af loftvarnarkerfi NATO, til 15. ágúst á næsta ári. Þangað til verður unnið að samkomulagi um framtíðarrekstur þessara stöðva. Geir sagði að áfram yrði lesið úr öllum merkjum flugvéla sem færu um lofthelgi Íslands.

Bandaríski herinn mun halda árlega heræfingar á Íslandi, sem er mikilvægt til að skuldbinding Bandaríkjamanna gagnvart Íslendingum væri sýnileg og trúverðug að mati forsætisráðherra. „Undirbúningur fyrir fyrstu æfinguna að þessu tagi hefst fljótlega og er óformlega talað um að hún geti orðið í júní á næsta ári," sagði Geir H. Haarde. **bjorgvin@frettabladid.is**

Samkomulag Íslands og BNA:

## Helstu atriði varnarsamstarfs

1 Varnaráætlun Bandaríkjanna gerir ráð fyrir að varnir Íslands séu tryggðar með hreyfanlegum viðbúnaði og liðsafla, stutt bandarískum hernaðarmætti.

2 Gerðar eru ráðstafanir til að tryggja hröð og skilvirk samskipti milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda á hættutímum, þar á meðal við hernaðaryfirvöld.

3 Bandaríkin ætla að halda árlega tvíhliða eða fjölþjóðlegar heræfingar á íslensku landsvæði og í íslenskri lofthelgi og landhelgi.

4 Bandaríkin munu reka fjórar ratsjárstöðvar íslenska loftvarnarkerfisins til 15. ágúst 2007. Viðræður um fjármögnun starfseminnar hefjast milli ríkjanna og NATO.

5 Reglubundið samráð verður viðhaft milli Íslands og Bandaríkjanna um öryggismál. Mun það samráð vera á vettvangi ráðherra en einnig embættismanna.

6 Skipaður verður fulltrúi Íslands hjá Evrópuherstjórn Bandaríkjanna í Stuttgart í Þýskalandi, sem mun annast tengsl við bandarísk hernaðaryfirvöld og upplýsingamiðlun.

7 Leitað verði leiða til að auka samstarf milli bandarísku Strandgæslunnar og Landhelgisgæslunnar með æfingum, þjálfun og starfsmannaskiptum.

8 Bandaríki og Ísland ætla að auka og styrkja samstarf á sviði löggæslu og landamæraöryggis til þess að hamla gegn og verjast ógnum sem steðja að báðum ríkjum.


**BÍLL DAGSINS**

**LEXUS IS200**

Nýskr. 12.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 41 þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÓLNANDI UM HELGINA

Þegar rýnt er í helgarhorfurnar einkennast þær af talsvert kólnandi veðri og það á einnig við syðra. Búast má við töluverðu frosti að næturlagi og einnig á morgnana en frostlaust verður á láglendi að deginum. Hins vegar er ósennilegt að frostlaust verði á fjöllum.

Það eru nokkuð vindasamir dagar víða um land fram að helgi en þá lægir yfirleitt.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG

Norðaustan 5-8 m/s í dag en hvessir nokkuð í nótt. Skýjað með köflum. Hiti 7-12 stig að deginum.

um hádegi »




» á morgun




13-18 m/s með ströndum sunnan og vestan til, en 8-13 m/s inn til landsins.

» föstudagur




5-13 m/s, hvassast suðaustan og norðvestan til.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 20°C skýjað | Alicante | 26°C léttskýjað |
| Þórshöfn | 13°C rigning | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 24°C léttskýjað |
| Osló | 19°C rigning | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Algarve | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Friedrichshafen | 17°C skýjað | Krít | 27°C skúrir |
| Gautaborg | 17°C skúrir | Berlín | 20°C skýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


FERÐAÁVÍSUN
MasterCard
GILDISTÍMI
KR.
GREIÐIÐ INN Á FERÐAREIKNING
SEM ER HANDHAFI MASTERCARD KORTS NR.
Gegn framsali
KRÓNUR
REYKJAVÍK
Staðfesting ferðaskrifstofu
Eingöngu er hægt að nýta eina ávísun í hverja ferð.
Ávísunin gildir sem greiðsla inn á eina ferð í millilandaflugi sem skipulögð er af ferðaskrifstofu eða flugfélagi í samstarfi við MasterCard. Upplýsingar um samstarfsaðila má nálgast á www.kreditkort.is. Ferðina verður að greiða með MasterCard korti. Notkun ferðaávísunar miðast við að árgjald af kortinu sé greitt.
Ólíkt öðrum ferðafríðindakerfum setur ferðaávísun MasterCard þér engin takmörk um flugferðir eða sætaframboð. Hún gildir sem greiðsla upp í ferðir til útlanda og innanlands. Þú ræður þínum ferðaáætlunum sjálfur, fljúgðu með MasterCard.
MasterCard
Sæktu um MasterCard kreditkort í næsta banka eða sparisjóði. Nánari upplýsingar á kreditkort.is.
LÁTTU EKKI VÍSA ÞÉR Á DYR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 7259

## KJÖRKASSINN



*Stundar þú reglulega líkamsrækt?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,9% |
| Nei | 64,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að friða rjúpuna á nýjan leik?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar:

# Borgararnir eru enn í óvissu

**VARNARMÁL** „Leynileg varnaráætlun sem Bandaríkjamenn hafa gert er þungamiðjan í þessu samkomulagi. Engir Íslendingar fá að kynna sér það nema tveir ráðherrar. Þetta þýðir að borgararnir eru áfram í óvissu um sitt öryggi og varnir sem þeim er boðið upp á. Þetta er með öllu óboðlegt í lýðræðisríki að fulltrúum í utanríkismálanefnd, sem hafa lögboðna trúnaðarskyldu, skuli ekki leyft að kynna sér þessa áætlun. Þessu hlýt ég að mótmæla mjög harkalega,“ segir Össur Skarphéðinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar og fulltrúi í utanríkismálanefnd, aðspurður um samkomulag Íslendinga og Bandaríkjamanna.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Össur segist fagna því að forsætisráðherra hyggist beita sér fyrir að stofnuð verði öryggismálanefnd með aðkomu allra þingflokka. Einnig að Íslendingar taki þátt í samstarfi um öryggiseftirlit á höfunum.

„Ég er hins vegar mjög ósáttur við að ekki voru tryggðir starfslokasamningar fyrir þá sem ekki eiga kost á annarri vinnu fyrir aldurs sakir og hafa unnið lengi hjá Varnarliðinu,“ segir Össur.

„Einnig finnst mér að sá þáttur samningsins sem lítur að niðurrifi, hreinsun og mengunarvörnum sé fjarri því að vera nægilega góður. Samningskrafan hefði átt að vera sú að við Íslendingar fengjum mannvirkin og meðgjöf sem hefði nægt til greiða þann kostnað sem Bandaríkjamenn hefðu þurft að standa straum af ef þeim hefði verið gert að fjarlægja húsin og skila svæðinu í upprunalegri mynd.“ - shá

Árni Sigfússon:

# Stofnun félags aðkallandi

**VARNARMÁL „Það sem er mjög aðkallandi núna er að ljúka stofnun félags um verkefnið. Við gerum ráð fyrir því að vera þar aðilar við að vinna að því verki að undirbúa svæðið, hreinsa mengun og byggingar sem ekki eiga að vera þar og undirbúa leigu eða sölu á eignum“, segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.**

**Árni segir að það starfsfólk sem ekki hefur fengið vinnu henti til margra þeirra verkefna sem bíða. „Nú höfum við tækifæri til að skoða þau tækifæri sem bjóðast og þá getum við farið að vinna af fullum krafti.“** - shá

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Ósátt við varnaráætlunina

**VARNARMÁL** „Ég geri alvarlegar athugasemdir varðandi varnaráætlun sem enginn veit hvernig lítur út nema tveir ráðherrar. Einnig að Bandaríkjamenn séu að fara héðan án þess að hreinsa upp eftir sig. Ég hefði talið eðlilegt að þeir hefðu hreinsað upp eftir sig,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg segir ánægjulegt að tillögur Samfylkingarinnar um öryggismálanefnd með aðkomu allra stjórnmálaflokka verði að veruleika. - shá

Guðjón A. Kristjánsson:

# Stöðunni bjargað fyrir horn

**VARNARMÁL „Ég tel að ríkisstjórnin hafi náð að spila úr stöðu sem kom upp vegna þess að hún var tekin í bólinu þegar Bandaríkjamenn tilkynntu einhliða að þeir væru að fara. Miðað við þá stöðu má segja að tekist hafi að vinna að okkar hagsmunum að nokkru leyti. Menn geta svo deilt um það hvort við hefðum átt að taka að okkur mengunarþáttinn eða ekki,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.**



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

**„Ég er heilt yfir mjög sáttur við að hér sé ekki her á friðartímum.“** - shá

Steingrímur J. Sigfússon:

# Alvarlega gallað samkomulag

**VARNARMÁL** „Lang alvarlegasti ágalli samkomulagsins er að Bandaríkjamenn skuli fara héðan án þess að gengið sé frá því með óyggjandi hætti að þeir beri fulla og óskipta ábyrgð á þeirri mengun sem hersetan skilur eftir,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Varðandi áframhaldandi varnarsamstarf segir Steingrímur: „Ég tel enga þörf á slíku og ég er andvígur því að Bandaríkjamönnum sé lofað hér aðstöðu til heræfinga eða annarra umsvifa. Það hefði verið nær að fella varnarsamkomulagið úr gildi og að Ísland tæki sér óháða stöðu og tryggði öryggi sitt á slíkum grunni.“ -shá

# Varnarsvæðin aftur komin undir stjórn Íslendinga

**Íslendingar taka á ný við mannvirkjum og landi Bandaríkjahers á Íslandi. Kostnaður vegna hreinsunar og niðurrifs bygginga getur numið fimm milljörðum króna. Fjarskiptaaðstaða við Grindavík verður áfram bandarískt yfirráðasvæði. Bandaríkjaher mat virði eigna sinna á Íslandi á um ellefu milljarða króna.**

**VARNARMÁL** Íslendingar taka á ný við þeim landsvæðum sem bandaríska varnarliðið hafði til umráða á Íslandi og eignast öll mannvirki þess. Landi og fasteignum verður skilað í því ástandi sem þau eru í og fellur kostnaður við niðurrif húsa og hreinsun jarðvegs á Íslendinga. Áætlað er að sá kostnaður geti numið allt að fimm milljörðum króna.

Landsvæðin sem um ræðir eru á fimm stöðum. Stærstur hluti þess er megin-varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli og á öðrum stöðum á Suðurnesjum en að auki yfirtekur Ísland aðstöðu varnarliðsins í Hvalfirði, á Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og Bolafjalli. Bandaríkjaher mun áfram hafa yfirráð yfir fjarskiptaaðstöðu við Grindavík.

Fyrsta grein samnings Íslands og Bandaríkjanna um brottflutning Bandaríkjahers og skil á mannvirkjum snýr að áframhaldandi aðgengi Bandaríkjamanna að íslensku landi. Hefur Bandaríkjaher og annar herafli Norður-Atlantshafsbandalagsins aðgengi að landsvæði hér til að mæta varnarþörfum Íslands og þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að liður samkomulagsríkjanna sem snýr að skilum sé í samræmi við ámóta samninga sem Bandaríkjamenn hafi gert vegna flutnings herstöðva. „Í grundvallaratriðum er þetta sami samningur og þeir hafa lagt til grundvallar þar sem þeir hafa verið í þessari stöðu sem er nú orðið býsna víða,“ sagði Geir á fundi með blaðamönnum í gær.

Vitað er að nokkur jarðvegsmengun er á varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll sem bæði stafar af olíuleka og urðun úrgangs í gegnum árin. Geir H. Haarde segir umfang mengunarinnar í meginatriðum þekkta og heilsu manna stafi ekki hætta af. Í samkomulaginu er kveðið á um að komi í ljós á næstu fjórum árum að heilbrigði manna stafi veruleg hætta af völdum umhverfismengunar sem rekja megi til starfsemi varnarliðsins skuli ríkin fjalla um það sameiginlega og meta nauðsyn frekari aðgerða.

## STAÐREYNDIR

Íbúðir eru um 900.

Einstaklingsherbergi um 1.200.

Önnur mannvirki eru um 200.

Líklegt er að um helmingur allra mannvirkja verði rifinn.

Líklegt er að gamla flugstöðin verði rifin sem og sundlaug, kvikmyndahús og heilsugæslustöð.

Talið er að niðurrif mannvirkja geti kostað allt að þremur milljörðum króna.

Um 60 mengaðir staðir eru þekktir og kortlagðir.

Grunnvatn er mengað.

Olía hefur lekið víða í jarðveg.

PCB mengun er á þremur stöðum.

Talið er að kostnaður vegna hreinsunar geti numið allt að tveimur milljörðum króna.



**AÐ LEIÐARLOKUM** Ísland og Bandaríkin hafa samið um viðskilnað Bandaríkjahers.

Auk lands og mannvirkja yfirtaka Íslendingar ýmiss konar búnað sem lýtur að rekstri alþjóðaflugvallarins á Keflavíkurflugvelli.

Samkvæmt mati Bandaríkjahers er andvirði mannvirkja og búnaðar sem Íslendingar eignast um ellefu milljarðar króna.

bjorn@frettabladid.is

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra:

# Fullnægjandi lausn

**VARNARMÁL** „Ég tel, að niðurstaðan sé fullnægjandi, enda taki framkvæmdin mið af öryggishagsmunum Íslands á hverjum tíma og Íslendingar verði virkir þátttakendur við mat á þessum hagsmunum.

Samningurinn tryggir einnig á góðan hátt, að ekkert rask verður á flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli,“ segir Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra, aðspurður um mat hans á hvort fullnægjandi niðurstaða hafi náðst í samningi við Bandaríkjamenn um viðskilnað þeirra á Keflavíkurflugvelli.

Björn telur einnig að of mikið sé gert úr mengunarþætti málsins og telur Íslendinga betur til þess fallna að hreinsa varnarsvæðið eins og nauðsynlegt er.



BJÖRN BJARNASON

Björn er einnig sáttur við varnarþátt samningsins. „Lokið er kafla kalda stríðsins í varnarsamstarfinu og við tekur nýr, þar sem tekið er mið af nýrri tækni og hernaðaráætlunum. Við þetta er ég sáttur.“

Hann segist einnig ánægður með hugmyndir um öryggismálanefnd enda hafi hann hvatt til þess í ræðu og riti um langt árabil, að til yrði nýr samráðsvettvangur stjórnmálaflokkanna um öryggismál.

Hvað varðar stofnun félags um eignir Varnarliðsins segir Björn að slíkt félag verði stofnað fljótlega með aðkomu sveitarfélaganna. -shá

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar við brottför Bandaríkjahers:

## Öryggismiðstöð sett á laggirnar

1 Stofnað verður hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu fyrrverandi varnarsvæðis á Keflavíkurflugvelli. Verkefni þess verður að koma svæðinu og mannvirkjum á því í arðbær borgaraleg not. Félagið mun lúta ábyrgð forsætisráðherra.

2 Við endurskoðun laga um almannavarnir verður hugað að því að koma á fót miðstöð þar sem tengdir verða saman allir sem koma að öryggismálum innanlands, hvort heldur vegna náttúruhamfara eða hættu af mannavöldum. Dagleg stjórn öryggismiðstöðvarinnar verður á vegum dómsmálaráðuneytisins.

3 Samstarf lögreglu, landhelgisgæslu, slökkviliða og björgunarsveita verður aukið, þannig að tryggja megi þátttöku varaliðs þar sem þess kann að verða þörf. Um leið er unnið að nýskipan lögreglumála.

4 Lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum verða tryggðar.

5 Öflugt fjarskiptakerfi, Tetra kerfi, verður sett upp.

6 Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að efla þyrluflota Landhelgisgæslunnar auk þess sem ný flugvél og nýtt varðskip verða keypt.

7 Samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnmálaflokkanna um öryggi Íslands verður komið á laggirnar.

8 Stjórnsýsla og yfirstjórn málaflokka á Keflavíkurflugvelli færast frá utanríkisráðuneyti til fagráðuneyta. Fyrst um sinn verður stjórnsýslan þó óbreytt.

9 Gerðar verða ráðstafanir til að lesið verði úr öllum merkjum frá Ratsjárstofnun sem þýðingu hafa varðandi eftirlit með flugvélum í lofthelgi Íslands.

FORVARNARDAGURINN 2006

# TAKTU ÞÁTT!

## HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

**Þrjú heillaráð til að forða börnum og unglingum frá fíkniefnum:**

**Verjum sem mestum tíma saman. Klukkutíma samvera foreldra og barna á hverjum degi getur ráðið úrslitum.**

**Hvetjum börn og unglinga til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Okkar stuðningur skiptir sköpum.**

**Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.**

**Fimmtudagurinn 28. september er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins**

Þessi þrjú einföldu heillaráð eru byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Rannsóknirnar hafa vakið alþjóðlega athygli.

**www.forvarnardagur.is**

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna og Samband íslenskra sveitarfélaga með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

Forseti Íslands · Reykjavíkurborg · ÍSÍ · UMFÍ · Bandalag íslenskra skáta · Samband íslenskra sveitarfélaga

Verkefnið er styrkt af

actavis

hagur í heilsu

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða íslenski ráðherra seig niður úr þyrlu á mánudag?*

2 *Hversu margir veitingastaðir í Reykjanesbæ grilla sína eigin hamborgara?*

3 *Hvaða kvikmynd var valin versta íslenska kvikmynd allra tíma í útvarpsþættinum Capone?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Þing Sambands íslenskra sveitarfélaga hefst á Akureyri í dag:

# Nýr formaður kjörinn

**STJÓRNMÁL** Fyrir 20. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem hefst á Akureyri í dag, liggur meðal annars að kjósa nýjan formann. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri í Reykjavík, hefur gegnt formennsku í sambandinu síðan árið 1990.

Vilhjálmur er formaður kjörnefndar sem undanfarnar vikur hefur unnið að uppstillingu nýrrar stjórnar. Ellefu skipa stjórnina; þrír frá Reykjavík en tveir frá hverju hinna fjögurra kjördæma landsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru mestar líkur á að nefndin geri að tillögu sinni að Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, verði næsti formaður sambandsins. Þá benda líkur til að Magnús Jónsson, sveitarstjóri á Skagaströnd, verði áfram formaður Lánasjóðs sveitarfélaganna og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, sviðsstjóri hjá Hafnarfjarðarbæ, verði áfram formaður launanefndar sveitarfélaganna.

Hefðbundin þingstörf verða í dag og á morgun en tillögur kjörnefndar verða kynntar á föstudagsmorgun og kosið í framhaldi af því.

Yfirskrift þingsins er: Sterk og ábyrg sveitarfélög. **- bþs**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** lætur af formennsku í Sambandi sveitarfélaga á föstudag.

Ósamið við sjúkraliða LSH:

# Fá stuðning annarra sjúkraliða

**HEILBRIGÐISMÁL Enn bíða sjúkraliðar LSH eftir nýjum stofnanasamningi en næsti fundur samingsaðila er ráðgerður í næstu viku.**

**Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir það kröfu sjúkraliða á LSH að þeir fái sömu viðbót og sjúkraliðar á sjálfseignastofnunum fengu í sinn hlut eftir síðustu kjarasamninga.**

**Sjúkraliðar við FSA, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, á Akranesi og við Heilbrigðistofnun Austurlands hafa tekið undir kröfur sjúkraliða við LSH um að við þá verði samið þegar í stað. - hs**


AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI • AFMÆLI

Sjúkranuddstofan

Moonstartherapy

Síðumúli 15, 108 Reykjavík

Sími/fax 588-1404 Gsm: 895 9404

Heilnudd - Body massage / Bandvefsnudd - Connective tissue massage / Ristilnudd - Colon massage / Sogæðameðferð - Lymphdrainage / Orkumeðferð - Akupoint massage / Bakmeðferð - Back and spine therapy / Svæðanudd - Feetrelaxzonetherapy



Tölvunám

Byrjendur

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með reglulegum upprifjunum. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Internetið og tölvupóstur

Kennsla hefst 4. október og lýkur 30. október. Kennt mánudaga og miðvikudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Allt kennsluefni innifalið.

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða eru að vinna við tölvu og vilja auka við þekkingu sína hraða og færni.

- Windows skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennsla hefst 17. október. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,- Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


# Buðu njósnara nýtt starf og utanlandsferð

**Per Jodinus, sem varð uppvís að njósnum fyrir Þjóðarflokkinn, segir flokksforystuna hafa boðið sér utanlandsferð þegði hann yfir upplýsingum sem hann náði í. Formaður flokksins neitar að um mútur hafi verið að ræða.**

**SVÍÞJÓÐ** Þótt kosningarnar séu afstaðnar í Svíþjóð, eru Svíar enn miður sín yfir hneykslismálum þeim tengdum. Per Jodenius, félagi ungliðahreyfingar Þjóðarflokksins, sem uppvís varð að njósnum fyrir hönd flokksins á læstri vefsíðu sænska jafnaðarmannaflokksins, hefur sagt fjölmiðlum að ráðamenn Þjóðarflokksins hafi boðið honum nýtt starf og utanlandsferð í skiptum fyrir að þegja yfir þeim upplýsingum sem hann náði í.

Á fréttavef Dagens Nyheter í gær staðfesti formaður Þjóðarflokksins, Lars Lejonborg, að Jodenius hafi verið boðin utanlandsferð, en þvertók fyrir að um mútur hafi verið að ræða.

„Þetta var af hreinum mannúðarástæðum. Hér var jú um um að ræða líf 24 ára gamals manns sem lagt hafði verið í rúst,“ sagði Lejonborg. Jodenius hafi verið undir stöðugu áreiti fréttamanna og því hafi flokksforystan ákveðið að reyna að létta undir með honum, meðal annars með því að styrkja hann til að fara úr landi ef hann æskti, án nokkurra skilyrða, að sögn Lejonborgs.

Jodenius hefur viðurkennt að hafa hlaðið niður afar viðkvæmum upplýsingum af vefsíðu jafnaðarmanna hinn 15. mars. Hann segir þáverandi ritara flokksins, Johan Jakobsson, hafa vitað af innbrotinu eftir að það var framið. Þegar upp komst um málið hafi Jakobsson svo boðið Jodeniusi nýtt starf þegar um hægðist gegn því að hann tæki ábyrgðina á sig og þegði um frekari vitneskju.

> Hann bauð mér vinnu í stað þess að ég þegði.
>
> **PER JODINUS**
> FÉLAGI Í UNGLIÐAHREYFINGU ÞJÓÐARFLOKKSINS

„Hann bauð mér vinnu í stað þess að ég þegði,“ sagði Jodenius.

Jakobsson hefur hins vegar opinberlega sagst alsaklaus af nokkurri vitneskju um málið og í gær sagðist lögmaður hans hafa tölvupóst undir höndum sem sannaði sakleysi skjólstæðings síns. Í tölvupóstinum, sem dagsettur er 15. mars, bannar Jakobsson Jodeniusi að brjótast inn á vefsíðu jafnaðarmanna.

Framkvæmdastjóri Þjóðarflokksins sagði af sér eftir að upp komst um málið og fóru fjölmargir fram á að Leijonborg gerði hið sama. Jodenius, sem hafði starfað sem fjölmiðlafulltrúi ungliðahreyfingar flokksins, tók á sig alla ábyrgðina og var rekinn úr starfi.

Málið komst í fjölmiðla eftir að jafnaðarmenn lögðu fram kæru skömmu fyrir kosningar, en ljóst þykir að þeir hafi haft sannanir fyrir þeim í mars.

Lögreglurannsókn stendur enn yfir á málinu. **smk@frettabladid.is**



**NJÓSNIR STJÓRNMÁLAFLOKKA** Lars Lejonbborg, leiðtogi Þjóðarflokksins sænska, (t.v.) og fyrrum ritari flokksins, Johan Jakobsson, halda því stöðugt fram að þeim hafi verið algjörlega ókunnugt um njósnir ungs flokksfélaga, sem braust inn á vefsíðu Sænska jafnaðarmannaflokksins fyrir kosningar. Lejonborg segist þó hafa boðið piltinum utanlandsferð, en segir hana ekki hafa verið mútur. NORDICPHOTOS/AFP

## GÆLUDÝR

### Hættulegur hundur

Bolabítur reif sig lausan í Austur-Þýskalandi á mánudag og réðst á tíu ára gamlan dreng sem var á reiðhjóli. Pilturinn er nú á gjörgæslu.

## SPÁNN

### Prinsessa með barni

Letizia prinsessa, eiginkona Filippusar, krónprins Spánar, er barnshafandi og á von á sér í byrjun maí. Þetta tilkynnti spænska hirðin á mánudag. Hjónin eignuðust fyrsta barn sitt, dótturina Leonóru, í október í fyrra.

## BRETLAND

### Lyf gegn skorpulifur

Breskir vísindamenn telja að lyfið Sulphasalazine kunni að vinna gegn bandvefsmyndun í lifur sem í daglegu máli er kölluð skorpulifur og hefur hingað til verið talin ólæknanleg.




# Síðasti séns!

Sprengidögum Bílaþings lýkur með Miklahvelli.
Við sprengjum verðið niður úr öllu valdi. Nú er tækifærið til að ná sér í draumabílinn.

## SPRENGIDAGAR

Lægra verð – 100% lán

**Renault Laguna**
Skráður 12/97 ekinn 112.000 km
áður 490.000 kr. nú **290.000** kr.
eða 16.341 kr. í 18 mán.*

**Ford Escape**
Skráður 3/04 ekinn 44.000 km
áður 2.490.000 kr. nú **2.090.000** kr.
eða 32.597 kr. í 72 mán.*

**Mitsubishi Pajero Sport 3,0**
Skráður 6/04 ekinn 64.000 km
áður 2.320.000 kr. nú **1.750.000** kr.
eða 32.144 kr. í 60 mán.*

**Toyota Corolla**
Skráður 10/98 ekinn 110.000 km
áður 460.000 kr. nú **330.000** kr.
eða 14.114 kr. í 24 mán.*

**Kia Cerato**
Skráður 5/05 ekinn 41.000 km
áður 1.280.000 kr. nú **990.000** kr.
eða 13.494 kr. í 84 mán.*

**Ford Mondeo**
Skráður 2/01 ekinn 162.000 km
áður 850.000 kr. nú **490.000** kr.
eða 11.053 kr. í 48 mán.*

**Kia Opirus**
Skráður 10/05 ekinn 4.000 km
áður 2.990.000 kr. nú **2.490.000** kr.
eða 33.854 kr. í 84 mán.*

**Renault Megane Scenic RN**
Skráður 8/99 ekinn 79.000 km
áður 750.000 kr. nú **490.000** kr.
eða 14.392 kr. í 36 mán.*

**Nissan Terrano II Sport**
Skráður 11/03 ekinn 104.000 km
áður 2.290.000 kr. nú **1.850.000** kr.
eða 33.920 kr. í 60 mán.*

* M.v. 100% lán, SP-bílasamning (lántökugjald ekki innifalið), 3,7% vexti og erlenda myntkörfu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7293

**Opið í dag kl. 10–18 á Kletthálsi 11**

Einnig Sprengidagar hjá umboðsmönnum HEKLU
á Selfossi, Akureyri og í Reykjanesbæ
Lokað hjá Bílaþingi Laugavegi

HEKLA®
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*



**GANGA FERÐAMANNAIÐNAÐARINS** Stúlkan klæddist þessum litríka búningi í göngu til heiðurs ferðamannaiðnaðinum í Peking, höfuðborg Kína. Talið er að ferðamannastraumur til landsins aukist um átta prósent á árinu. NORDICPHOTOS/AFP

Ferð fyrrverandi forsætisráðherra Taílands þykir grunsamleg:

# Tók 114 ferðatöskur með í för

**TAÍLAND, AP** Talið er að fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, sem steypt var af stóli í valdaráni stjórnarhersins í síðustu viku, hafi ekki verið ókunnugt með öllu um það sem í vændum var. Óstaðfestar fregnir herma að Thaksin Shinawatra hafi farið með 58 stórar ferðatöskur með sér í ferð þá sem hann var í þegar valdaránið átti sér stað. Auk þess eiga 56 stórar ferðatöskur að hafa komið með annarri vél örfáum dögum fyrir valdaránið.

Thaksin fór fyrst til Finnlands og þaðan til New York, en talið er að hann sé nú staddur í Bretlandi, þar sem hann á eign.



**STAÐIÐ VÖRÐ** Líklegt þykir að herinn muni halda áfram völdum í Taílandi eftir valdarán hersins í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Finnsk yfirvöld höfðu enga heimild til að gera tollleit í vélum forsætisráðherrans, því Thaksin naut friðhelgi meðan á dvölinni í Helsinki stóð, kemur fram í finnska blaðinu Helsingin Sanomat.

Líklegt er að fyrrverandi hershöfðingi muni fylla í skarð Thaksins, kom fram í máli yfirmanna hersins í gær, en strax eftir valdaránið sagðist herinn ekki ætla að halda völdum lengi. Jafnframt var fjöldi almennra borgara skipaður í ráðgjafastöður í gær.

Þótt valdaráninu hafi verið fagnað mjög meðal Taílendinga, hafa vestræn ríki gagnrýnt það. **- smk**

Sendiherra skammaður:

# Norskir gyðingar ekki einir á báti

**NOREGUR** Norskir gyðingar hafa brugðist harkalega við ummælum Miryam Shomrats, sendiherra Ísraels í Noregi og á Íslandi, um að norska konungsfjölskyldan hafi ekki stutt gyðinga þegar skotið var á samkunduhús gyðinga í Osló nýverið.

Anne Sender, talskona norskra gyðinga, segir ótækt að sendiherra Ísraels geri sig að forsvarskonu norskra gyðinga. „Hún hefur sjálfsagt fullan rétt á sínum skoðunum, en hún getur ekki talað fyrir okkar hönd," segir Sender.

Shomrat bað Sender afsökunar í gærmorgun. **- smk**


Arctic Trucks jeppamiðstöð



Dagur Jónasson

*Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.*



Eyjólfur M. Teitsson

Notaðir og nýir jeppar

Allir jepparnir eru ástandsskoðaðir

*Arctic Trucks breyting.



Nissan Patrol GR Elegance - 3,0 dísel sjálfskiptur. 02/2006 ek. 14 þ. km. 35" AT-breyting* o.fl. Verð 5.700.000



MMC Pajero DID - 3,2 dísel sjálfsk. 03/2002 ek. 137 þ. km. 38" breyttur, vel útbúinn. Verð 5.290.000



Toyota Land Cruiser 90 VX - 3,4 bensín sjálfsk. 09/1998 ek. 112 þ. km. 38" breyttur, vel útbúinn. Verð 2.500.000



Toyota Land Cruiser LX - 3,0 dísel sjálfskiptur. 05/2005 ek. 67 þ. km. 8 manna. Verð 4.080.000



Toyota Land Cruiser LX - 3,0 dísel sjálfskiptur. 02/2005 ek. 79 þ. km. Verð 3.890.000



Toyota Land Cruiser 100 VX - 4,2 dísel sjálfskiptur. 11/1998 ek. 214 þ. km. Mjög fallegur bíll. Verð 2.950.000



MMC L 200 D/C - 2,5 dísel 5 gíra. 04/2004 ek. 71 þ. km. 38" breyttur. Verð 3.000.000



Toyota Land Cruiser LX - 3,0 dísel sjálfskiptur. 06/2005 ek. 67 þ. km. 8 manna. Verð 4.080.000



Toyota Land Cruiser 120 LX - 3,0 dísel sjálskiptur. 05/2006 ek. 1 þ. km Nýr bíll 38" breyttur. Verð 7.100.000

Vantar góða jeppa á skrá.
Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Kletthálsi.

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**BIFRÖST** Óánægja ríkir hjá starfsmönnum með stjórnarhætti og breytingar á skipulagi.

# Ólga meðal starfsfólks

**Næstum allir fastráðnir starfsmenn Háskólans á Bifröst samþykktu nýverið gagnrýna ályktun um stjórnarhætti og breytingar á skipulagi skólans.**

**BIFRÖST** Mikil ólga er á meðal starfsfólks Háskólans á Bifröst vegna stjórnarhátta æðstu manna og skipulagsbreytinga sem hafa átt sér stað innan skólans að undanförnu. Starfsmannafélag skólans samþykkti nýverið ályktun um að óska eftir fundi með stjórn skólans vegna þessa. Einungis þrír af 45 fundarmönnum lögðust gegn ályktuninni.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins beinist óánægjan fyrst og fremst að stjórnun skólans í rektorstíð Runólfs Ágústssonar. Hann þykir ekki hafa aðlagað stjórnunarstíl sinn nægilega vel að stækkun skólans, en Háskólinn á Bifröst hefur vaxið gífurlega síðan hann tók við. Stjórnarhættir Runólfs þóttu ganga mjög vel þegar verið var að byggja Bifröst upp sem fyrirtæki og skóla. Nú sé skólinn hins vegar af þeirri stærðargráðu að persónulegur stjórnunarstíll Runólfs virki ekki í þessu umhverfi og að þörf sé á faglegri og hlutlausari vinnubrögðum.

Sjálfur segist Runólfur ekki hafa fundið fyrir því að ólga starfsfólksins hafi beinst gegn sinni persónu. „Við erum að gera miklar skipulagsbreytingar í kjölfar stækkunar skólans. Slíkar breytingar hafa alltaf ólgu í för með sér. En ég upplifi þetta ekki þannig að þetta beinist gegn minni persónu."

Runólfur telur óánægjuna sprottna vegna sparnaðaraðgerða og breytinga á skipulagi skólans sem hafi átt sér stað að undanförnu en vildi ekki tjá sig um hvort að stjórnarhættir hans væru óviðeigandi. „Ég kem mjög lítið að daglegri stjórnun Bifrastar í dag. Mitt hlutverk er að vinna að stefnumótun og þróunarstarfi, ekki daglegri stjórnun skólans."

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður starfsmannafélags Háskólans á Bifröst, segir það ekki rétt að óánægjan snúist um sparnaðaraðgerðir og skipulagsbreytingar. Að hennar sögn snýst ályktunin fyrst of fremst um það hvernig ákvarðanir hafi verið teknar að undanförnu varðandi stjórnskipulag skólans og um ákveðnar reglugerðarbreytingar sem hafi fært akademíska móta frá kennurum. Bæði Runólfur og stjórnarformaður skólans eru staddir erlendis og því er búist við að fundur stjórnar og starfsmanna verði ekki haldinn fyrr en í næstu viku.

**thordur@frettabladid.is**






Starfsmenn borgarinnar:

# Vilja að árangur ákvarði laun

**KJARAMÁL** Um 86 prósent starfsmanna Reykjavíkurborgar eru ánægðir í starfi að því er fram kemur í viðhorfskönnun meðal starfsmanna borgarinnar.

Í könnuninni var spurt um atriði sem lúta að hæfni starfsmanna, stjórnarhætti og starfsumhverfi.

Í könnuninni kemur einnig fram að yfir níutíu prósent starfsmanna eru tilbúnir til að takast á við breyttar vinnuaðstæður og 85 prósent eru ánægðir með samskipti við næsta yfirmann. Þá telja yfir áttatíu prósent að taka eigi tillit til árangurs og frammistöðu við ákvörðun launa. **- hs**



RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00 - 17:00
sunnud. 11:00 - 17:00
RAFMAGNSVERKFÆRI
1290- BORVÉL 500W
3990- HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI
2995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V
1295- HLEÐSLUSKRÚFJÁRN
4995- HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V
5890- HÖGGBOR/BROTVÉL 850W
4995- BELTASLÍPIVÉL 900W
2290- HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM
2990- RAFMAGNSHEFILL
TILBOÐ!
990- HLEÐSLUBORVÉL 12V
1390- STINGSÖG 350W
1490- SLÍPIROKKUR 600W
9990- BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W
5850- FLÍSASÖG
12.900- KEÐJUSÖG RAFM.
2950- HJÓLSÖG 1400W
12.990- BÚTSÖG 2100W
RAFSTÖÐVAR
800W 19900-
2200W 34900-
5500W 59500-
1995- SLÍPIMÚS
995- JUÐARI
4995- BÚTSÖG 1300W
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

# Eldri borgarar 60+



**Byrjendur**

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 4. október á Akureyri og í Reykjavík.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

**Framhald I**

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word.
Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 5. október á Akureyri og í Reykjavík.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000







Þjóðþing Japana kaus nýjan forsætisráðherra í gær:

# Abe tekur við af Koizumi

**JAPAN, AP** Leiðtogaskipti urðu í Japan í gær þegar þjóðþing Japans kaus nýjan forsætisráðherra, Shinzo Abe, í stað Junichiro Koizumi. Í síðustu viku tók Abe við af Koizumi sem leiðtogi Frjálslynda demókrataflokksins.

Eitt af mikilvægustu verkunum sem bíða hans er að bæta samskiptin við nágrannaríki Japans í Asíu, ekki síst Kína og Suður-Kóreu, sem hafa tekið óstinnt upp heimsóknir Koizumis, fráfarandi forsætisráðherra, til Yasukuni-helgidómsins í Tókýó, þar sem fallinna japanskra hermanna er minnst, þar á meðal dæmdra stríðsglæpamanna.

Heimsóknir hans í þennan helgidóm hafa verið afar umdeildar, en á mánudag svaraði Koizumi þessari gagnrýni fullum hálsi og gagnrýndi sjálfur stjórnvöld í Kína og Suður-Kóreu fyrir láta þessar heimsóknir hans til Yasukuni eyðileggja samskipti ríkjanna.

Abe er þekktur fyrir að vera harður í horn að taka í utanríkismálum, en hann hefur lagt mikla áherslu á að efna til leiðtogafunda með bæði Kína og Suður-Kóreu hið fyrsta. Talið er að hann ætli að koma á breytingu á stjórnarskrá ríkisins þannig að Japanar geti gert árás á önnur ríki. - gb



**NÝIR FLOKKSLEIÐTOGAR** Shinzo Abe, fremst á myndinni, ásamt Hidenao Nakagawa, nýkjörnum framkvæmdastjóra Frjálslynda demókrataflokksins, og Yuya Niwa, formanni allsherjarráðs flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir:

# Í prófkjör Samfylkingarinnar

**STJÓRNMÁL Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir sækist eftir 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Bryndís Ísfold hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna og situr í framkvæmdastjórn flokksins. Hún var formaður Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík 2003. Bryndís Ísfold nemur nú viðskipta- og stjórnmálafræði við Háskóla Íslands en var áður kaupmaður á Laugavegi.** - bþs



**BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR**

# Ríkisábyrgð verður hætt

**Nýtt fjármögnunarkerfi íbúðalána verður sett á fót og ríkisábyrgð íbúðalána hætt til að auka jafnræði milli samkeppnisaðila á húsnæðislánamarkaði. Heildsölubanki verður ekki settur á fót.**

**ÍBÚÐALÁN** Ríkisstjórnin hefur falið Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra umboð til að vinna að útfærslu breytinga sem gera Íbúðalánasjóði kleift að setja á fót fjármögnunarkerfi, sérvarin skuldabréf, á heildsölustigi. Þau lán, sem Íbúðalánasjóður hefur þegar veitt, mynda þá afmarkað safn til að fjármagna frekari skuldabréfaútgáfu.

Sigurjón Örn Þórsson, formaður stýrihóps um hlutverk og aðkomu stjórnvalda að íbúðalánamarkaði, sagði að með þessu væri stefnt að því að afnema ríkisábyrgð íbúðalána og því væri verið að stíga stórt og mikilvægt skref í þá átt að styðja við samkeppni og auka jafnræði samkeppnisaðila á húsnæðismarkaði. Íbúðalánasjóður verði áfram til, en fjármögnuninni verði breytt. Vextir íbúðalána hækki ekki mikið. Íbúðalánasjóður fái sömu kjör og ríkissjóður á lánamarkaði þar sem nýja leiðin sé ígildi ríkisábyrgðar.

Stýrihópnum hafði verið falið að skipuleggja og sinna formlegu samráði við hagsmunaaðila, meðal annars bankana, um kosti og galla óbreytts fyrirkomulags Íbúðalánasjóðs og hugsanlega nýjar leiðir í aðkomu ríkisins að húsnæðismarkaðnum. Gert var ráð fyrir að starfshópurinn myndi fjalla um uppbyggingu nýs íbúðabanka, rekstrarform, fjármögnun og hvernig samskiptum hans og samstarfsaðila á markaðnum yrði hagað.

Starfshópurinn átti samráð við bankana en ekki náðist samkomulag þar sem það var ófrávíkjanleg krafa stjórnvalda að eignarhaldið yrði í eigu ríkisins, félagslegu hlutverki yrði haldið áfram og jafnrétti í búsetumálum tryggt auk gagnsæi í verðlagningu og samningssambandi heildsölubanka og lántakenda.



**GUÐJÓN RÚNARSSON** Framkvæmdastjóri SBV.



**MAGNÚS STEFÁNSSON** Félagsmálaráðherra.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, SBV, segir að SBV fagni lögum um varin skuldabréf eins og tíðkist erlendis og segir mikilvægt að íslenskur fjármálamarkaður sé ekki eftirbátur hvað það varðar. SBV sé hins vegar ósammála stefnu stýrihópsins. Tillögur hópsins hindri eðlilega samkeppni á íbúðalánamarkaði og beinist að frekari ríkisvæðingu á húsnæðislánamarkaði.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um Íbúðalánasjóð nú á haustþingi. Þá verður hafin smíði löggjafar um sérvarin skuldabréf. ghs@frettabladid.is


HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 5492

FORVARNARDAGURINN 2006

# TAKTU ÞÁTT!

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

Því lengur sem unglingar sniðganga áfengi því ólíklegra er að þeir ánetjist fíkniefnum. Hvert ár skiptir máli.

Verkefnið er styrkt af actavis hagur í heilsu

www.forvarnardagur.is




# Á móti sól & Dilana

á Broadway

Föstudagur, 29. september

**TÓNLEIKAR**
Kl. 20:00. UPPSELT!

Laugardagur, 30. september

**FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR**
Kl. 15:00, miðaverð 1500 kr. **Örfáir miðar eftir!**

**TÓNLEIKAR**
Kl. 19:00, miðaverð 2500 kr. **Örfáir miðar eftir!**

**STÓRDANSLEIKUR** UPPSELT!
Húsið opnar kl. 23:00.

Miðasala á Broadway og í síma 533 1100.

Síminn

TOYOTA



**FRÁ ÁRLEGRI VÍSUNDAHLAUPS-KEPPNI** Makepung-vísundahlaups-keppnin fór fram á eyjunni Balí á sunnudaginn. Þátt tóku 308 fagurskreyttir vísundar. NORDICPHOTOS/AFP

Varanleg lausn í málum Konukots næsta vor:

# Konukot með óbreyttu sniði

**VELFERÐARMÁL** Gert er ráð fyrir að Rauði Krossinn reki Konukot með óbreyttu sniði til næsta vors en þá verður varanlegu úrræði komið á. Þetta kom fram í samningsdrögum sem lögð voru fram á fundi velferðarráðs í gær.

Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, segir ráðið hafa ríkan vilja til að halda rekstrinum áfram.

Konukot, næturathvarf fyrir heimilislausar konur var tekið í notkun 10. desember 2004. Síðan þá hafa um sextíu konur dvalið í Konukoti um lengri eða skemmri tíma en sex konur hafa gist þar í yfir hundrað nætur. Um tíu konur hafa gist í athvarfinu að meðaltali í hverjum mánuði.

Fram til þessa hafa Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekið Konukot.

Fyrst í stað var Konukot opið frá átta á kvöldin og fram á morgun en í desember 2005 var ákveðið að Konukot yrði opið allan sólarhringinn.

Þann 31. maí í vor var aftur ákveðið að loka Konukoti á daginn. Það var mat þáverandi formanns velferðarráðs, Bjarkar Vilhelmsdóttir, að ástæðulaust væri að hafa athvarfið opið að deginum yfir sumarið. - hs



**KONUKOT** Það verður rekið með óbreyttu sniði til næsta vors en þá verður varanlegu úrræði komið á.

Fjárlaganefnd Alþingis:

# Fjörutíu gestir á tveimur dögum

**STJÓRNMÁL Fulltrúar um fjörutíu sveitarstjórna, vítt og breitt af landinu, voru gestir fjárlaganefndar Alþingis í gær og fyrradag.**

**Fulltrúum sveitarfélaganna gefst jafnan færi á að hitta fjárlaganefnd að máli í aðdraganda þess að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar er lagt fram en það verður gert á þriðjudag.**

**Erindi sveitarstjórnarmannanna eru af ýmsum toga; sumir vilja tala um samgöngumannvirki og heilbrigðis- og menningarstofnanir en aðrir upplýsa um stöðu mála heima í héraði.** - bþs






**SADDAM HUSSEIN VER SIG** Saddam hefur þrívegis verið rekinn úr réttarsalnum eftir mótbárur og orðahnippingar við dómara.

# Farsakennd réttarhöld

## Verjendur sakborninga sniðganga málaferlin vegna afskipta stjórnvalda. Mannréttindasamtök hafa lýst yfir áhyggjum. Saddam Hussein rífst við dómarann.

**BAGDAD, AP** Réttarhöldum yfir Saddam Hussein hefur verið skotið á frest fram til 9. október, til að gefa honum og öðrum sakborningum kost á að ráðfæra sig við verjendur sína, eða finna sér nýja.

Lögfræðingar sakborninganna hafa ekki komið að réttarhöldunum í nokkra daga og hafa ákveðið að sniðganga þau með öllu, í mótmælaskyni við setningu nýs aðaldómara, en sá fyrri þótti vilhallur Hussein.

Verjendurnir telja ótækt að ríkisstjórnin geti látið reka dómara og segja það til marks um að réttarhöldin séu óréttlát. Bandaríska ríkisstjórnin velji dómarana, greiði þeim laun og verndi þá meðan á málaferlum stendur. Þeir séu því allt nema hlutlausir. Talsmaður bandarísku Mannréttindavaktarinnar hefur einnig lýst yfir áhyggjum af framvindu málaferlanna, í ljósi afskipta írösku stjórnarinnar.

Eftir að nýr dómari var settur hafa málaferlin gerst æ farsakenndari. Í gær var Hussein rekinn úr réttarsalnum, í þriðja skipti á einni viku. Tvo daga í röð hafði dómarinn brugðið á það ráð að minna Hussein á hver væri í hlutverki dómarans og hver væri sakborningur. Eftir orðaskipti þeirra á mánudag, krafðist Hussein að fá að yfirgefa salinn. Dómari ákvað þá að reka sakborninginn út. Saddam kvaddi með bros á vör. - kóþ






Ný tillaga um Kristjaníu:

## Allir íbúar greiði leigu

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Danska ríkisstjórnin vill að íbúar fríríkisins Kristjaníu greiði leigu en þeir greiða nú fast gjald fyrir þjónustu borgarinnar. Áætlun þessa efnis var kynnt í gær. Húsnæðisstofnun verður komið á laggirnar og fer hún með eignarhald bygginga í hverfinu. Íbúar missa stjórn á svæðinu því nýja stofnunin mun ákveða hverjir megi setjast að í hverfinu, en ekki íbúaráð Kristjaníu. Að auki er ráðgert að byggja um 200 nýjar íbúðir á svæðinu.

Kristjanía er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna sem heimsækja Kaupmannahöfn. - kóþ

Anna Sigríður Guðnadóttir:

## Í prófkjör Samfylkingarinnar



ANNA SIGRÍÐUR GUÐNADÓTTIR

**STJÓRNMÁL Anna Sigríður Guðnadóttir, varabæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, sækist eftir 4.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi. Anna Sigríður er bókasafns- og upplýsingafulltrúi að mennt og vinnur sem aðstoðarforstöðumaður Bókasafns og upplýsingamiðstöðvar Landspítalans. Anna Sigríður situr í fræðslunefnd Mosfellsbæjar og heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðisins.** - bþs

Gylfi Þorkelsson:

## Í prófkjör Samfylkingarinnar



GYLFI ÞORKELSSON

**STJÓRNMÁL** Gylfi Þorkelsson, framhaldsskólakennari á Selfossi, sækist eftir 4.-6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.

Gylfi hefur kennt í grunn- og framhaldsskólum á Suðurlandi og Suðurnesjum frá 1983. Áður vann hann meðal annars við ferðaþjónustu, blaðamennsku, landbúnað og í lögreglunni. Gylfi er í bæjarstjórn Árborgar. - bþs

HÉRAÐSDÓMUR

### Tekinn með amfetamín

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir fíkniefnamisferli. Maðurinn var tekinn tvívegis með amfetamín og hass. Sýslumaðurinn í Keflavík krefst refsingar yfir manninum.







## „ORÐRÉTT"

*Þjóðhyggja sundrar þjóðinni*

**„Menn hafa velt fyrir sér hvað þjóðhyggja þýðir. Þú kynntir það til íslenskrar stjórnmálasögu. Getur það verið að þjóðhyggja sé að sundra þjóðinni?"**

RÓBERT MARSHALL ÚTIVISTARMAÐUR Í OPNU BRÉFI SÍNU TIL IÐNAÐARRÁÐHERRA.

*Vill að flokkurinn haldi með öllum*

**„Við getum ekki bara haldið með verkafólki, við verðum að halda með fyrirtækjunum líka."**

GORDON BROWN, FORMANNSEFNI VERKAMANNAFLOKKSINS Í BRETLANDI, Í STEFNURÆÐU SINNI Á FLOKKSÞINGI HANS.

*nær og fjær*
**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ELVA BORG VALGERÐARDÓTTIR

# Borðaði ekki ösku á meðgöngunni



„Það er nú bara allt gott að frétta og helst það að ég ligg hér upp í rúmi með nítján daga gamla dóttur mína," segir Elva Borg Valgerðardóttir, sem var ein af stúlkunum sem tók þátt í Íslenska Bachelornum í fyrra á Skjá einum. Hún datt úr raunveruleikakeppninni en fann ástina í lífi sínu skömmu síðar. „Eða hann fann mig eiginlega, og ég vildi ekki sleppa," segir Elva. „Þetta er fyrsta barnið okkar og ekki það síðasta. Við erum búin að nefna hana Írisi Helenu Ólafsdóttur, en ætlum ekki að skíra."

Elva segir lífsreynsluna á meðgöngunni og fæðingunni hafi verið svipuð og hún bjóst við. „Ég var reyndar alltaf að búast við að fá eitthvað skrítið æði á meðgöngunni, eins og að borða ösku eða eitthvað, en ég slapp alveg við það." Elva er í fæðingarorlofi fram í febrúar. Hún var síðast að vinna á elliheimili: „Ég fer nú ekki þangað aftur. Það var alveg skemmtilegt, þannig, en bara svo illa borgað."

Elva segist ekkert finna fyrir því að hafa verið í Bachelornum: „Ég sé ekki eftir neinu en ég færi samt ekki aftur ef ég væri í aðstöðu til og fengi annað tækifæri."

**MISSKILNINGUR: ÍSLENSK LÉN**

*Íslenskir bókstafir eru ekki leyfilegir í lénum á internetinu. Þetta getur stundum valdið misskilningi. Sá sem er að leita að fallegri útidyrahurð finnur t.d. engar hurðir á dyrarikid.is eða dyr.is, og sá sem er einmana og vantar vin lendir í óheppilegum félagsskap með Bakkusi á vin.is. Óheppilegasta lénið er þó líklega hjá Suzuki umboðinu. Það er varla góð markaðsfræði að gefa í skin að bílarnir séu alltaf að bila eins og má skilja á léninu: suzukibilar.is.*

SUZUKI

## SJÓNARHÓLL
ÍSLENSK LEYNIÞJÓNUSTA

# Frekar gróft ef satt er



ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON, LADDI

„Mér finnst það nú frekar gróft ef þetta er satt að hér hafi verið njósnað um menn árum saman án allra leyfa," segir Þórhallur Sigurðsson, Laddi, sem eins og frægt er flutti lagið um Jón Spæjó á árum áður. „Svo segjast menn ekkert vita af þessu, eins og t.d. Steingrímur Hermannsson. Mér finnst það nú mjög einkennilegt ef æðstu ráðamenn vissu ekkert af þessu."

Ladda finnst ekki ólíklegt að í miðri kommúnistahræðslunni hafi eitthvað verið um njósnir. „Ég heyrði viðtal við Birnu Þórðar og hún sagði að fólk hefði haft grun um þetta og frekar hist til að ræða málin en að gera það í gegnum síma." Hvað með nútímann? „Mér finnst að einhver deild ætti að fylgjast með fólki vegna hugsanlegs eiturlyfjasmygls eða hryðjuverka, en sú deild á náttúrlega að hafa tilskilin leyfi en á ekki bara að valsa um og njósna um hvern sem er. Annars finnst mér hryðjuverkaógnin ekki mikil hérna, en eiturlyfjaógnin er staðreynd og hana þarf að uppræta eins og kakkalakka."



TRAILERINN, STURLA OG GRAFAN Brjálað að gera enda mikil uppbygging í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Fullt af liði sem á Porsche en enginn sem á svona

**Sturla Jónsson hjá Smágröfuleigunni á án efa flottasta trailer landsins. Hann sérpantaði bílinn frá Ameríku og lætur hann nú þræla í malarflutningum á Krýsuvíkurveginum. Trailerinn nýtist líka fjölskyldunni sem fór á honum til Akureyrar í sumar.**

„Ég var að þvælast með frænda mínum í Ameríku á síðasta ári og þá kviknaði hugmyndin að fá mér svona bíl," segir Sturla Jónsson, eigandi flottasta trailers landsins. „Mér fannst þessir bílar alltaf töff. Það er fullt af fólki hérna sem á Porsche og Hummer og svoleiðis drasl, en enginn sem á svona svo ég ákvað bara að kýla á það. Þeir hjá Brimborg voru með eitthvað rugl um að hann stæðist ekki íslenskar mengunarkröfur en svo flutti ég hann bara sjálfur inn og það reyndist ekkert vesen."

Trailerinn er frá Volvo og Sturla segir að hann hafi þurft að velja allt í bílinn. „Þú færð bara grindina og stýrið og þarft að x-a við restina." Sturla valdi m.a. 565 hestafla 15 l Cummins vél og 600 hestafla Jake-brake mótorbremsu. „Bíllinn kostaði níu milljónir á götuna. Hann er 4,9 metrar á milli öxla og 9.3 tonn tilbúinn í vinnu. Hann er búinn að vera í stanslausri vinnu síðan ég fékk hann fyrir rúmlega ári, enda brjálað að gera." Sturla vinnur sjálfur á gröfu þessa dagana og er með Davíð Fannar Eyjólfsson á trailernum. „Það er náttúrlega helvíti fúlt að geta ekki keyrt hann sjálfur, en það er bara ekki til nóg af gröfumönnum."



STURLA OG DAVÍÐ FANNAR Í TRAILERNUM Fjórir geta auðveldlega sofið í bílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Fyrir utan að vera í malarflutningum á nýja iðnaðarsvæðinu í Hafnarfirði hefur Sturla keyrt með fisk til Akureyrar. „Þá var heildarþunginn 49 tonn en samt hélt ég 70 km meðalhraða."

Bíllinn vekur gríðarlega athygli. „Fyrst þegar ég var á honum komu stundum blossar þegar ég stoppaði á rauðu ljósi. Ég skildi ekkert í þessu en svo fattaði ég að þetta var fólk í bílunum í kring að taka myndir. Svo hafa örugglega hátt í þrjú hundruð manns fengið að koma upp í bílinn til að skoða."

Trailerinn er ekki síður glæsilegur að innan en utan. „Það er ísskápur í honum og efri og neðri kojur," segir Sturla. „Ég fór með fjölskyldunni á Bíladaga á Akureyri í sumar og við sváfum leikandi fjögur í honum. Það var fjandi gott. Þarna á bíladögunum voru menn að þenja sig á Impreza og einhverju útúrtjúnuðu smádóti, en þeir komu allir hlaupandi til að skoða Volvinn þegar ég mætti á svæðið."

Sturla mælir hiklaust með svona bílum. „Menn ættu að skoða þessa amerísku trailera frekar en þá evrópsku sem allir eru á hérna. Þessi var ódýrari en sambærilegur evrópskur bíll og það er mun hagstæðari rekstur á þessu. Hann er eyðslugrennri, ég hef komist minnst niður í 38 l á hundraðið, en að meðaltali er hann að eyða þetta 41, 42 lítrum. Það er um átta til tíu lítrum minna en gengur og gerist."

gunnarh@frettabladid.is

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK

**NÁM Í DANMÖRKU**

***Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.***

***Í boði er:***

**Á ensku og dönsku**

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

**Á ensku**

- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

**Á dönsku**

- Véltækni
- Véltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði



Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður í Reykjavík á biluni 27.september - 7.október 2006.
Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Johan Eli Ellendersen, með því að hringja beint í Johan í síma í 845 8715.

UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. OESTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5803
EMAIL: CVU@VITUSBERING.DK

**www.vitusbeing.dk**

# Betri vextir á yfirdrætti fyrir alla

**Vertu viss um að þú sért að fá bestu vextina!**

**Sæktu um...**

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**Sætún 1 • Sími 533 2424**

EINN TVEIR OG ÞRÍR 312.133

## Svona erum við

> Innflutningur á úrum og klukkum




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: HÚSTÖKUFÓLK

# *Þjófar eða þjóðþrifafólk?*

Eftir óeirðirnar á Norðurbrú í Kaupmannahöfn hefur orðið „hústökufólk“ verið nokkuð í umræðunni. Íslenska orðið er afar gagnsætt og skýrt, en hefur á sér fremur neikvæðan blæ. Í einni enskri orðabók er það þýtt sem „squatter“, sem er til dæmis heiti á þeim sem settust að á óbyggðu landi í Ástralíu á 19. öld. Ágætt væri því að rifja upp sögu þessara hugtaka.




**Hver er munurinn á landtökumanni og landnámsmanni?**

Landnámsmaður nemur land fyrstur manna eða í umboði ríkisstjórnar. Landtökumaður sest hins vegar að á landi sem þá þegar er í einkaeigu, en enginn nýtir. Landrán, líkt og á hernumdum svæðum Palestínu, fellur utan þessarar umræðu. Stundum vinnur landtökufólk sér inn hefðarrétt til landsetu, ef yfirvöld sjá sér hag í því. Þetta gerðist í Ástralíu, þar sem landtökufólkið gerðist stór hluti hagkerfisins.

**En er hústökufólk ekki bara ónytjungar?**

Oft kann svo að virðast, sérstaklega þegar fólkið er atvinnulaust óreglufólk. Með hústöku er samt sem áður verið að nýta verðmæti, sem annars stæðu engum til gagns. Einnig er á stundum ráðist í hústöku af hugsjónarástæðum og hús að hruni komin endurnýtt í þágu almennings.

**Hví eru hústökur svo almennar í Danmörku?**

Fríríkið Kristjanía, sem er þjóðfélagstilraun sem vakti athygli um víða veröld, var sett á laggirnar með hústöku. Kristjanía var áður hverfi ónýttra herskála í miðborg Kaupmannahafnar. Hippar bjuggu þar til nýtt samfélag og þótt nágrannar þeirra hafi sjaldnast verið upprifnir yfir uppátækinu, voru íbúar Kristjaníu stoltir af þegnskapnum. Í ljósi velgengni þeirrar hústöku hefur hugmyndafræðin notið nokkurs fylgi meðal Dana í róttækari kantinum.

## SPURT & SVARAÐ
FORVARNIR GEGN BRUNASLYSUM

### *Börn í hættu*



HERDÍS STORGAARD FORSTÖÐUMAÐUR

Samningur um forvarnarsamstarf gegn brunaslysum af völdum heits vatns var undirritaður á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Sjóvá Forvarnahúss um helgina. Herdís Storgaard, forstöðumaður forvarnahússins, leiðir verkefnið.

**Hversu algeng eru brunaslys af völdum heits vatns?**

„Þetta eru einhverjir tugir slysa á ári hverju, allt frá því að vera minni háttar brunasár, sem hægt er að meðhöndla með umbúðum eða annarri meðferð, til lífshættulegra bruna. Þá eru tuttugu til þrjátíu prósent líkamans eða meira brennd. Börn eru mestri hættu en það eru aðrir hópar líka, til dæmis aldraðir og einstaklingar sem búa við fötlun af ýmsu tagi.“

**Hvernig er hægt að koma í veg fyrir þessi alvarlegu slys?**

„Fyrst og fremst að kynna fyrir fólki þá tækni sem til er í dag. Ýmsar tæknilausnir eru til og liður í átakinu er einmitt að koma þessum upplýsingum út til almennings og til fagaðila sem vinna við uppsetningu á lögnum og öðru slíku.“

# Vatnsöflun í Hálslón að hefjast

**Á morgun verður byrjað að safna vatni í Hálslón, uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunar. Á einu ári verður lónið orðið fullt af jökulvatni en afhending raforku fyrir álver Alcoa á Reyðarfirði er áætluð næsta vor.**




**HORFT YFIR HÁLSLÓN** Svona er áætlað að lónið líti út þegar það er orðið fullt að ári liðnu, en þá mun það þekja 57 ferkílómetra.
FRÉTTABLAÐIÐ/LANDSVIRKJUN

Vatnssöfnun í Hálslón hefst á morgun og standa framkvæmdirnar við Kárahnjúka, þær umfangsmestu í Íslandssögunni, því á tímamótum.

Hálslón, sem myndað er með þremur stíflum, Sauðárstíflu, Kárahnjúkastíflu og Desjárstíflu, verður 57 ferkílómetrar að stærð.

Dýpst verður það 180 metra djúpt, uppi við Kárahnjúkastíflu, en hún er stærsta stíflan af þeim þremur sem mynda Hálslón með stíflun áa er renna úr Brúarjökli, rúmlega 190 metra há og 800 metra breið.

Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar er gert ráð fyrir um 50 sentímetra vatnsborðshækkun að meðaltali á degi hverjum á næsta ári, þangað til vatnsmagnið hefur náð hámarki eftir um eitt ár.

**Stíflurnar tæknimannvirki**

Frá og með vormánuðum næsta árs verður hægt að stýra fyllingu lónsins með því að beita loku í botnrás lónfyllingar og hægja þannig á innrennsli. Þetta er gert til þess að geta stýrt vatnsumferð og til þess að jafna álag á vélar og mannvirki, og þannig auka öryggi.

Reiknað er með því að vatnshæð lónsins verði rúmlega 550 metrar yfir sjávarmáli í upphafi næsta árs en vatnshæðin nær hámarki í október í næsta ári og verður þá, ef allt gengur eftir, rúmlega 620 metrar. Lágmarkshæð vatnsborðs við almennan rekstur á virkjuninni þarf að vera um 575 metrar.

Hraði hækkunar á vatnsborðinu verður mestur á fyrstu vikum og mánuðum eftir að vatnsöfnunin hefst.

Aurburður í jökulvatninu, sem myndar Hálslón, er gríðarlegur en talið er að lónið muni fyllast af aur á um 400 árum, miðað við framburð sem nú er fyrir hendi.

Upphaf vatnssöfnunar í Hálslón markar kaflaskil í framgangi stærstu framkvæmda sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Mannvirkjagerð er langt komin en áætlað er að síðasti hluti vinnu við steypukápuna utan á Kárahnjúkastíflu ljúki innan skamms tíma.

**Umdeildasti hluti framkvæmdanna**

Framkvæmdirnar við Kárahnjúka eru ekki einungis þær stærstu í Íslandssögunni heldur einnig þær umdeildustu. Allt frá fyrstu hugmyndum um framkvæmdirnar hefur andstaða við þær verið mikil.

Efasemdaraddir vegna virkjanaframkvæmdanna, og þá sérstaklega vegna áhrifa Hálslóns, hafa ekki allar einskorðast við náttúruverndarsjónarmið og umræðu um of miklar landfórnir.

Jarðfræðingar hafa gagnrýnt rannsóknir á hugsanlegum áhrifum vatnsþrýstings á sprungur í Hálslóni, en eins og greint var frá í Fréttablaðinu í lok júlí fyrr á þessu ári fundu jarðfræðingarnir Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson virkar sprungur í væntanlegum botni lónsins árið 2004 og 2005.



**KÁRAHNJÚKASTÍFLA** Opinu til vinstri verður lokað á fimmtudag þegar vatnssöfnun hefst. Til hægri eru hjárennslisgöng sem voru notuð fyrr á framkvæmdatímanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir nána skoðun á sprungunum, og hugsanlegri gliðnun þeirra og þar með of miklum leka, töldu forsvarsmenn Landsvirkjunar óþarft að hafa áhyggjur af sprungunum, þar sem þær liggi skáhallt í berginu sem útiloki að þær geti gliðnað svo mikið að þær valdi of miklum leka, sem síðan dragi úr afkastagetu virkjunarinnar.

**Þriðja stærsta stöðuvatn Íslands**

Eftir að Hálslón hefur myndast að fullu, það er seint á næsta ári, verður orðið til þriðja stærsta stöðuvatn Íslands. Þórisvatn og Þingvallavatn eru töluvert mikið stærri, eða rúmlega 80 ferkílómetrar að stærð.

Hálslón verður þó án vafa stærsta manngerða stöðuvatnið og eitt það vatnsmesta.



**AÐALVATNSINNTAKIÐ** Um þessi göng mun virkjunin fá mest af vatnsmagni sínu. Jeppinn ber við svartar grindur sem eiga að sía aðskotahluti úr vatninu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

**þvottavél** og **þurrkari** með íslenskum merkingum






ALGJÖR KJARAKAUP!

SIEMENS
**Þvottavél**, WM 12E460SN
Ný vél með íslensku stjórnborði, 1200 snúninga, tekur 6 kg. Fjöldi þvottakerfa, auðveld í notkun.

Tækifærisverð
**69.900 kr. stgr.**

SIEMENS
**Þurrkari**, WT 44E100SK
Með íslensku stjórnborði, tekur 6 kg. Barkalaus. Fjöldi þurrkunarkerfa.

Tækifærisverð
**68.900 kr. stgr.**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4
Sími 520 3000

Skoðið öll tilboðin á
www.sminor.is

Verið ávallt velkomin í heimsókn

HVÍTLAUKSBRAUÐ/KRYDDSMJÖRSBRAUÐ 2x 175g

Bónus býður betur!

HVÍTLAUKSBRAUÐ/KRYDDBRAUÐ
98 KR.
350g

Ferskt ungnautahakk

FERSKAR KJÖTVÖRUR

UNGNAUTAHAKK
899 KR.
KÍLÓVERÐ

bonus.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR

SVÍNABUFF Í RASPI
199 KR.
4 STK.

4 svínabuff í raspi

Indversk sósa
159 KR.
Þyngd: 475g

ROGAN JOSH · SWEET N SOUR · KORMA · MADRAS

FRÁBÆRT Í RÉTTINA

Mild sætsúr sósa með grænmeti * Millikrydduð karrýsósa með tómötum og lauk
"Heit" karrýsósa með ostakúmeni og hvítlauk * Rjóma karrýsósa með jógúrti og mildum kryddum

EKKERT BRUÐL

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki

STEINBÍTUR
roð- og beinlaus

SJÓFRYST ÝSA
kílóverð nú:
599 KR.
Merkt verð 799 KR.

25% afsláttur við kassann

Kjarna smjörlíki

KJARNA SMJÖRLÍKI
79 KR.
500g

500g

STEINBÍTUR
kílóverð nú:
599 KR.
Merkt verð 799 KR.

SJÓFRYST
roðlaus ýsa

Kjúklinga bringur
frosnar danskar
900g

1 KÍLÓ
26 sneiðar

EKKERT BRUÐL

Bónus eplakaka

Rúsínur 250g

LION RAISINS

RÚSÍNUR 250g
49 KR.

BÓNUS EPLAKAKA
198 KR.
400g

KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN

Kornbrauð

SNEIDDUR 17%
kílóverð nú:
930 KR.
Merkt verð 1163 KR.

20% afsláttur við kassann

GOUDA 17%

OSTA sneiðar

17% Gouda sneiðar

www.bonus.is

ERAN/Landlist

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stutt hjáleið í varnarmálum á enda:

## Aftur á þjóðvegi eitt

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Mála sannast er að nú eru þáttaskil í varnar- og öryggismálum landsins. Varnarlið Bandarkjanna er farið af vettvangi. Varnarsamningurinn stendur þar á móti með nýjum pólitískum markmiðsyfirlýsingum og viðfangsefnum í samræmi við breyttar aðstæður.

Samhliða hefur verið gengið frá samkomulagi um viðskilnað Varnarliðsins. Í því samhengi hafa tvö atriði mikilvægi umfram önnur. Annað lýtur að því að tekið verði á hugsanlegri mengun á varnarsvæðinu samkvæmt þeim kröfum sem almennt eru gerðar í þeim efnum.

Hitt málið snýst um að koma eignum Varnarliðsins í not. Þar þarf fyrst og fremst að því að hyggja að ákvarðanir verði teknar á markaðsforsendum en ekki á grundvelli pólitískrar gæsku einnar saman.

Skýr varnarstefna til að tryggja langtíma öryggishagsmuni þjóðarinnar er eftir sem áður kjarni þessa máls. Varnarsamningurinn við Bandaríkin gegnir enn lykilhlutverki í því efni. Það hefði verið óábyrgt æði að segja honum upp.

Varðandi þessi mál öll hefur það mikið gildi að tekist hefur samkomulag um formlegan farveg til þess að þróa pólitískt og tæknilegt samráð um framkvæmd varnarsamningsins. Ríkjandi aðstæður sýnast hins vegar ekki kalla á meiri varnarviðbúnað en þær viðbragðsáætlanir sem nú er gert ráð fyrir.

Atlantshafsbandalagið er að styrkleika ekki svipur hjá sjón miðað við það sem áður var. En hvað sem því líður er aðildin að því með gagnkvæmum varnarskuldbindingum einnig nauðsynleg og reyndar óhjákvæmilegur þáttur í heildarmyndinni.

Innan vébanda Atlantshafsbandalagsins er aukheldur rétt að þróa, eftir því sem föng eru á, samvinnu einkum með þeim þjóðum sem mestra hagsmuna eiga að gæta á Norður-Atlantshafinu.

Í meira en hálfa öld höfum við borið gæfu til að fylgja yfirvegaðri og raunsærri stefnu í varnar- og öryggismálum. Þar hafa ríkjandi aðstæður og langtímahagsmunir ráðið skynsamlegri vegferð.

Segja má að aðeins tvisvar á öllum þessum tíma hafi vinstri ríkisstjórnir farið með varnarmálin í hreinar vegvillur. En ákvarðanir þeirra um uppsögn varnarsamningsins fóru út um þúfur. Og loks fór næstliðin borgaraleg ríkisstjórn út á hjáleið í þessu viðliti með hótun um uppsögn ef ekki yrði orðið við fullkomlega óraunhæfum og órökstuddum kröfum.

Þessar tvær vegvillur og eina hjáleiðartilraun rýrðu vissulega trúverðugleika okkar á þessu sviði, en aðeins um skamman tíma. Við erum nú aftur á þjóðvegi eitt í varnarmálum.

Samkomulagið sem gert hefur verið við Bandaríkin bendir ótvírætt til að raunsæ og trúverðug langtímasjónarmið hafi ráðið för.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Góð endurnýjun

Vinstri grænir í Reykjavík héldu aðalfund í fyrrakvöld. Á fundinum var Hermann Valsson, kennari og varaborgarfulltrúi, kjörinn nýr formaður félagsins og tók hann við af Þorleifi Gunnlaugssyni, dúklagningarmeistara og varaborgarfulltrúa. Ásamt formanni var kjörin ný stjórn. Athygli vekur að Toshiki Toma, prestur innflytjenda, er á meðal nýrra stjórnarmanna. Það er jákvætt þegar menn, sem láta sig samfélagsmál varða, taka þá ákvörðun að blanda sér í pólitík. Aðrir í stjórn eru Elín Sigurðardóttir, Fida Abu Libdeh, Heimir Janusarson, Jóhann Björnsson og Sigríður Kristinsdóttir.



### Grenndarkynning

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, upplýsti í Kastljósi á mánudagskvöld að lækkun virðisaukaskatts á matvæli ætti að koma í staðinn fyrir tekjuskattslækkun launafólks. Árni Mathiesen var ánægður að fá það á hreint að Samfylkingin vildi fórna tekjuskattslækkun fyrir lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Og hann sagði bændur þurfa að borga fyrir þessa lækkun. Umhyggja Árna fyrir bændum kemur ekki á óvart í ljósi þess að hann sækist eftir fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi. Og hvar mun hann kynna fjárlagafrumvarpið eftir helgi? Jú, á Selfossi. Eins gott að þessi góði þingmaður bjóði sig ekki fram í Norðausturkjördæmi.



### Æpandi fjarvera

Þótt Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hafi verið löglega forfölluð þegar nýr varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna var kynntur er fjarvera hennar óneitanlega sérstök. Eitt af hennar fyrstu verkum sem utanríkisráðherra var að afsala sér forræði varnarsamningsins til forsætisráðherra en Geir H. Haarde annaðist málið meðan hann var í utanríkisráðuneytinu. Formaður Framsóknarflokksins, Jón Sigurðsson, kynnti svo samninginn ásamt Geir en það hefði að líkindum komið í hlut Valgerðar, ef hún væri ekki á þingi Sameinuðu þjóðanna í New York.

bjorn@frettabladid.is
bjorgvin@frettabladid.is

## Auðlindakapphlaupið



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í DAG | Náttúruvernd

Í síðustu viku kynnti þingflokkur Samfylkingarinnar tímamótatillögur um að styrkja stöðu umhverfis- og náttúruverndar á Íslandi. Meginatriði tillagnanna er að unnin verði „Rammaáætlun um náttúruvernd“ sem nái til allra náttúrusvæða landsins. Þar komi fram tillögur um skipan verndarsvæða og áætlun um það hvernig verndun þeirra skuli háttað. Tryggðar verði fjárveitingar til helstu grunnrannsókna á náttúrufari landsins á næstu misserum þannig að áætlunin geti legið fyrir á komandi kjörtímabili.

Rammaáætlunin tryggir að verðmætum náttúrusvæðum verði ekki spillt með óafturkræfum ákvörðunum um framkvæmdir sem teknar eru í fljótræði og að órannsökuðu máli. Má þá einu gilda hvort þar er um að ræða virkjanir, hálendisvegi, línulagnir eða önnur mannvirki. Með Rammaáætlun um náttúruvernd er í fyrsta skipti komin fram raunhæf leið til að leiða málefni náttúruverndar til lykta. Það er mikilvægt að við stígum það skref sem fyrst og nú er rétti tíminn.

### Fyrstur kemur, fyrstur fær

Einhver brögð hafa verið að því að fjölmiðlamenn hafi misskilið tillögurnar og þannig voru þær kallaðar „stefnumótun í stóriðjumálum“ í frétt á NFS á þriðjudaginn. Ástæðan fyrir þessu er sjálfsagt sú að Samfylkingin leggur til að ákvörðunum um stóriðju, og virkjanir henni tengdar, verði frestað meðan heildarsýn skortir í náttúruverndarmálum. Sú tillaga ein og sér getur ekki talist stefnumótun í stóriðjumálum. Þar þarf talsvert meira til. Þessi viðbrögð endurspegla engu að síður þá staðreynd að okkur Íslendingum er ekki tamt að tala um náttúruvernd nema sem hliðarbúgrein við stóriðju. Hún á m.ö.o. ekki sjálfstæðan tilverurétt.

Stefna íslenskra stjórnvalda í stóriðju- og auðlindamálum er sú að fyrstur kemur, fyrstur fær. Með breytingunum sem gerðar voru á raforkulögunum árið 2003 var blásið til samkeppni á raforkumarkaði og öllum er nú

*Fyrirtæki og sveitarfélög reyna að sjá til þess að þau heltist ekki úr leik í auðlindakapphlaupinu.*

frjálst að framleiða og selja raforku til þeirra sem hana vilja kaupa. Af því leiðir auðvitað að álfyrirtæki reyna að tryggja sér ódýra raforku meðan enn er svigrúm til þess, orkufyrirtækin reyna fyrir sitt leyti að tryggja sér hagkvæmustu virkjanakostina og sveitarfélög reyna að ná til sín stórfyrirtækjum sem skapa atvinnu og tekjur á svæðinu.

Þetta er ekkert óeðlilegt í því kapphlaupi sem nú stendur yfir um auðlindirnar. Fyrirtæki og sveitarfélög reyna auðvitað að sjá til þess að þau heltist ekki úr leik í hlaupinu. Afleiðingin er sú að nú eru í undirbúningi þrjú álver, í þremur sveitarfélögum með tilstuðlan a.m.k. þriggja orkufyrirtækja. Verði þau öll að veruleika á næstu árum getur það haft veruleg óafturkræf áhrif á vistkerfi og hagkerfi landsins.

### Ábyrgð í stjórnmálum

Það á auðvitað ekki að vera í höndum stóriðjufyrirtækja, orkufyrirtækja eða sveitarfélaga að móta auðlinda-, efnahags- eða náttúruverndarstefnu fyrir landið allt. Það eiga stjórnvöld að gera en þau hafa vanrækt þá skyldu sína. Þess vegna vísar iðnaðarráðherra nú ábyrgðinni yfir á sveitarfélögin og markaðinn. Samfylkingin vill axla þá ábyrgð sem fylgir starfi í stjórnmálum og bendir á þær leiðir sem þarf að fara til að ná skynsamlegum tökum á auðlindakapphlaupinu.

Samfylkingin kynnti tillögur sínar í náttúruverndarmálum á blaðamannafundinum í síðustu viku. Þær eru liður í því að ná tökum á auðlindakapphlaupinu. En það þarf fleira að koma til. Meðal þess sem Samfylkingin hefur áður bent á er nauðsyn þess að skilgreina í stjórnarskrá nýja tegund eignarréttar, þjóðareign, sem taki m.a. til auðlinda í þjóðlendum. Þá þarf jafnframt að setja skýrar reglur um úthlutun rannsóknar- og nýtingarleyfa á þessum auðlindum þar sem tryggt verði jafnræði fyrirtækja og að þjóðin njóti eðlilegs arðs af auðlindum sínum.

Samfylkingin hefur unnið heimavinnuna sína. Hún er tilbúin til að takast á við það vandasama verkefni að stýra stefnumótun þjóðarinnar í auðlinda- og náttúruverndarmálum.

*Höfundur er formaður Samfylkingarinnar.*

## Áskorun til formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

**Umræðan**

Réttindi fatlaðra barna



INGIBJÖRG G. GUÐRÚNARDÓTTIR

Deila ríkis og sveitarfélaga um það hver á að borga lengda viðveru fatlaðra barna 10-16 ára lítur þannig fyrir mér og minni fjölskyldu.

**Staðreyndir:**

Dóttir mín er í fimmta bekk, með hreyfi-og þroskahömlun og hún þarf aðstoð við allar athafnir daglegs lífs. Hún stundar nám í sínum heimaskóla og gengur mjög vel náms- og félagslega enda er námið sniðið að hennar hæfileikum og þörfum. Skólafélagar hennar eru vinir hennar og félagar og hún er fullgildur meðlimur í öllu skólasamfélaginu.

En þegar skóladegi lýkur á hún ekki val um tómstundir í félagsskap jafnaldra sinna sem hefur í för með sér félagslega einangrun. Undanfarna daga hefur hrúast inn alskonar tilboð frá íþróttafélögum, kirkjunni og tónlistarskólum svo eitthvað sé nefnt en svo virðist að ekki sé gert ráð fyrir því að sá sem velur sér eitthvað af þessum kostaboðum þurfi aðstoð við þátttöku í tilboðinu. Margbreytileiki mannlífsins gleymist og allir eiga að vera steyptir í sama mót virðist vera.

Ég er eina fyrirvinnan í minni fjölskyldu sem samanstendur af mér og börnunum mínum þremur. Það getur hver sem er lagt saman það reiknisdæmi og séð kostnaðinn við að reka fjölskyldu af þessari stærð og séð að það dugar ekki að vinna 80% vinnu en það er nefnilega raunin hjá mér.

En verst þykir mér að dóttir mín nýtur ekki sömu réttinda og önnur börn við tómstundaiðkun vegna þess að hún þarf aðstoð vegna fötlunar. Mismunun vegna fötlunar er íslensku þjóðfélagi til háborinnar skammar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, láttu það nú verða þitt síðasta verk sem formaður íslenskra sveitarfélaga að taka af skarið og láta fjármagn í þjónustu við þessi börn. Það væri í samræmi við stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar að gera fötluðum börnum í almennum grunnskólum kleift að taka þátt í tómstundatilboðum í sínum hverfum með jafnöldrum sínum.

*Höfundur er skattgreiðandi á Íslandi.*







allt


FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[NÁM BÍLAR FERÐIR]**

**Nýr kortavefur** um Ísland, www.map24.is, hefur verið opnaður. Þar verður hægt að fletta upp heimilisföngum, finna hótel og bóka gistingu og fá leiðarvísi á milli staða o.s.frv. Loftmyndir ehf. og MapSolute standa að vefnum sem verður öllum opinn. Nánar um opnun vefsins á www.ferdamalastofa.is.

**Niðurstöður** á rannsókn sem gerð var á íslenskri mannauðsstjórnun verða kynntar á morgunverðarfundi í dag kl. 08.30 í Háskólanum í Reykjavík og lýkur kl. 10.00. Hér er á ferð stærsta rannsókn af þessu tagi sem framkvæmd hefur verið á Íslandi. Ókeypis er á fundinn en sætafjöldi takmarkaður. Sjá www.hr.is.

**Nýr sýningarsalur** verður opnaður í húsakynnum Bílaþings Heklu á Laugavegi 174 í þessari viku. Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, www.hekla.is.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 27. september, 270. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.24 | 13.19 | 19.12 |
| Akureyri | 7.09 | 13.03 | 18.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Vilhjálmur hóf nám í myndlist fyrir fjórum árum með því að taka stök kvöldnámskeið. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Myndlist sem sjálfsrækt

***Vilhjálmur Þorsteinsson hefur síðustu ár verið að læra myndlist í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Hann mælir með skólanum fyrir alla.***

Vilhjálmur byrjaði fyrir fjórum árum að taka stök kvöldnámskeið í Myndlistaskólanum. „Ég tók þetta tiltölulega skipulega og byrjaði í teikningu 1 sem er svona grunnnámskeið í teikningu með blýanti og hélt svo áfram yfir í módelteikningu, litafræði, portrettteikningu og olíumálun,“ segir hann.

Síðasta vetur var Vilhjálmur í fullu námi í fornámsdeild Myndlistaskólans. „Í fornáminu lærum við meðal annars listasögu, alveg frá hellamálverkum til nútímans og vinnum skrifleg verkefni sem felast yfirleitt í því að fara á sýningu og skrifa um hana eða taka fyrir einhvern ákveðinn listamann. Við erum í skólanum alla daga frá níu til fjögur eða lengur og það er mjög gaman að vera í skólanum heilu dagana og vikurnar, niðursokkinn í það sem maður er að gera.“

Þeir sem fara í fornámið í Myndlistaskólanum geta fengið einingarnar metnar inn í framhaldsskóla. „Margir sem eru í fornáminu eru að undirbúa sig fyrir listaháskóla og eru að byggja upp möppu með verkum og æfa sig og þjálfa. Flestir sem voru með mér í bekk sóttu um í Listaháskólanum og komust nánast allir inn í hann í haust. Ég er á svolítið öðrum stað í lífinu og eldri en flestir sem voru með mér og var að taka þetta meira fyrir sjálfan mig sem svona sjálfsrækt.“

Vilhjálmur segist líka aðeins hafa verið að læra ljósmyndun og á photoshop í Myndlistaskólanum. „Ég hef eiginlega prófað allt sem skólinn hefur upp á að bjóða nema keramikið,“ segir hann og hlær. „Í skólanum er líka kennt umbrot og vídeógerð svo námskeiðin eru ansi fjölbreytt. Kennararnir eru mjög góðir en þeir eru yfirleitt starfandi listamenn og gaman að kynnast þeim.“

Í vetur ætlar Vilhjálmur að taka að minnsta kosti eitt námskeið í Myndlistaskólanum. „Ég er ekki alveg búinn að velja námskeið en það er líklegast að ég fari í einhverja olíumálun. Það er mjög gaman að vera í skólanum og virkilega góð reynsla sem ég get alveg mælt með fyrir þá sem hafa einhvern áhuga á þessu sviði,“ segir hann.

*emilia@frettabladid.is*

## Hamsturinn á batavegi

FRAMTÍÐ TOP GEAR ÞÁTTANNA EKKI LJÓS.

Richard Hammond, einn af stjórnendum bresku Top Gear bílaþáttanna, er loksins á batavegi. Hammond hlaut alvarlega höfuð- og heilaáverka fyrir viku þegar þotuhreyfilsbíll sem hann ók fór margar veltur eftir að dekk sprakk á um það bil 450 kílómetra hraða. Samkvæmt Jeremy Clarkson, sem kallar Hammond yfirleitt Hamstur, er hann smám saman að líkjast sjálfum sér og komst til meðvitundar rúmum sólarhring eftir slysið. Óvissu gætir þó með framhaldið þar sem höfuðáverkarnir gætu haft varanleg áhrif. Á sama tíma er framtíð Top Gear þáttanna óljós en ekkert verður ákveðið um næstu seríu fyrr en Hammond verður rólfær.



Hamsturinn er smám saman að líkjast sjálfum sér en er enn þungt haldinn.



**Bílastæði** eru víða af skornum skammti. Því er gott að vanda sig við lagninguna þar sem lítið þarf til að bíllinn taki tvö stæði.



VOLVO • FORD • MAZDA • TOYOTA
BH BÍLAVIÐGERÐIR BÍLHÚSIÐ
www.bilhusid.is
Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.
Smiðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi • Sími 557 2540 - 554 6350
CHRYSLER • JEEP • DODGE • SKODA

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

LAND-ROVER EIGENDUR
VIÐ HÖFUM FLESTA VARAHLUTI
FYRIR YKKUR Á LAGER
24 TÍMA ÞJÓNUSTA.
FYRIR LENGRA KOMNA
SELJUM VIÐ HINN FRÁBÆRA
SANTANA PS10
BSA
Varahlutir ehf
Smiðjuvegi 4 A
Kópavogi
Símar: 587-1280 849-5750

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# Bakterían er ólæknandi

***Erlendur Eyvindarson smitaðist af flugbakteríunni fyrir mörgum árum.***



Erlendur hefur nýlokið bæði atvinnuflugmanns- og flugkennaranámi og segir námið ekkert sérlega erfitt, en hins vegar stórskemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Erlendur ákvað loks að láta drauminn rætast, lærði flug og lauk flugkennaranámi fyrir skemmstu.

„Það var margt sem spilaði inn í. Bróðir minn tók sólóið á sínum tíma, ég bjó nánast við hliðina á flugvellinum á Selfossi þegar ég var yngri og vinnuveitandi minn á þeim tíma sem ég tók fyrstu tímana var flugmaður. Ég fékk líka að grípa í nokkrum sinnum og fannst það rosalega skemmtilegt. Allt varð þetta til þess að ég smitaðist af bakteríunni, og hún er ólæknandi,“ segir Erlendur.

„Ef menn taka þetta með trukki geta þeir klárað bóklega kaflann fyrir einkaflugmanninn á einu vori, og tekið svo verklega hlutann yfir sumarið. Veðrið á Íslandi er þannig að það er mikið betra að læra að fljúga á sumrin. Ég tók verklega hluta atvinnuflugmannsins yfir vetur og mæli ekki með því með tilliti til tíma en það er aftur á móti hinn ágætasti skóli í „óveðurfræði“.“

Bóklegi hlutinn af atvinnunáminu er yfir 1.000 tímar og verklegi hlutinn að lágmarki 25 tímar með kennara að viðbættum 40 tímum í flughermi. Að auki verður maður að hafa flogið að minnsta kosti 200 tíma samtals. Til viðbótar er flugkennaranámið um 155 bóklegir tímar og 30 verklegir.

Erlendur telur það ekki eftir sér að hafa stundað námið með fullri vinnu. „Þetta er ekki svo erfitt. Til dæmis er bóklegi parturinn mög skemmtilegt nám. Maður lærir margt sem hægt er að nota annars staðar en í fluginu, eins og vélfræði, áttavita, GPS og fleira,“ segir Erlendur.

En er ekki dýrt að læra að fljúga? „Jújú, en sumir kaupa sér pollabuxur og borga svo offjár fyrir að standa úti í á. Aðrir fara að fljúga.“

Flugkennsla er tilvalin leið fyrir flugmenn að safna upp í 500 tíma lágmarkið sem flest flugfélög setja sem skilyrði við atvinnuumsókn. „Það er ekkert taugastrekkjandi að stjórna tæki sem flýgur um loftið. Ef bílstjórar væru þjálfaðir jafn vel í að bregðast við neyðarástandi og flugmenn myndi bílslysum fækka umtalsvert,“ segir Erlendur. „Það er líka alltaf gott veður uppi ofar.“

En skyldi flugið ennþá vera jafnskemmtilegt eftir að alla þessa tíma í loftinu og allt þetta nám? „Það er mitt að vita og annarra að komast að,“ segir Erlendur kankvís að lokum.

*einareli@frettabladid.is*



Frá vinstri: Friðrik H. Friðriksson sölumaður hjá Toyota Kópavogi, Magnús Kristinsson, eigandi Toyota, Magnús Örn Guðmundsson, Sigrún Hjörleifsdóttir og Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi.

# Toyota númer 4.444

***Kaupendur fengu glaðning.***

Á dögunum afhenti Toyota Kópavogi 4.444. nýja bílinn sem seldur er á árinu en um var að ræða bíl af gerðinni Toyota Hilux Double Cab.

Það var Magnús Kristinsson, eigandi Toyota á Íslandi, sem afhenti bílinn en kaupendur voru þau Magnús Örn Guðmundsson og Sigrún Hjörleifsdóttir. Þeim hjónum var af þessu tilefni færður Toyota glaðningur og gjafabréf upp á flugferð fyrir tvo til Evrópu með Icelandair.

## HVAÐ ER... BEIN INNSPÝTING?

# Hámarksafköst og nýting

Það þykir ekkert tiltökumál í dag að eiga bíl með beinni innspýtingu en fram til ársins 1990 var það allt annað en sjálfgefið. Þó svo að beinar innspýtingar hafi þekkst alla tíð frá miðri síðustu öld er það ekki fyrr en kröfur um minni mengun og eyðslu urðu háværar undir lok aldarinnar að þær náðu almennri útbreiðslu.

Fyrir daga innspýtinga mötuðu blöndungar vélar á eldsneytisblönduðu lofti sem þær kveiktu svo í. Sú blanda þarf að vera rétt til að vélin gangi góðan gang, eða yfirhöfuð, og hægt var að stilla blöndungana handvirkt til að hafa áhrif á blönduna. Beinar innspýtingar eru hins vegar flóknari búnaður sem að megninu til stjórnast af skynjurum og rafboðum. Bregðum upp einfaldri mynd.

Þegar þú stígur á bensíngjöfina ertu í raun bara að opna fyrir loft inn á vélina. Loftgjöf væri því kannski réttara nafn. Vélatölvan „sér“ að búið er að opna loftinntakið og sendir boð eftir meira bensíni sem lendir í strokkunum á sama tíma og loftið. Hitti það ekki á réttan tíma hikstar vélin meðan blandan er óhagstæð.

Í blöndungsvélum er bensíninu blandað við loftið áður en það kemur inn í strokk en innspýtingabúnaðurinn er með sér bensíninnsprautunardælu inn í hvern strokk og sprautar bensínúða inn í hann, rétt hjá loftinntaki hans og oft á sekúndu ef þess gerist þörf. Þegar við bætist loftið sem þrýstist inn í vélina er blandan til.



Langflestar bílvélar í dag eru búnar beinni innspýtingu. Kosturinn við þær er sá breytileiki á eldsneytisnotkun sem þær bjóða upp á.

Meðal lykilskynjara í kerfinu, fyrir utan þann sem er við loftinntakið, er nemi sem skynjar loftflæði inn í vélina og annar sem mælir súrefni í útblæstri. Skilaboð frá þessum skynjurum hjálpa til við að fínstilla blönduna, sem er sitt á hvað sprautað inn í alla strokka samtímis, eða í hverjum strokki rétt áður en loftinntaksventillinn fyrir þann strokk opnast, eftir því hvernig innsprautun ræðir um.

Meðal annarra skynjara sem hjálpa vélinni að skila öllu sínu eru hitaskynjari fyrir vélina, spennuskynjari, þrýstingsskynjari í púststrein og skynjari sem nemur vélarhraðann. Allir hjálpa þeir til við að safna mikilvægum gögnum fyrir vélatölvuna sem matar strokkana svo á bensíni eftir því sem best á við hverju sinni, í stað þess að gefa alltaf sömu blönduna. Þannig nást hámarksafköst og nýtni við allar aðstæður.

# Nissan hugmynda-bílar í teiknimynd

***Þessir bílar rata ekki í framleiðslu en tæta upp götur framtíðarinnar í japanskri lögregluteiknimynd.***

Ef þú ert bílaframleiðandi og þarft að kynna nýja og flotta hugmyndabílinn þinn eru faldar auglýsingar ein besta leiðin til að fá umtal.

Ef Tom Cruise keyrir bílinn þinn í næstu mynd ertu í góðum málum. Hann gerði það fyrir Lexus í Minority Report, rétt eins og Will Smith gerði fyrir Audi í I Robot og Angelina Jolie fyrir Land Rover í Tomb Raider. Og nú fer Nissan skrefinu lengra því tveir hugmyndabílar frá framleiðandanum munu leika stór hlutverk í nýrri japanskri teiknimynd í fullri lengd.

Titillinn er næstum jafn langur og myndin en hún mun heita Ghost in the Shell: Stand Alone Complex – Solid State Society og kemur út á næsta ári. Myndin gerist árið 2043 og er lögreglumynd sem skartar hetjunni Togusa ásamt hugmyndabílunum Nissan Sport og Infinity Kuraza, sem báðir voru frumsýndir á bílasýningum á síðasta ári.

Þó að teiknimyndir veiti óneitanlega meira frelsi til að sýna bílana gera yfirnáttúrulega hluti kann sumum að virðast undarlegt að þessir bílar hafi orðið fyrir valinu, þar sem síður er búist við því að bílarnir rati nokkurn tíma í framleiðslu.



Úr teiknimyndinni sem gerist árið 2043.



Smáatriðum hefur verið gefinn mikill gaumur í myndinni.



Nissan Sport hugmyndabíllinn. Ekki svo fjarstæðukenndur, að minnsta kosti nógu flottur fyrir teiknimynd.




Bluetec dísilvélarnar stóðust prófið í 45 fylkjum Bandaríkjanna.

# Úthýst í fimm ríkjum

***Bluetec tækni Mercedes Benz dísilvélanna dugði ekki til að tryggja þeim aðgang að öllum ríkjum Bandaríkjanna.***

Nýjasta mengunarvarnarútspil Mercedes Benz, Bluetec, virðist ekki ætla að standast kröfur.

Upphaflega hafði Daimler-Chrysler tilkynnt að tæknin myndi gera dísilbílum sínum kleift að standast mengunarkröfur í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Í ljós hefur komið að í Kaliforníu, Maine, Massachusetts, New York og Vermont stóðust Bluetec-vélarnar ekki prófið.

Strangar mengunarkröfur í þessum ríkjum eru reyndar stór hindrun fyrir alla framleiðendur sem hyggja á framleiðslu lítilla dísilbíla. Áhugavert er að hugsa til þess að mælikvarðinn á mengun er ekki sá sami vestanhafs og hér í Evrópu, þar sem koltvísýringur er álitinn skaðlegastur og því er magn hans í útblæstri mælt. Í Bandaríkjunum er það hins vegar nituroxíð sem er álitið hættulegast.

Búist er við því að eitt eða tvö ár geti liðið þar til dísilvél kemur á markaðinn sem getur uppfyllt mengunarkröfur ríkjanna fimm.

*- eli*



Jeppasala Arctic Trucks verður í samvinnu við Ingvar Helgason og B&L.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## AT opnar jeppasölu

SÉRHÆFIR SIG Í SÖLU NÝRRA OG NOTAÐRA JEPPABIFREIÐA.

Arctic Trucks opnaði nýlega bílasölu sem sérhæfir sig í sölu nýrra og notaðra jeppa.

Sem kunnugt er hefur fyrirtækið um árabil látið mikið að sér kveða í þjónustu og breytingu jeppa og hefur meðal annars haslað sér völl í Noregi.

Nýja jeppasalan mun kappkosta að bjóða viðskiptavinum sínum fjölbreytt úrval jeppabifreiða en leggur þó meira upp úr gæðum en magni. Þannig munu allir bílar þurfa að standast sérstaka yfirferð áður en þeir fara í umboðssölu. Jeppasalan mun líka bjóða nýja breytta jeppa til sölu í samvinnu við Ingvar Helgason og B&L.







**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Góð þátttaka í fjölskylduferð

***Tæplega 200 manns tóku þátt í árlegri 4x4 fjölskylduferð Hyundai.***

Hin árlega 4x4 fjölskylduferð Hyundai var farin fyrir skemmstu í einstakri haustblíðu. Þátttaka var góð en alls höfðu tæplega 200 manns á 60 bílum skráð sig til leiks.

Að þessu sinni var ferðinni heitið austur í Brautarholt um Hrunamannaafrétt, leið sem er að sögn Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, kynningarstjóra B&L, tilvalin fyrir jeppaferðir. „Það er einkum þrennt sem gefur svona ferð gildi. Náttúran og tækifærið til að njóta hennar, þá skiptir miklu að skemmtileg akstursupplifun komi við sögu, og í þriðja og síðasta lagi að reyna eitthvað nýtt og kynnast nýju fólki. Ef miðað er við þetta þrennt, held ég að óhætt sé að fullyrða að ferðin hafi tekist mjög vel.“

Að mati Helgu Guðrúnar jók það jafnframt á spennuna að leiðin lá yfir þónokkrar ár og nokkuð erfiða línuvegi. „Þetta gekk alveg eins og í sögu, þó svo að stærsti hlutinn hafi verið á Santa Fe eða Tucson og sýnir ef til vill betur en margt annað hvað þessir sportjeppar eru komnir með öfluga jeppaeiginleika. Ferðin opnaði því mörgum alveg nýja sýn á möguleikana sem bíllinn þeirra býr yfir.“

Þegar í Brautarholt var komið, var boðið í grill, auk þess sem skipuleggjendur stóðu fyrir ýmsum leikjum fyrir ferðalanga á öllum aldri. Dagskránni lauk síðan um fimm leytið síðdegis og mátti á fasi allra lesa að dagurinn hefði verið góður. *- elí*



Árnar reyndust ekki farartálmi fyrir ferðalangana sem voru á öllum aldri.
LJÓSMYND: HERDÍS ÓLAFSDÓTTIR




Höfum til afhendingar strax



BluCamp Sky 20

Nýir 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestöfl - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva – Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar – Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16”.
**Verð 5,200,000 kr. með vsk. skráður og skoðaður.**



Challenger Elitis 3060

Flaggskipið frá Challenger 2007 Fiat Ducato 160 Multijet Power 157 Hestöfl
Sjö metra langur, svefnpláss fyrir 4, hjónarúm afturí og annað frammí sem tekið er niður úr loftinu. **Einn með öllu. Verð 8,4 með vsk**



MAN 26.430

Man 26.430. fyrst skráður Desember 2005. Tveggjadrifa dráttarbíll á lofti að aftan með sturtudælu. Nádrif - XL Hús með einni koju – Sólskyggni - Kælibox Símkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48,000 km. **Verð 7.250,000 + vsk. skráður og skoðaður.**

Bílexport á Íslandi ehf.
Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456
www.bilexport.dk boas@bilexport.dk

REYNSLUAKSTUR



Nýr Subaru Legacy kemur á 17 tommu álfelgum, kösturum í stuðara, tvískipta tölvustýrða miðstöð, skriðstilli, hita í sætum og rafmagni í rúðum sem staðalbúnað. Og það á góðu verði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Líklega bestu kaupin í dag

***Subaru Legacy hefur lengi notið vinsælda á Íslandi enda um þægilegan og áreiðanlegan fjórhjóladrifsbíl að ræða sem hentar jafnt í borgarsnatt og vetrarakstur.***

Það var því undarlegt að setjast upp í splunkunýjan Legacy og sjá og finna að um gjörbreyttan bíl var að ræða. Þrátt fyrir að meginlínur í ytra útliti dugi til að fólk átti sig á því hvaða bíll sé á ferðinni hefur hann fengið andlitslyftingu og er orðinn töluvert mýkri, en samt svipsterkari, í útliti en áður.

Að innan er allt gjörbreytt. Mælaborðið hefur verið hannað frá grunni og ef ekki væri fyrir Subaru merkið á stýrishjólinu væri þar fátt sem benti til þess að maður sæti í eftirlætis skutbíl þjóðarinnar. Tilfinningin sem maður fær fyrir bílnum við akstur er líka önnur. Stýrið er öðruvísi, fjöðrunin er öðruvísi og skiptingin er öðruvísi.

Ég gat ekki varist því að hrista hausinn. Hvað varð um gamla, góða Legacy? Með þessa spurningu í huga hófst reynsluaksturinn. Tíu mínútum seinna var sá grunur farinn að læðast að mér að það væri óþarfi að syrgja þann gamla því sá nýi væri hreint ekki svo slæmur. Sólarhring seinna var alveg komið á hreint af hverju Subaru ákvað að smíða nýjan Legacy frá grunni; af því að hann er betri. Vissulega ólíkur þeim eldri í akstri og útliti, en að kvarta yfir því væri eins og að kvarta yfir því að franskar konur séu byrjaðar að raka sig undir höndunum.

Vélin er kraftmeiri en áður og telur nú 165 hestöfl. Yfirbyggingin hefur verið létt, sporvídd aukin og fjöðrunin endurhönnuð. Allt skilar sér þetta í enn betri akstureiginleikum. Fjórhjóladrifkerfið og ABS bremsukerfið sjá svo um að halda manni á veginum við hvaða aðstæður sem er.

Eitt af sérkennum Subaru, og reyndar Porsche líka, er boxer mótorinn. Bullunum í strokkunum er stillt þannig upp að þær ganga lárétt, frekar en lóðrétt í línumótorum og skáhallt í V-mótorum. Þetta tryggir lægri þyngdarpunkt, sem skilar sér í betri akstureiginleikum, og minni titringi frá vélinni.

Boxer mótorum hættir reyndar til þess að eyða svolítið miklu en uppgefin eyðsla Legacy í blönduðum akstri verður að teljast mjög viðunandi, um 9 lítrar á hundraðið. Í reynsluakstri, sem fór að miklu leyti fram innanbæjar, fór hún upp í 15 lítra þegar mest var.

Reynsluakstursbíllinn var með 4ra þrepa sjálfskiptingu en hægt er að fá hann beinskiptan líka. Þó að skiptingin hafi verið mjög þægileg fannst mér samt að bíll sem er yfir 160 hestöfl ætti að taka viðbragð um leið og bensíngjöfinni er troðið alla leið í gólfið. Eins og títt er um sjálfskiptingar í dag þurfti hún að taka sér smá umþóttunartíma áður en það gerðist, en sá tími er vart mælanlegur og langstærstur hluti kaupenda á aldrei eftir að láta á þetta reyna. Hinir geta fengið sér beinskipta týpuna.

Að reynsluakstri loknum sé ég ekki betur en að nýr Legacy standi þeim gamla að öllu leyti framar. Meira að segja skriðstillirinn er orðinn betri. Ef horft er til verðs og búnaðar er nýr Legacy líklega bestu kaupin í sínum flokki í dag. Íslendingar eiga því án efa eftir að taka þessari kynslóð bílsins jafn vel og þeirri fyrri. *einareli@frettabladid.is*

### SUBARU LEGACY

**Vél:** 2 lítra bensín
165 hestöfl / 187 Nm
**Uppg. eyðsla í bl. akstri:** 8,8 l/100 km
**Farangursrými:** 460-1649 (skutbíll)
**Þyngd:** 1.430 kg

**PLÚS:**
Rúmgóður
Þægilegur í akstri
Mikið fyrir peninginn

**MÍNUS**
Innanbæjareyðsla
Hik í sjálfskiptingu við botnun

**Verð:** 2.620.000 kr



Sex diska spilari og tvískipt tölvumiðstöð með lofthreinsibúnaði.



Breytingin að innan er alger og hefur heppnast vel.



Ennþá Subaru Legacy, en bæði flottari og betri en áður.



Í beinskiptiham sjálfskiptingarinnar gefa litlar örvar til kynna hvenær skal skipta um gír.



Legacy er eftir sem áður ferðabíll og plássið aftur í skotti er með því mesta sem þekkist. Undir gólfteppinu eru litlar hirslur.

**Yfirlit yfir** alla göngu- og hjólreiðastíga á höfuðborgarsvæðinu má nálgast á www.rvk.is. Einnig er hægt að sjá gönguleiðir á afmörkuðum svæðum eins og í Elliðaárdalnum og nágrenni Korpúlfsstaða svo eitthvað sé nefnt.





Guðlaugur hefur staðið fyrir vinsælum gönguferðum um hina gömlu Kaupmannahöfn frá árinu 2000. MYND/BIRKIR BALDVINSSON

# Á slóðum Íslendinga

***Undanfarin ár hefur rithöfundurinn Guðlaugur Arason leitt fróðleiksfúsa Íslendinga á slóðir forfeðranna í Kaupmannahöfn. Blaðamaður brá sér í eina slíka skoðunarferð, fræddist um fortíðina, heimsótti Fjölnismenn og sá sængina hans Jóns Sigurðssonar.***

Það er glampandi sól í Kaupmannahöfn þegar blaðamaður bregður sér í gönguferð með Guðlaugi og hópi íslenskra ferðalanga um borgina. Ferðirnar hafa fyrir löngu fest sig í sessi og tvisvar í viku mætir Guðlaugur á Ráðhústorgið til þess að taka á móti Íslendingum sem hafa lagt leið sína til þessarar gömlu höfuðborgar Íslands. Það þarf ekki að skrá sig í ferðirnar, nóg er að mæta á Ráðhúströppurnar klukkan eitt á miðvikudögum eða sunnudögum og svipast um eftir Guðlaugi.

„Ég hef verið með þessar ferðir samfleytt frá árinu 2000,“ segir Guðlaugur en hann hefur búið í Danmörku í rúm tíu ár og þekkir Kaupmannahöfn vel. „Ég kom fyrst til Kaupmannahafnar árið 1974 og lærði bókmenntafræði í háskólanum. Það var á þeim tíma sem ég hélt að maður þyrfti að læra bókmenntafræði til þess að geta skrifað bækur. Ég var fljótur að komast að því að það var ekki rétt,“ segir Guðlaugur sem fljótlega fékk áhuga á sögu Íslendinga í Kaupmannahöfn. „Það má eiginlega segja að ég hafi grúskað í þessu í svona 20 ár og bækurnar Gamla góða Kaupmannahöfn og Kaupmannahöfn – ekki bara Strikið, eru afrakstur þeirrar vinnu. Ég hef oft verið spurður að því hvert sé hægt að fara og hvað sé vert að skoða í Kaupmannahöfn annað en Strikið og Tívolí og það var þess vegna sem ég byrjaði að skrifa þessar bækur. Ég vildi bara óska þess að þær hefðu verið til þegar ég kom hingað í fyrsta skiptið.“

Gönguferðirnar byggja á þessari rannsóknarvinnu Guðlaugs og ferðalöngunum verður fljótlega ljóst að Guðlaugur er afar fróður um sögu staðarins. Líkt og í leiðslu leggur hópurinn af stað inn í fortíðina – inn í hina gömlu Kaupmannahöfn sem eitt sinn var umgirt háum múrum og rúmaðist á svæði sem samsvarar Viðey að flatarmáli. Guðlaugur lýsir því sem fyrir augu ber og segir skemmtilegar sögur frá liðinni tíð. „Hér bjó Jónas Hallgrímsson og það var í þessu húsi sem hann datt niður stiga.“ Það fer kliður um hópinn. Bruninn í Kaupmannahöfn er líka í brennidepli og ferðalangarnir fylgja honum um borgina. Sjá fyrir sér hvernig eldtungurnar læsa sig í Frúarkirkjuna og hugsa um handritin hans Árna Magnússonar. „Það var niður þessa götu sem Jón Grunnvíkingur og hjálparmenn hans hlupu með handritin,“ segir Guðlaugur og hópurinn horfir hugfanginn niður eftir Store Kannikestræde þar sem allt er með kyrrum kjörum þennan sunnudagseftirmiðdag.

Svo er rölt niður götuna og gægst inn í bakgarðinn á Garði – stúdentaheimilinu sem allir íslenskir stúdentagarðar eru nefndir eftir og þar sem Íslendingar eins og Jón Sigurðsson og Fjölnismenn bjuggu. „Þarna er glugginn á herberginu hans Jóns Sigurðssonar,“ segir Guðlaugur og bendir á opinn glugga á annarri hæð. Íslendingarnir reka upp stór augu og stara inn um herbergisgluggann hjá undrandi íbúa sem líkast til veit ekkert um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en hefur notað blíðuna til þess að viðra sængina sína. Sængin lafir hálf út um gluggann og blaktir í blíðunni – þetta er sængin hans Jóns, hugsa Íslendingarnir og glotta út í annað.

Áfram er gengið um borgina og fræðst um það sem fyrir augu ber. Ferðinni lýkur svo á Kóngsins Nýjatorgi þar sem Magasin Du Nord blasir við og minnir á umsvif nútíma Íslendinga í Kaupmannahöfn. „Og þarna er svo Nonnabúð,“ segir Guðlaugur hlæjandi og bætir því við að oft sé hann spurður hvort ekki sé komið efni í nýjan túr þar sem farið er yfir nútíma umsvif Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Það er farið að hausta í Kaupmannahöfn og fastar ferðir verða ekki á dagskrá hjá Guðlaugi í vetur. Þeir sem leggja leið sína til borgarinnar geta samt sem áður sett sig í samband við Guðlaug og pantað ferð. „Það hefur mikið verið um það að hópar panti leiðsögn á haustin og yfir vetrartímann. Hingað koma til dæmis margir fyrirtækjahópar á haustin og vorin sem skreppa í stuttar ferðir til Kaupmannahafnar. Þá er vinsælt að koma í gönguferð, enda vill fólk gjarnan gera eitthvað sem er dálítið menningarlegt,“ segir Guðlaugur og bætir því við að þótt ferðirnar séu orðnar margar hafi hann alltaf jafn gaman af þessu. „Þetta er mjög þakklátt starf og undantekningalaust held ég að fólk hafi eitthvert gagn af þessu.“

Nánari upplýsingar um ferðirnar má nálgast á heimasíðunni www.islandscenter.dk. Hópar sem vilja panta sérferðir á haustmánuðum ættu að gera það sem fyrst.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Í bakgarðinum á Garði. Hér bjuggu fjölmargir íslenskir stúdentar sem fóru til náms við Kaupmannahafnarháskóla. Sívaliturninn í baksýn. MYND/BIRKIR BALDVINSSON



Horft eftir Store Kannikestræde. Við þessa götu stóð heimili Árna Magnússonar sem brann í stórbrunanum árið 1728. MYND/BIRKIR BALDVINSSON

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Bíll úr flokki A
Vika á Spáni
frá 11.100* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðast við meginland Spánar og gengi 1. mars 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 31583 03/2006

Prag
9. eða 12. okt
frá kr. 19.990*
Frábær tími í Prag







Einstök helgarferð
frá kr. 39.990
Fegursta borg Evrópu og eftirlæti Íslendinga sem fara þangað í þúsundatali á hverju ári með Heimsferðum. Haustið er frábær tími til að heimsækja borgina. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu. Góð hótel í hjarta Prag auk frábærra veitinga- og skemmtistaða.

Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 12. okt. í 4 nætur á Hotel Ilf *** með morgunmat.
* Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 9.-12. okt..
Netverð á mann.

Frá kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 12. okt. í 4 nætur á Hotel Park **** með morgunmat.

Beint flug

| | | |
|---|---|---|
| 27. sept. - UPPSELT | 12. okt. - Nokkur sæti laus | 13. nóv. |
| 2. okt. | 16. okt. | 16. nóv. - örfá sæti laus |
| 5. okt. - UPPSELT | 6. nóv. | 20. nóv. |
| 9. okt. | 9. nóv. - örfá sæti laus | 23. nóv. - Nokkur sæti laus |

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



**Einbeitingin** er oft ekki til staðar við lærdóminn. Prófið að halda á einhverju mjúku í annarri hendinni sem auðvelt er að kreista. Þetta hjálpar til við að losna við stress og einbeitingin verður betri.



Lýsingarhönnun er hluti af því sem nemendur í ljóstækni læra.

## Nám í ljóstækni

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK HEFUR KENNSLU Á HÁSKÓLASTIGI Í LJÓSTÆKNI.

Undirbúningur hefur staðið í um það bil ár í samstarfi við Ljóstæknifélag Íslands, fyrirtæki og samstarfsskóla á háskólastigi bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Nám af þessu tagi hefur skort hér á landi en miklar framfarir hafa orðið á þessu sviði, bæði með tilkomu nýrrar tækni í lýsingarbúnaði og nýjungum í hönnun lýsingar.
Námið er alls 60 evrópskrar námseiningar (ECTS) og skiptist í 30 ECTS-eininga nám í lýsingarfræði og 30 ECTS-einingar í lýsingarhönnun.
Margir hafa sýnt þessu nýja námi áhuga og er þegar fullskipað í þann hóp sem hefur nám á þessu hausti. Skipulagið er með þeim hætti að fólk getur stundað námið samhliða vinnu í formi fjarnáms og getur þá nálgast námsefnið hvar og hvenær sem er, óháð stað og stund. Kennarar verða bæði innlendir og erlendir en á undanförnum árum hefur mikil þekking orðið til á þessu sviði innan skólans sem ætlunin er að virkja í þágu nemenda. Atvinnumöguleikar fólks með þessa menntun eru taldir vera góðir enda um alþjóðlega menntun að ræða og reynsla annars staðar frá, svo sem í Svíþjóð og Finnlandi, bendir eindregið til þess að eftirspurn eftir lýsingarfræðingum og lýsingarhönnuðum muni fara vaxandi á komandi árum. Frekari upplýsingar um námið má finna á vefsíðu skólans www.ir.is og á vef Ljóstæknifélags Íslands www.ljósfelag.is.

Námskeið í Bowen Tækni

Einföld, mjúk og áhrifarík meðferð sem farið hefur sigurför um Evrópu.
Virkar vel á hverskonar vandamál.

Kennt í Reykjavík 20. - 23. október 2006

Íslenskt námsefni og íslenskur kennari.

Uppl. síma 421 4569 og 897 7469 • Margeir
www.bowentaekni.com • jmsig@simnet.is

Þau hafa lengt sinn sólarhring!

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Nýtt!!** 3. vikna hraðnámskeið **13. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
3 vikna fyrirtækjanámskeið 12. október (kl. 13-16)

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Enska lærð í leik

***Í Leikhöllinni er boðið upp á ýmis námskeið fyrir börn. Í vetur verður meðal annars boðið upp á enskunámskeið fyrir fimm til níu ára gömul börn.***



Börnin læra ensku með því að syngja lög og leika sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enskunámskeiðin verða kennd einu sinni í viku og eru sex vikna löng. „Námskeiðin hjá okkur voru fjögurra vikna löng í fyrra en okkur fannst það aðeins of stutt svo nú verða þau öll sex vikna löng," segir Hrönn Óskarsdóttir, eigandi Leikhallarinnar.

Börnunum verður skipt í hópa eftir aldri á enskunámskeiðunum. „Fimm til sjö ára börn verða saman og átta og níu ára saman. Enskan er kennd bæði á miðvikudögum og laugardögum svo foreldrar geta valið þann dag sem hentar þeim betur."

Í Leikhöllinni er enskan kennd í gegnum leik. „Fyrstu tvo tímana fara börnin í íþróttir og læra að telja og hoppa upp og niður og til vinstri og hægri. Svo fara þau í tvo tónlistartíma þar sem þau læra að syngja lög á ensku og læra um hvað þau fjalla. Að lokum eru síðan tveir listatímar þar sem þau læra litina og klæða sig upp í alls kyns búninga. Orðaforðinn sem börnin læra kemur allur í gegnum leikina sem þau fara í og við leggjum mikla áherslu á að þeim finnist gaman að læra."

Hrönn telur að börn séu alveg tilbúin að byrja að læra ensku fimm ára gömul. „Börn eru farin að hafa áhuga á ensku svo ung. Enskan er notuð alls staðar í kringum þau, í teiknimyndunum og tölvuleikjunum og þau eru snemma farin læra af umhverfinu og nota nokkur ensk orð." Allar upplýsingar um enskunámskeiðin og annað sem boðið er upp á í Leikhöllinni má finna á heimasíðunni http://www.leikhollin.is.

*emilia@frettabladid.is*



Hrönn Óskarsdóttir, eigandi Leikhallarinnar, ásamt syni sínum.



Hrönn telur fimm ára börn alls ekki of ung til að byrja að læra ensku. Í Leikhöllinni er einnig hægt að halda barnaafmæli.

Einstakt enskunámskeið
Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

# Góð samskipti eru lykill að vellíðan

VIKA SÍMENNTUNAR Á VEGUM MÍMIS STENDUR YFIR OG MÖRG ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ ERU Í BOÐI. EITT ÞEIRRA SNÝST UM ÁRANGURSRÍK SAMSKIPTI Á VINNUSTAÐ.

„Ég mun fara yfir ýmislegt sem ýtir undir starfsánægju og nokkra grunnþætti í samskiptum sem nýtast alls staðar," segir Björn Hafberg, náms- og starfsráðgjafi, um efni námskeiðs sem hann verður með í Mími, Skeifunni 8 í hádeginu á föstudaginn. „Ég bendi fólki á að muna eftir að hrósa þegar það á við og kenni því líka að taka gagnrýni á störf sín án þess að taka hana inn á sig persónulega. Hvernig best er að nýta slíkar athugasemdir og vinna með þær," heldur hann áfram. Hann kveðst líka munu kynna fyrir fólki ýmis vandamál sem vinnustaðir glími við í samskiptum og nefnir þætti eins og baktal. „Baktal getur haft alvarlegar afleiðingar," bendir hann á. Hann bendir líka á hversu vinnustaðurinn skiptir okkur miklu máli. „Við erum að minnsta kosti einn þriðja af vökutíma okkar í vinnunni og þess vegna skiptir gríðarlega miklu máli að láta sér líða vel þar og láta öðrum líða vel í kringum sig. Ánægt starfsfólk er líka meginforsenda þess að fyrirtæki eða stofnun nái árangri og því þurfa öll samskipti að byggjast á virðingu og skilningi," segir Björn Hafberg og bætir við að lokum: „Góð samskipti eru lykillinn að vellíðan og allt okkar líf snýst raunverulega um það hvernig okkur tekst að lynda við aðra."
Fyrirlesturinn hans Björns verður í Skeifunni 8 milli 12.10 og 13.10 nú á föstudag. Auk þess fer hann á vinnustaði endurgjaldslaust ef þess er óskað af stjórnendum, eins og aðrir fyrirlesarar sem Mímir hefur fengið til liðs við sig þessa viku. Síðan býður Mímir upp á það að sérsníða námskeið fyrir hvert og eitt fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Nánari upplýsingar eru á www mimir.is



Fólk er að minnsta kosti einn þriðja af vökutíma sínum í vinnunni.





BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 27. september 2006 – 37. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**Avion Group**

Vænt sala á AAT-hlut gekk ekki eftir



4



**Samruni ICEX og OMX**

Aukin athygli og fleiri tækifæri

10-11

**Michael Porter á Íslandi**

Fjallar um samkeppnishæfni Íslands



8

## Bankarnir á lista 50 stærstu

Þrjú fyrirtæki Kauphallarinnar rata inn á lista yfir fimmtíu stærstu félög innan OMX, Kaupþing banki í 22. sæti, Glitnir banki í 47. sæti og Landsbanki Íslands í 48. sæti.



Svíar eiga langflest fyrirtæki af fimmtíu stærstu, eða 25 stykki. Þar á eftir koma Finnar og Danir með ellefu fyrirtæki hvort land og svo Íslendingar með sín þrjú.

Þá er ekki langt í að tvö næstu íslensku fyrirtækin í stærðarröðinni á eftir bönkunum, Exista og Actavis, nái inn á listann. Markaðsvirði þeirra er nú um 255 og 226 milljarðar króna. Finnska fyrirtækið Kesko sem er í 50. sæti á listanum er 279 milljarða króna virði. Efst á listanum trónir hins vegar Nokia sem er ríflega 5.600 milljarða króna virði.

Sjá úttekt á síðu 10 / - óká

## Glitnir kallar á upplýsingar

„Mikilvægt er að stjórnendur FL Group stundi virka upplýsingagjöf til markaðarins enda er það forsenda fyrir sanngjarnri verðmyndum með hlutabréf félagsins," segir í morgunkorni greiningardeildar Glitnis í gær.

FL Group hafði fyrr um morguninn sent frá sér tilkynningu til Kauphallar um áhuga fjárfesta á því að kaupa Icelandair Group eftir fréttaflutning þar að lútandi. Greiningardeildin segir miklar vangaveltur hafa að undanförnu um söluna og mögulegan söluhagnað FL Group og skýri þær að hluta 53 prósenta hækkun félagsins á sex vikum. Greiningardeildin hefur á orði nýleg kaup innherja á hlutabréfum félagsins og segir erfitt er að greina raunverulegt verðmæti óskráðra félaga FL Group út frá opinberum upplýsingum.

Sjá einnig hér til hliðar/- óká

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Skörp hækkun** | Væntingar um skráningu Icelandair og viðskipti stærstu hluthafa FL Group ollu því að bréf í félaginu höfðu hækkað um rúm fjörutíu prósent frá því um miðjan ágúst.

**Samþjöppun skaðar** | Forstjóri Alfesca, Xavier Govare, telur að samþjöppun laxeldisframleiðenda hafi haft mikil áhrif til hækkunar á laxaverði á tiltölulega skömmum tíma.

**Boða leikfangastríð** | Danski leikfangarisinn BR hyggst opna Toys'R'Us verslun hér á landi á meðan Leikbær byggir þrjú þúsund fermetra leikfangaverslun við Urriðaholt.

**Aldrei meiri** | Fjárfesting í íbúðarhúsnæði nam rúmum 32 milljörðum króna á fyrri helmingi árs sem er tæplega fjórtán prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.




**Í útrás** | Nýsköpunarsjóður hefur keypt fimmtungshlut í hátæknifyrirtækinu Marorku og er því ætlað að styrkja stoðir fyrirtækisins og opna nýja möguleika.

**Betri horfur** | Í þriðju skýrslu Merrill Lynch um íslenska banka og efnahagslíf kveður við heldur jákvæðari tón en áður og segja sérfræðingar bankans horfur þeirra hafa batnað.

**Undir áætlunum** | Avion skilaði um tvö hundruð milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi en alls nam tap félagsins yfir 4,8 milljörðum á fyrstu níu mánuðum reikningsársins.

**Hætta við** | Stjórnendur sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe ætla sér ekki að kaupa 51 prósent hlutafjár í breska leiguflugfélaginu Astraeus eins og hafði verið tilkynnt.

# Skrá á IG í Evrópu og Bandaríkjunum

**Icelandic Group verður skipt upp í þrjár einingar og tvær þeirra skráðar í útlöndum. Finnbogi Baldvinsson, framkvæmdastjóri Icelandic Europe, kaupir hlut Samherjamanna í félaginu.**

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Icelandic Group hefur í hyggju að skipta félaginu upp í þrjár einingar og skrá Icelandic USA og Icelandic Europe sem aðskildar einingar í erlendum kauphöllum. Asíuhlutinn, sem áður var hluti af einingunni í Bandaríkjunum, verður sjálfstæður og ekki skráður á hlutabréfamarkað. Icelandic Group er þegar skráð í Kauphöll Íslands og ekkert bendir til þess að það verði afskráð við breytingarnar.

Íslenskir fjárfestar hafa sýnt Icelandic Group afar lítinn áhuga og hafa viðskipti með bréf í félaginu í Kauphöll Íslands verið sáralítil. Áhugi erlendra fjárfesta mun hins vegar hafa aukist að undanförnu. Það hefur þó staðið í vegi fyrir fjárfestingum að þeir sem líta til Evrópu hafa lítinn áhuga á að fjárfesta í Bandaríkjunum eða Asíu og öfugt. Með breytingunum mun því meðal annars verið að bjóða fjárfestum skýrari kost í þeirri von að áhuginn glæðist.

Finnbogi Baldvinsson, framkvæmdastjóri Icelandic Europe, mun hafa í undirbúningi að kaupa hlut þeirra Samherjamanna, Þorsteins Más Baldvinssonar og Kristjáns Vilhelmssonar, í félaginu Eldar. Félagið á 84 prósenta hlut í FAB GmbH sem aftur á 20,22 prósenta hlut í Icelandic Group.



**FRÁ VERKSMIÐJU PICKENPACK, DÓTTURFÉLAGS ICELANDIC GROUP** Finnbogi Baldvinsson hyggst kaupa hlut Samherjamanna í Icelandic Group og verður þriðji stærsti hluthafinn í félaginu.

Það kom inn í samstæðu Icelandic Group í lok síðasta árs þegar hún keypti framleiðslufyrirtækið Pickenpack – Hussman & Hahn sem þeir voru meirihlutaeigendur í. Eftir kaup Finnboga á hlut þeirra Samherjamanna verður hann þriðji stærsti hluthafinn í Icelandic Group.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í eignarhaldi og yfirstjórn Icelandic Group að undanförnu og samkvæmt heimildum Markaðarins sér enn ekki fyrir endann á þeim.

# Um 40 milljarða tilboð í Icelandair

**KB banki og Glitnir vilja kaupa félagið með fjárfesta á sínum snærum. Líklegt verð er um 40 milljarðar og innleystur hagnaður FL yfir 30 milljarðar.**

FL Group hefur til skoðunar tvö tilboð í flugfélagið Icelandair. Annað tilboðið er frá KB banka sem vill kaupa félagið í samvinnu við Ker, félag Ólafs Ólafssonar, eiganda Samskipa.

Hitt tilboðið er frá Glitni, en félög sem stóðu saman að Vátryggingafélagi Íslands áður en Exista keypti félagið vinna með Glitni að tilboðinu. Fyrir þeim hópi fara Finnur Ingólfsson og Þórólfur Gíslason, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Skagfirðinga.

Þessir tveir hópar unnu saman á sínum tíma að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands, en nú stefnir í samkeppni milli þeirra um kaup á Icelandair.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er ánægja með tilboðin innan FL Group og ljóst að verulegur hagnaður mun myndast frá bókfærðu virði við kaupin. Ekki fengust uppgefnar fjárhæðir í því sambandi, en tölur nálægt fjörutíu milljörðum króna þykja ekki fjarri lagi. FL myndi með sölu innleysa hagnað upp á um þrjátíu milljarða króna. Samkvæmt heimildum hljóða tilboðin upp á greiðslu með peningum, en ekki með skiptum á hlutabréfum eins og væntingar hafa verið um á markaði.

Talið er að með þessu hafi FL tekið stefnu á að minnka hlut sinn í flugrekstri, en félagið á Sterling flugfélagið, auk hlutar í Finnair. Forsvarsmenn Sterling telja að félagið muni skila rekstrarhagnaði í ár, en slíkt þykir ganga kraftaverki næst miðað við þær væntingar sem sérfræðingar gerðu sér þegar félagið var keypt. - hh





Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 1. september 2006.

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 4% | 35% |
| Alfesca | 1% | 24% |
| Atlantic Petroleum | -1% | 33% |
| Atorka Group | -% | -1% |
| Avion Group | -11% | -36% |
| Bakkavör | 0% | 15% |
| Dagsbrún | -4% | -26% |
| FL Group | 10% | 19% |
| Glitnir | 0% | 16% |
| KB banki | -2% | 13% |
| Landsbankinn | -1% | 28% |
| Marel | -3% | 21% |
| Mosaic Fashions | 1% | -6% |
| Straumur | 1% | 8% |
| Össur | 1% | 10% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Umframeftirspurn í útboði Sparikassans

### Hlutur stærsta hluthafans lækkar í 63%. Íslendingar falast eftir bréfum.

Sökum mikillar eftirspurnar fjárfesta eftir hlutabréfum í Föroya Sparikassi ákváðu stjórnendur Sparikassagrunnsins, stærsta hluthafans, að selja sautján prósenta hlut í stað tíu prósenta.

Salan var liður í því að gera Sparikassann, stærsta fjármálafyrirtæki Færeyja, skráningarhæfan í Kauphöll Íslands á næsta ári.

Alls stefndi Sparikassagrunnurin, sem er sjálfseignarstofnun, að því að selja hluti fyrir 225 milljónir danskra króna en þegar uppi var staðið nam fjárhæðin 400 milljónum. Nemur það 4,8 milljörðum króna. Við þetta fer hlutur Sparikassagrunnsins niður í 63 prósent af heildarhlutafé Sparikassans.

Íslendingar sýndu útboðinu nokkurn áhuga og sóttust bankar, fjárfestingafélög og einstaklingar eftir bréfum. Má þar nefna sparisjóði og KB banka. **- eþa**



**HÖFUÐSTAÐUR FÆREYJA** Mikill áhugi reyndist fyrir hlutafjársölu í Föroya Sparikassi, stærsta banka Færeyja sem stefnir að skráningu í Kauphöllina.

# Virgin leyfir fartölvur

Breska flugfélagið Virgin Atlantic hefur gefið farþegum sínum grænt ljós á að nota fartölvur frá Dell og Apple í millilandaflugi gegn ákveðnum skilyrðum.

Félagið skipaði svo fyrir í síðustu viku að tölvur af þessum gerðum væru bannaðar í millilandaflugi nema að því tilskyldu að eigendur tölvanna tækju rafhlöðurnar úr þeim. Um varúðarráðstöfun var að ræða. Sony framleiddi rafhlöðurnar og hafa tæplega 6 milljónir þeirra verið innkallaðar vegna eldhættu. **- jab**

# Ísland færist upp um tvö sæti

### Bandaríkin falla úr fyrsta í sjötta sæti á lista World Economic Forum um samkeppnishæfi þjóða.

Ísland er fjórtánda samkeppnishæfasta land í heimi og færist upp um tvö sæti frá því í fyrra samkvæmt nýjustu úttekt skýrslu World Economic Forum. Bandaríkin, sem voru í fyrsta sæti, eru fallin í það sjötta, en Sviss komið í þeirra stað efst á listanum sem samkeppnishæfasta hagkerfi heimsins.




Sviss var áður í fjórða sæti.

Á eftir Sviss koma Finnland og Svíþjóð. Danmörk er svo í fjórða sæti og Noregur í því tólfta þannig að við erum neðst Norðurlanda á listanum. Tsjad, Búrúndí og Angóla verma svo botnsætin á listanum.

Í skýrslu World Economic Forum, sem heitir Global Competitiveness Report 2006-2007, er samkeppnishæfni 125 landa kannað en meðal annars er litið til þeirra opinberu gagna sem fyrir liggja um samkeppnishæfni landanna. Þannig má raða löndum upp eftir ýmsum þáttum og er Ísland til að mynda í þriðja sæti yfir þau ríki sem talin eru búa að bestu stofnunum. Þar er Svíþjóð í fyrsta sæti og Noregur í öðru. Þá eru Norðurlöndin öll meðal tíu efstu þegar kemur að heilbrigðis- og grunnskólakerfi.

## LISTI WORLD ECONOMIC FORUM

25 efstu lönd á lista yfir samkeppnishæfi þjóða

| Land | sæti | Einkunn 2006 | Sæti 2005 |
|---|---|---|---|
| Sviss | 1 | 5.81 | 4 |
| Finnland | 2 | 5.76 | 2 |
| Svíþjóð | 3 | 5.74 | 7 |
| Danmörk | 4 | 5.70 | 3 |
| Singapúr | 5 | 5.63 | 5 |
| Bandaríkin | 6 | 5.61 | 1 |
| Japan | 7 | 5.60 | 10 |
| Þýskaland | 8 | 5.58 | 6 |
| Holland | 9 | 5.56 | 11 |
| Stóra-Bretland | 10 | 5.54 | 9 |
| Hong Kong | 11 | 5.46 | 14 |
| Noregur | 12 | 5.42 | 17 |
| Taívan | 13 | 5.41 | 8 |
| Ísland | 14 | 5.40 | 16 |
| Ísrael | 15 | 5.38 | 23 |
| Kanada | 16 | 5.37 | 13 |
| Austurríki | 17 | 5.32 | 15 |
| Frakkland | 18 | 5.31 | 12 |
| Ástralía | 19 | 5.29 | 18 |
| Belgía | 20 | 5.27 | 20 |
| Írland | 21 | 5.21 | 21 |
| Lúxemborg | 22 | 5.16 | 24 |
| Nýja Sjáland | 23 | 5.15 | 22 |
| S-Kórea | 24 | 5.13 | 19 |
| Eistland | 25 | 5.12 | 26 |

# Skoða breytt landslag

### Sparisjóðir gætu þurft að losa um bréf í Existu vegna lækkunar eiginfjárhlutfalla og markaðsáhættu. Sumir sparisjóðanna skoða sölu bréfa í samráði við aðra eigendur Existu.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Eftir skráningu Existu á hlutabréfamarkað blasir nýr heimur við sparisjóðunum 24. Allt stefnir í að methagnaður verði á rekstri þeirra á þessu ári vegna hinnar miklu verðmætaaukningar sem varð við skráninguna. Einkum munu þeir sparisjóðir, sem eiga beint hlutabréf í Existu, sýna mikinn hagnað á þessu ári og gefur það þeim kraft til að styrkja sig frekar.

En þetta mun einnig hafa önnur áhrif á efnahag sparisjóðanna, nefnilega eiginfjárhlutföll þeirra. Eignarhlutir banka og sparisjóða í öðrum fjármálafyrirtækjum dragast frá eiginfjárgrunni og þar sem hlutabréf sparisjóða í Existu eru verðmætari verður frádrátturinn við eiginfjárútreikninga meiri. Lægri eiginfjárhlutföll (CAD) geta leitt til þess að slagkraftur til frekari sóknar og þar með útlánageta takmarkast.

Einnig er ljóst að þar sem eignarhluturinn ber nú markaðsáhættu verður afkoma Existu-sparisjóðanna mun háðari sveiflum á hlutabréfamarkaði. Frá klassískum bankasjónarmiðum þykir það ekki góð regla að hafa stóran hluta eigin fjár bundinn í einni eign.

Exista-sparisjóðirnir sjálfir eru misvel búnir undir þessa verðmætaaukningu, til dæmis er ósennilegt að SPRON hreyfi við hlut sínum en smærri sparisjóðir eru varla í annarri stöðu en að selja þegar nær dregur áramótum, þá í samráði við aðra eigendur Existu. Það eru ekki einungis Exista-sparisjóðir skoða rækilega þessi áhrif. Allir sparisjóðir taka hlutdeild í hagnaði Sparisjóðabankans sem á 4,6 prósenta hlut í Existu en hlutur bankans hefur sennilega aukist um fimm milljarða að virði frá því í lok júní. Eignarhlutur í bankanum verður því enn verðmætari í bókum sparisjóða.

Eignarhlutur Sparisjóðabankans í Existu nemur sennilega um 80 prósentum af eigin fé bankans um mitt ár þannig að hluturinn gæti reynst farartálmi á boðaðri leið bankans til útrásar og er ekki ósennilegt að bankinn létti á sinni stöðu.

Þá geta sparisjóðir styrkt eiginfjárstöðu með útgáfu nýs stofnfjár eða víkjandi lána. En af samtölum við sparisjóðamenn segjast fáir myndu gráta ef óumflýjanlegt reynist að selja hluti í Existu.



**SPARISJÓÐABANKINN VIÐ RAUÐARÁRSTÍG** Eignarhlutur sparisjóða í Sparisjóðabankanum hækkar í virði við skráningu Existu á markað. Verðmætari hlutur getur leitt til lækkunar eiginfjárhlutfalla sparisjóðanna. MARKAÐURINN/E.ÓL.

## ÁHRIF EXISTU Á HLUTA SPARISJÓÐA

| | Markaðsvirði * | Hlutfall af eigin fé** | CAD-hlutfall*** |
|---|---|---|---|
| SPRON | 16,1 | 47% | 13,2% |
| Sparisjóðabankinn | 11,7 | 81% | 14,5% |
| SpKef | 7,9 | 94% | 10,5% |
| SPM | 3,4 | 70% | 11,2% |
| Sparisj. Vestfirðinga | 1,7 | 86% | 10,5% |
| Sparisj. Húnaþings og Stranda | 1,4 | - | - |
| Sparisj. Svarfdæla | 1,1 | - | - |

** Markaðsvirði hlutabréfa í Existu í milljörðum króna þann 26.09.06*
*** Hlutfall Existu-bréfa af eigin fé 30.6.06*
**** CAD-hlutfall 30.06.06*



ENNEMM / SÍA / NM23567




# BREYTTUR X-TRAIL Á
# ÓBREYTTU VERÐI!

Nú býður **Ingvar Helgason** sérstaklega vel búinn **Nissan X-TRAIL** með breytingarpakka frá **Artic Trucks** að verðmæti **450.000 kr. á óbreyttu verði!**

**Ríkulegur staðalbúnaður:**
4x4, 17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring.

**Komdu og reynsluaktu!**

| Breytingar |
|---|
| 7 cm hækkun |
| Stærri dekk (29") |
| Garmin Nuvi 310 leiðsögutæki |
| Krómgrind |
| Krómstigbretti |
| Kastarar |
| Dráttarbeisli |

ARCTIC TRUCKS

NISSAN

**Breyttur Nissan X-Trail Sport**
**Verð aðeins 3.290.000 kr.**

**Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 / Sími **525 8000** / **www.ih.is**
Opið mán – fös kl. 9 - 18 og laug kl. 12 - 16

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

## Glitnir mælir með Atorku

Mælt er með kaupum í Atorku Group í nýlegri greiningu Glitnis. Verðmatsgengi á Atorku er 7,3 krónur á hlut samanborið við markaðsgengið 6,35 en markgengi, þar sem Glitnir sér gengi Atorku standa í eftir sex mánuði, er sjö krónur á hlut. Glitnir verðmetur rekstrarfélög samstæðunnar eftir sjóðstreymisgreiningu út frá rekstrarspá en fjármálahluti samstæðunnar er metinn sérstaklega samkvæmt upplausnarvirði.

Stuðst er við 12,8 prósenta ávöxtunarkröfu við gerð verðmatsins.- - eþa

# Straumborg hagnaðist um fimm milljarða

### Gengishagnaður af hlut Norvestar í KB banka vó þungt.

Fjárfestingafélagið Straumborg, sem er að níu tíundu hluta í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO, skilaði 4.968 milljarða króna hagnaði árið 2005. Hagnaður ársins 2004 var 3.154 milljarðar króna til samanburðar.

Hagnaðurinn er að miklu leyti tilkominn vegna hækkana á hlutabréfaverði í fyrra, einkum gengishækkunar í KB banka. Norvest, dótturfélag Straumborgar, átti um 2,5 prósenta hlut í KB banka um síðustu áramót en bankinn hækkaði um 68 prósent í fyrra.



**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON** Straumborg hagnaðist mikið í fyrra.

Eignir Norvest-samstæðunnar námu 17,6 milljörðum króna í árslok, eigið fé var rúmir 9,7 milljarðar og eiginfjárhlutfall því 55,4 prósent.

Straumborg á um 22 prósenta hlut í Norvik, eignarhaldsfélagi BYKO-samstæðunnar, sem hagnaðist um 563 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 537 milljónir árið 2004. Fjármunatekjur námu tæpum 1,1 milljarði en fjármagnsgjöld um 531 milljón. Jón Helgi var stærsti hluthafi Norvikur í árslok með 48 prósenta hlut.

Eignir Norvikur voru 10.623 milljónir króna í árslok, þar af voru eignarhlutir í dótturfélögum metnir á 7,4 milljarða. Eigið fé var á sama tíma 3.385 milljónir króna og lækkaði um 542 milljónir króna vegna uppskiptingar félagsins. - eþa

## Eimskip á áætlun

Eimskip skilaði rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) upp á 1,4 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi og 3,3 milljörðum króna fyrir fyrstu níu mánuði reikningsársins. Hlutfall EBITDA af veltu nam fjórtán prósentum.

Tekjur Eimskipa á fjórðungnum námu tíu milljörðum króna.

Áætlanir félagsins, sem er dótturfélag Avion Group, ganga vel og er stefnt að fjögurra milljarða EBITDA-hagnaði á árinu og að framlegðarhlutfallið verði um 13,3 prósent. Allt bendir til þess að þau markmið náist á fjórða ársfjórðungi og gott betur en það. - eþa




# Aukin bjartsýni neytenda

### Væntingavísitala Gallup snarhækkar. Meiri bifreiðakaup, fleiri utanlandsferðir en minna um íbúðakaup.

Tiltrú neytenda á horfur í efnahagsmálum hefur vaxið snögglega og stendur væntingavísitala Gallup nú í 119,6 stigum. Vísitölugildi yfir hundrað stigum táknar að fleiri neytendur eru bjartsýnir en svartsýnir. Vísitalan fór lægst í rúmlega áttatíu og átta stig í júlímánuði.

Fram kemur að fleiri neytendur telji að efnahagsástandið verði betra eftir sex mánuði en það er nú. Bjartsýni á atvinnuhorfur í landinu hefur hins vegar minnkað.

Greining Glitnis telur neytendur hafa tekið gleði sína á ný þrátt fyrir gengisfall krónunnar, verðbólguskot í kjölfarið og útlit fyrir að hægist á vexti á næstu misserum. Greiningin bendir á að fleiri hyggi nú á bifreiðakaup en á sama tíma í fyrra, auk þess sem áttatíu prósent neytenda ætli að ferðast til útlanda næsta árið. Hins vegar hafi orðið talsverður samdráttur í fyrirhuguðum húsnæðiskaupum; aðeins 5,6 prósent hyggja nú á fasteignakaup á næstu sex mánuðum samanborið við tíu prósent á sama tíma í fyrra. - jsk

# Vænt sala gekk ekki eftir

### Stjórnendur Avion höfðu handsalað samkomulag við kaupanda á hlut í dótturfélaginu AAT, sem hefði skilað miklum söluhagnaði. Óásættanleg skilyrði ollu því að upp úr viðræðum slitnaði. Avion ræðir nú við aðra fjárfesta.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Áform stjórnenda Avion Group um sölu á meirihluta hlutafjár í dótturfélaginu Avion Aircraft Trading (AAT) gengu ekki eftir á þriðja ársfjórðungi en félagið átti í viðræðum við erlendan fjárfesti um kaup á hlutnum. Hefði salan gengið eftir hefði Avion hagnast verulega enda er dótturfélagið bókfært á fimm milljónir Bandaríkjadala en metið á tugfalda hærri upphæð.

AAT er félag sem fjárfestir í flugvélum með það að markmiði að selja þær síðar með hagnaði. Avion Group vill ekki síður selja hlutinn til að minnka bólginn efnahagsreikning vegna flugvélakaupanna.

Spáði Landsbankinn því í afkomuspá sinni að söluhagnaðurinn af hlutnum í AAT gæti numið tæpum 3,4 milljörðum



**HAFÞÓR HAFSTEINSSON** Sala Avion á meirihluta hlutafjár í Avion Aircraft Trading hefur ekki enn gengið eftir.

króna og reiknaði KB banki einnig með því að salan myndi falla til á síðasta ársfjórðungi. Þar sem viðskiptin gengu ekki í gegn var afkoma Avion langt undir afkomuspám.

Hafþór Hafsteinsson, stjórnarformaður AAT, segir að eitt og annað hafi síðar komið upp sem mönnum hafi þótt óásættanlegt og því hafi verið ákveðið að leitað til fleiri aðila. Ástæðan fyrir því að félagið hefði greint frá viðræðunum á kynningarfundi í lok júní var sú að samkomulag hafði verið handsalað. „Þegar við vorum að ganga frá skjölum eftir fundinn þá voru sett fram ákveðin skilyrði sem þurfti að fara með til stjórnar. Á sama tíma sýndu fleiri þessum hluta áhuga þannig að stjórnin mat það svo að við ættum ekki að ganga frá sölu við þennan aðila heldur ræða við fleiri."

Ekki var ágreiningur um verð að sögn Hafþórs. Forsvarsmenn Avion Group töldu að skilyrði um arðgreiðslur og lánafyrirkomulag hefðu verið óásættanleg.

Hafþór segir að viðræðuslitin séu nýtilkomin og því hafi ekki þótt ástæða til að greina frá þeim fyrr en við birtingu níu mánaða uppgjörs nú í vikunni.

Hann getur ekki greint frá því hvort niðurstaða fáist á yfirstandandi ársfjórðungi. Gangi salan ekki eftir á núverandi reikningsári, sem lýkur í október, reiknar Greining Glitnis með talsverðu tapi af rekstri Avion fyrir árið í heild.








**ÓÐINN BOR** Óðinn er nýjasti borinn í flota jarðborana og heldur þeim titli þangað til hátæknиborinn kemur til landsins og eykur afkastagetu Jarðborana til muna.

# Jarðboranir tryggja sér nýjan liðsauka

Jarðboranir hafa gengið frá samningum um kaup á nýjum hátæknibor sem verður afhentur næsta sumar. Verður hann sá öflugasti í tækjaflota félagsins og fær um að bora niður á allt að rúmlega fimm kílómetra dýpi. Verður hann jafnframt útfærður samkvæmt óskum sérfræðinga Jarðborana til að tryggja að hann henti sem best íslenskum aðstæðum.

Í fréttatilkynningu frá félaginu kemur fram að nýi borinn muni auka afkastagetu Jarðborana hér heima til muna, auk þess sem fyrirtækinu verður kleift að taka ný skref í útrás. Þar komi bæði til tæknileg fjölhæfni borsins og aukin afkastageta borflota Jarðborana í heild, ekki síst við þær aðstæður þegar verkefni hér heima eru í sögulegu hámarki, samtímis því sem sinna þarf áhugaverðum verkefnum erlendis. Í tilkynningunni er haft eftir Bent S. Einarssyni, forstjóra félagsins, að Jarðboranir og dótturfyrirtækið Iceland Drilling séu að að skoða frekari vaxtamöguleika erlendis og er þá litið til fleiri tegunda verkefna en borunar eftir jarðhita.

Kaupverð nýja borsins er um 1,4 milljarðar íslenskra króna. Fyrirtækið Drillmec í borginni Piacenza á Ítalíu mun hanna og framleiða borinn en fyrir eiga Jarðboranir fjóra bora frá sama framleiðanda: Óðin, Geysi, Sleipni og Sögu. - hhs

# Íslensk gæðamálning frá Flügger




Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður
www.flugger.is

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hvolsvöllur



**Flügger litir**

## Lufthansa kaupir ekki í SAS

Thomas Jachnow, talsmaður þýska flugfélagsins Lufthansa, og talsmaður SAS í Svíþjóð, vísuðu báðir þeim orðrómi á bug í byrjun vikunnar að Lufthansa ætlaði að kaupa allt að helmingshlut í norræna flugfélaginu og hugsanlega gera yfirtökutilboð í það.

Jachnow sagði í samtali við danska dagblaðið Börsen þetta vera vangaveltur hjá blaðamanni norska viðskiptablaðinu Finansavisen. Blaðið sagði í síðustu viku að Wolfgang Mayrhuber, forstjóri Lufthansa, hefði staðfest í samtali við blaðið að félagið hefði hug á að kaupa allt að helming hlutafjár í SAS. Varð þetta til þess að gengi hlutabréfa í SAS hækkaði nokkuð á mörkuðum á Norðurlöndunum.

Jachnow sagði hins vegar blaðamann Finansavisen fara villu vegar því hann hefði spurt Mayrhuber hvort Lufthansa hefði í hyggju að gera yfirtökutilboð í SASA en Mayrhuber hefði neitað að tjá sig um málið.

Jachnow vildi þrátt fyrir þetta ekki segja til um það við Börsen hvort einhver sannleikskorn lægju til grundvallar orðróminum eður ei. - jab

## Volvo í útrás í Austurlöndum

Sænski vöruflutningabílaframleiðandinn Volvo greindi frá því á mánudag að fyrirtækið hefði keypt 6 prósenta hlut japanska bílaframleiðandans Nissan í vöruflutningaarmi fyrirtækisins, Nissan Diesel Motor. Kaupvirðið nemur 500 milljónum sænskra króna eða rúmum 4,8 milljörðum íslenskra króna.

Volvo á fyrir 13 prósent hlutafjár í Nissan Diesel Motor en hefur hug á að verja sem nemur 4 milljörðum sænskra króna eða ríflega 38 milljörðum íslenskra króna til að auka hlutinn í 46,5 prósent á næstu átta árum.



**VÖRUFLUTNINGABÍLL FRÁ VOLVO** Volvo ætlar að auka við hlut sinn í vöruflutningabílaframleiðandanum Nissan Diesel Motors og stækka markað sinn í Asíu á næstu árum.

Volvo er næststærsti framleiðandi á vöruflutningabílum í heiminum á eftir DaimlerChrysler og var haft eftir Carlos Ghosn, forstjóra Nissan, að fyrirtækinu hefði litist best á Volvo sem kaupanda. Með þessu hefur Nissan losað um öll fjárhagstengsl við trukkaframleiðandann.

Volvo hefur verið undir þrýstingi að hækka arðgreiðslur til hluthafa en stjórn félagsins vill fremur ljúka við yfirtökum sem eru á áætlunum félagsins áður en arðgreiðslur verða hækkaðar.

Volvo hóf kaup á bréfum í Nissan Diesel Motor í mars á þessu ári og er stærsti hluthafinn í fyrirtækinu. Með kaupunum er horft til þess að auka markaðshlutdeild fyrirtækisins í Asíu. - jab

## Branson berst gegn gróðurhúsaáhrifum

**Breski auðkýfinginn og orkuboltinn Richard Branson greindi frá því á samráðsfundi Bills Clinton um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, sem haldinn var í New York í Bandaríkjunum í síðustu viku, að hann ætli að verja jafnvirði 400 milljarða íslenskra króna á næstu tíu árum í baráttuna við gróðurhúsaáhrifin.**



**RICHARD BRANSON** Breski auðkýfingurinn Richard Branson greindi frá því á ráðstefnu Bills Clinton í síðustu viku að hann ætlaði að verja hagnaði af rekstri nokkurra fyrirtækja í baráttuna gegn gróðurhúsaáhrifum. MARKAÐURINN/AP

**Hugmynd Bransons er að veita öllum hagnaði af ferðaskrifstofurekstri sínum, svo sem Virgin Atlantic og lestarfélaginu Virgin Trains, til sjóða sem muni þróa umhverfisvænan vél- og tækjabúnað sem gengur fyrir endurnýtanlegri orku.**

**Branson er þriðji auðkýfingingurinn til að greina frá því að hann ætli að fjármagna „góð“ málefni á borð við þetta en ekki hans fyrsta því hann hefur gefið peninga til menntamála í Afríku.**

**Í júní greindi bandaríski fjármálamógúllinn Warren Buffett frá því að hann ætli að setja jafnvirði 2.600 milljarða íslenskra króna í góðgerðasjóð Bills Gates, stofnanda Microsoft, og eiginkonu hans sem meðal annars fjármagnar þróun bóluefnis gegn alnæmi. Gates greindi svo frá því skömmu síðar að hann hygðist draga sig út úr afskiptum af Microsoft og einbeita sér í framtíðinni að rekstri góðgerðasjóðsins.** - jab

# Bílaforstjórar ræða samstarf í vikunni

### Viðræður General Motors, Renault og Nissan um samstarf hafa ekki skilað árangri og þykir ólíklegt að af því verði.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Líkur á samstarfi bandaríska bílaframleiðandans General Motors (GM), hins franska Renault og japanska samkeppnisaðila þeirra, Nissan, eru sagðar hafa minnkað til muna eftir að lítill árangur náðist í viðræðum forstjóra félaganna á dögunum.

Viðræðurnar hófust í júlí eftir að bandaríski auðjöfurinn Kirk Kerkorian, einn stærsti hluthafinn í GM, léð máls á því að forstjórar bílaframleiðendanna Renault og Nissan hefðu hug á samstarfi með GM. Þeim lauk í enda ágúst án viðunandi niðurstöðu en forstjórarnir munu hittast á ný í vikunni. Ekki er búist við niðurstöðu úr viðræðunum fyrr en um miðjan næsta mánuð.

Að sögn bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal strönduðu viðræðurnar á því að forstjórar Renault og Nissan sáu fyrir sér víðtækt samstarf á sviði bílaframleiðslu til að auka hagræði í rekstri fyrirtækjanna. Því er öfugt farið með GM, sem mun vera að stjórn fyrirtækisins vill einskorða samstarfið við nokkrar sameiginlegar verksmiðjur og framleiðslu á fáeinum bílategundum. Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor´s hefur kannað stöðuna og mat það svo í síðustu viku að hagræðið verði minna en vonir stóðu til í upphafi. Hagræði yrði minnst hjá GM og telur matsfyrirtækið því litlar líkur á samstarfi bílaframleiðenda þriggja.



**KIRK KERKORIAN** Bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian átti frumkvæði að samstarfi bílaframleiðandanna GM, Nissan og Renault fyrr í sumar. Viðræður hafa engum árangri skilað og þykir samstarfið ólíklegt. MYND/AFP

SKAMMTÍMASJÓÐUR

13,6%*

Skammtímasjóður er góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi eftir 30 daga. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun sl. 6 mánuði m.v. 31.08.2006

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!




**VIÐ EINA VERSLUN IKEA Í BANDARÍKJUNUM** Ikea ætlar að ráða þúsundir starfsmanna vegna opnunar margra verslana um allan heim á næstu árum. MARKAÐURINN/AP

## Ikea ræður þúsundir starfsmanna

Sænski húsgagnarisinn Ikea ætlar að ráða tugþúsundir nýrra starfsmanna víða um heim á næstu árum. Anders Dahlvig, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir ástæðuna vera mikinn fyrirhugaðan vöxt Ikea og opnun fjölda nýrra verslana um allan heim á næstunni.

„Við verðum að ráða að minnsta kosti 10.000 manns til að fylla í stöður,“ sagði hann í samtali við sænska viðskiptablaðið Dagens Industri á mánudag.

Ikea starfrækir rúmlega 230 verslanir í 33 löndum, þar á meðal eina á Íslandi. Fyrirhugað er að opna 24 nýjar verslanir á næstu 12 mánuðum, þar á meðal í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Svíþjóð. Þá mun Ikea sömuleiðis vera að horfa til Indlands en ekkert liggur fyrir hvort nokkur verslun verði opnuð þar á næstunni, að sögn Dahlvigs.

Velta Ikea nam 17,3 milljörðum evra eða jafnvirði 1.500 milljarða íslenskra króna á síðasta rekstrarári sem lauk í enda ágúst en það er þrefalt meiri velta en á síðasta ári.

Ikea er 63 ára gamalt fyrirtæki og enn í einkaeigu. Stofnandi þess, Ingvar Kamprad, er á 81. aldursári og hefur verið á meðal ríkustu manna í heimi um árabil. - jab




# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta villibráð

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**KRÓNHJARTARFILLE**
með kartöflukrókettum, rjómasoðnu
hvítkáli og kóngasveppasósu

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Veldu þér veislu á 5.950 kr.

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið.*
*Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli sem er kr. 8.750,-*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**

*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is




**MICHAEL E. PORTER Á RÁÐSTEFNU Á INDLANDI** Prófessor Porter er eftirsóttur fyrirlesari um stefnumótun og samkeppnishæfni víða um heim. Hann hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín og skipar eina virðingarverðustu stöðuna innan Harvard háskóla.
**NORDICPHOTOS/AFP**

**2. OKTÓBER 2006**
**DAGSKRÁ PORTERS**

*Hótel Nordica:* kl. 7:30-11:00
Fyrirlestur: *Samkeppnishæfni Íslands*

*Hátíðasalur Háskóla Íslands:* kl. 12:15– 13:00
*Heiðursdoktorsnafnbót*

*Háskólabíó:* kl. 14-15
Fyrirlesturinn: *What is strategy?*

# Hugsuður viðskiptalífsins ræðir um samkeppnishæfni

**Michael E. Porter**, prófessor við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, flytur tvo fyrirlestra á Hótel Nordica og í Háskólabíói um samkeppnishæfni Íslands og stefnumótun og samkeppnisaðferðir í víðara samhengi í næstu viku á vegum Capacent. Margir hafa lengi beðið komu Porters hingað til lands en hann þykir einn merkasti hugsuður viðskiptalífsins um stefnumótun fyrirtækja og samkeppnismál. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* leit yfir feril Porters og leitaði til nokkurra einstaklinga sem hafa kynnt sér hugmyndir hans.

Bandaríski hagfræðingurinn Michael E. Porter er væntanlegur til landsins í næstu viku og mun halda tvo fyrirlestra meðan á dvöl hans stendur. Fyrri fyrirlesturinn verður á ráðstefnu á Hótel Nordica að morgni 2. október en þar mun hann kynna í fyrsta sinn niðurstöður nýrrar rannsóknar um samkeppnishæfni Íslands. Í hádeginu tekur Porter svo við heiðurdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskólans. Að því loknu mun Porter flytja seinni fyrirlestur sinn í Háskólabíói og ber hann heitið „What is strategy?"

Heimsókn Porters er svo sannarlega hvalreki á fjörur jafnt stjórnenda fyrirtækja sem og hag- og viðskiptafræðinga og áhugamanna en hann er með virtustu hagfræðingum í heimi og af mörgum talinn fremsti hugsuður heims á sviði stefnumótunar og stjórnunar. Porter hefur fengið fjölda virtra viðurkenninga fyrir störf sín og var kosinn einn helsti og áhrifamesti hugsuður viðskiptalífsins undir lok síðasta árs. Til samanburðar var Bill Gates, stofnandi og stjórnarformaður bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, í öðru sæti listans sem náði yfir 50 helstu stjórnendur og hugsuði í viðskiptalífinu um allan heim.

### SÉRFRÆÐINGUR Í STEFNUMÓTUN

Michael E. Porter fæddist árið 1947. Hann lauk B.E.S. gráðu með láði í geimtækni og vélaverkfræði frá Princeton University árið 1969 og var í kjölfarið valinn í tvö heiðursmannafélög háskólastúdenta við skólana. Tveimur árum síðar lauk hann svo M.B.A. prófi frá Harvard Business School og hlaut doktorsgráðu í viðskiptahagfræði frá Harvard háskóla árið 1973.

Hann gegnir prófessorsstöðu við Harvard Business School en árið 2001 komu skólinn og Harvard háskóli á fót stofnun stefnumótunar og samkeppnishæfni (Institute for Strategy and Competitiveness ) til að efla starf hans. Þetta mun vera það lengsta sem nokkur prófessor kemst í Harvard og sýnir vel hversu hátt hann er metinn í fræðasamfélaginu í Bandaríkjunum.

Stofnun Porters hefur boðið viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands til samstarfs um kennslu í rekstrarhagfræði á meistarastigi með sérstakri áherslu á samkeppnishæfni fyrirtækja og þjóða (Microeconomics of Competitiveness) og er það nú í undirbúningi.

Porter hefur sleitulítið starfað á sviði hagfræði frá upphafi ferils síns en aðalsvið hans er stefnumótun fyrirtækja, samkeppnisaðferðir og samkeppnishæfni og efnahagsleg þróun þjóða um allan heim. Þá hefur hann samhliða því verið ráðgjafi um stefnumótun hjá mörgum af fremstu fyrirtækjum í heimalandi sínu og hjá ýmsum alþjóðlegum fyrirtækjum. En auk þessa þá er hann einnig aðal stefnuráðgjafi bandaríska hafnaboltaliðsins Boston Red Sox sem keppir í atvinnumannadeildinni vestra.

### AFKASTAMIKILL OG VIRTUR HÖFUNDUR

Samhliða starfi sínu sem prófessor í Harvard hefur Porter skrifað 17 bækur og yfir 125 greinar, sem margar hverjar hafa verið kenndar í stefnumótun víða um heim, þar á meðal hér á landi. Þrjár bækur hans um stefnumótun og samkeppnishæfni skipa hins vegar stærstan sess í höfundarverki Porters en þær skutu honum upp á stjörnuhimininn á sviði stefnumótunar.

Fyrsta bókin, Competitive Strategy: Techniques for Analyzing Industries and Competitors, kom út árið 1980. Hún hefur verið prentuð 63 sinnum og þýdd á 19 tungumál. Þar fjallaði Porter um samkeppniskraftagreininguna svokölluðu, sem tekur á þeim öflum sem fyrirtæki þurfa að kljást við í umhverfi sínu.

Hin bókin er Competitive Advantage: Creating and Sustaining Superior Performance, sem kom út fimm árum síðar, og hefur hún verið prentuð 38 sinnum. Þriðja bókin, The Competitive Advantage of Nations, kom svo út fyrir sextán árum en hvati hennar var þegar Ronald Reagan, fyrrum forseta Bandaríkjanna, skipaði hann í nefnd sína um samkeppnishæfni iðnaðarins árið 1983. Bókin varð síðan upphafið að vangaveltum hans sem snúa að samkeppnishæfni og efnahagslegri þróun. Í bókinni er varpað fram nýrri kenningu um samkeppni þjóða, ríkja og svæða og uppspretta efnahagslegrar velmegunar þeirra. Henni var fylgt eftir með yfirgripsmikilli röð bóka um áhrif staðsetningar á samkeppni með áherslu á hlutverk þyrpinga. Þessar kenningar hafa haft mikil áhrif á stefnumótun efnahagsmála um allan heim.

Porter mun vera með átjándu bók sína í smíðum og er hann sagður stefna að því að ljúka henni á þessu ári.

## Ýtti undir áhuga á viðskiptum



**HANNES SMÁRASON** Forstjóri FL Group segir að hægt sé að nota samkeppniskraftagreiningu Michaels E. Porter til að greina tækifærin á samkeppnismarkaði. MARKAÐURINN/E.ÓL.

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, komst í fyrstu bók Michaels E. Porter um samkeppniskraftagreininguna frá 1980 í kringum 1988 þegar hann var við nám í MIT í Boston í Bandaríkjunum.

„Mér fannst hugmyndir hans mjög áhugaverðar og það má segja að þótt þetta séu engin raunvísindi þá er þarna ákveðin skipulögð hugsun um það hvernig greina má samkeppnisumhverfið og möguleika fyrirtækja til að ná árangri," segir Hannes enda hægt að beita greiningu Porters á flesta þætti í fyrirtækjarekstri.

Hannes segir bókina hafa haft töluverð áhrif á sig. „Þetta ýtti undir þann áhuga sem ég hafði á viðskiptum og hjálpaði til við að leggja grunninn að ákveðinni rökhugsun um það hvernig maður greinir tækifærin á samkeppnismarkaði. Þá getur maður notað hana til sjá hvar fyrirtæki er statt hverju sinni og hvernig málum er háttað gagnvart bæði birgjum og viðskiptavinum," segir hann og bætir við að greiningin sé mikilvæg fyrir stjórnendur enda geti þeir beitt henni til að sjá hvernig fyrirtæki þeirra stendur sig í samkeppni við önnur félög. - jab



Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

# *Leiðarvísir að fyrirmyndarfyrirtæki*



**ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR** Þórdís komst í kynni við kenningar Porters þegar hún var í MBA námi í Belgíu.

Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir Michael E. Porter ótrúlega flinkan fræðimann. Samkeppniskraftagreining hans um mikilvægi þess að fyrirtæki greini markaðinn og setji sér skýra stefnu sé í fullu gildi, að hennar sögn.

„Þetta er grunnhugsun hjá flestum fyrirtækjum enda fjallar hún meðal annars um það hvernig fyrirtæki geta boðið annað og betra en þau fyrirtæki sem þau eru að keppa við,“ segir Þórdís en hún komst í kynni við kenningar Porters úr bók hans Competitive Strategy: Techniques for Analyzing Industries and Competitors frá árinu 1980 þegar hún var í M.B.A. námi í Vlerick í Belgíu. Þaðan útskrifaðist hún árið 2001.

„Það getur verið hættulegt fyrirtækjum að gleyma að skilgreina viðskiptavini sína og ákveða hvaða hópa það vill ná til,“ segir Þórdís og bætir við að afleiðingarnar geti orðið þær að fyrirtæki sem slíku gleymi reyni að gera allt. Að þessu leyti líkist greining Porters leiðarvísi að rekstri fyrirmyndarfyrirtækis, að hennar sögn.

Þórdís tekur þátt í pallborðsumræðum að loknum fyrirlestri Porters á ráðstefnu um samkeppnishæfni Íslands á Hótel Nordica 2. október. *- jab*

# *Braut blað í stefnumótunarfræðum*



**RUNÓLFUR SMÁRI STEINÞÓRSSON** Samkeppniskraftagreiningin er rauður þráður í bókum Michaels E. Porter, að sögn Runólfs Smára Steinþórssonar, prófessors við viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, segir að sterk staða Michaels E. Porter á sviði stefnumótunar og fyrirtækjarekstrar sé ótvíræð. Hann sé prófessor á efsta stigi, lengra verði ekki komist í Harvard. Því til sönnunar sé bæði titill hans og stofnun í stefnumótun og samkeppnishæfni sem sett var á laggirnar við Hardvard til að efla starf hans.

Runólfur hélt kynningu á Porter í Háskóla Íslands í síðustu viku þar sem hitað var upp fyrir ráðstefnuna og fyrirlesturinn á mánudag í næstu viku. „Þetta er einstaklingur sem brýtur blað í stefnumótunarfræðunum árið 1980 þegar hann gerir meðal annars grein fyrir ferli verðmætasköpunar innan fyrirtækja,“ segir Runólfur og bætir við að þótt stefnumótunarfræðin hafi mótast um 20 árum áður en Porter skrifaði bók sína þá hafi ekki verið búið að stilla fræðunum upp með sama hætti og hann gerði með samkeppniskraftagreiningunni.

„Hún þykir núna ómissandi verkfæri í greiningarvinnu við stefnumótun í rekstri fyrirtækja,“ segir Runólfur og bendir á að kenning Porters sé rauður þráður í gegnum fleiri bækur hans, meðal annars í bók hans um samkeppnishæfni þjóða frá árinu 1990. *- jab*


*Vantar diskapláss?*

HITACHI DATA SYSTEMS

*Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!*



*Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina hágróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð. Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.*

*HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja. Nánari upplýsingar eru á: www.hds.com eða í síma 575 9200.*

Verð **833.222*** m.vsk

**Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI**

- Single Controller
- 2 x 2 ISCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur

iSCSI sameinar tvo samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjárfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.

HITACHI DATA SYSTEMS | TrueNorth Partner Gold

Tölvuþjónustan SecurStore - 575 9200

* Verð sem miðast við gengi DKK þann 24.08.06. Athugið að 19" skápur sem sýndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.






Nýr GL-Class ofurjeppi

ASKJA

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Virðing

Verkfræðingum og hönnuðum Mercedes-Benz hefur tekist að skapa nýjan ofurjeppa sem setur ný viðmið í sínum flokki. Hinn nýi GL-Class jeppi er fáanlegur með afar kröftugum en jafnframt sparneytnum vélum, t.d. skilar 420 CDI dísilútfærslan sannkallaðri sportbílasnerpu (0-100 km/klst. á aðeins 7,6 sek.) með sínum 306 hö. og togi upp á 700 Nm. Stærsta vélin í GL-Class er 5 lítra, 388 hestafla bensínvélin sem skilar þessum stóra og kröftuga jeppa úr 0 í 100 á aðeins 6,5 sekúndum! Aksturseiginleikarnir eru einstakir og hann er afar rúmgóður og kröftugur í alla staði og við allar aðstæður. GL-Class jeppinn hefur alls staðar aflað sér mikillar virðingar hjá sérfræðingum og þeim sem gera ýtrustu kröfur til gæða.

Mercedes-Benz

ÁSKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi.

**YS OG ÞÝS Í OMX KAUPHÖLLINNI DÖNSKU** Margir telja heppilegt að gengið hafi verið inn í OMX samstarfið áður en til frekari samruna stærri kauphalla kunni að koma. Er talið óvíst að kauphöll af þeirri stærðargráðu sem yrði til við samruna Lundúnakauphallarinnar og OMX eða í samstarfi við Nasdaq hefði mikinn áhuga á því að leggja í vinnu við að koma á samstarfi við jafnlitla kauphöll og sú íslenska er. Mynd/OMX Kaupmannahöfn




# Innan OMX fá fyrirtækin aukna athygli og fleiri tækifæri

Stærri fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru talin njóta góðs af fyrirhuguðum samruna kauphallarinnar hér við OMX kauphallirnar. Helsta áhyggjuefnið meðan verið var að velta fyrir sér sölunni var hvernig smærri fyrirtækjum myndi reiða af. Þrjú íslensk fyrirtæki eru meðal 50 stærstu félaga OMX. *Óli Kristján Ármannsson* kynnti sér samrunann og viðhorf til hans.

Almennt virðist mikil ánægja ríkja með fyrirhuguð kaup OMX, sem rekur kauphallir á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum, á Eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi, sem á og rekur Kauphöll Íslands. Talað er um að þarna hafi verið stigið tímabært skref í að þróa markaðinn hér, enda smæð hans jafnvel talin hafa verið farin að hamla stærstu fyrirtækjunum sem á hann eru skráð. Þá hafa forsvarsmenn fyrirtækja talað um að hér hafi skort á áhuga erlendra fjárfesta og greiningardeilda stórra erlendra banka.

Þrjú fyrirtæki Kauphallarinnar rata inn á lista yfir 50 stærstu félög innan OMX, Kaupþing banki í 22. sæti, Glitnir banki í 47. sæti og Landsbanki Íslands í 48. sæti. Þá er ekki langt í tvö næstu fyrirtæki Exista og Actavis, markaðsvirði þeirra er nú um 255 og 226 milljarðar króna, en finnska fyrirtækið Kesko, sem er í 50. sæti á listanum, er 279 milljarða króna virði.

### SAMEININGIN Í HNOTSKURN

Í kjölfar fyrirhugaðra kaupa á Eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi verður OMX móðurfélag samstæðunnar.

OMX er þegar skráð félag í kauphöllunum í Stokkhólmi, Helsinki og Kaupmannahöfn og þegar gengið hefur verið frá kaupunum hyggst félagið sækja um skráningu í Kauphöll Íslands.

Eftir kaupin lúta Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráning Íslands eftir sem áður íslenskum lögum og eftirliti íslenskra yfirvalda.

Kauphöll Íslands verður markaðssett undir merkjum OMX.

Stjórn OMX kauphallanna samanstendur af framkvæmdastjórum innan OMX og utanaðkomandi stjórnarmönnum sem eru fulltrúar lykilhluthafa. Stjórnin mun hafa einn utanaðkomandi stjórnarmann sem er fulltrúi íslenska markaðarins. Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing ætlar að skipa ráðgjafanefnd með núverandi stjórnarmönnum Eignarhaldsfélagsins sem á að veita ráðgjöf um skipan íslensks stjórnarmanns í stjórn OMX kauphallanna. Þá er sú nefnd sögð reiðubúin til ráðgjafar um önnur mikilvæg málefni fyrir íslenskan markað.

Lenner & Partners eru fjárhagslegir ráðgjafar við kaupin og Vinge lögfræðilegur ráðgjafi OMX. JPMorgan er svo fjárhagslegur ráðgjafi Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings og Logos lögmannsþjónusta lögfræðilegur ráðgjafi.

**ÁVINNINGUR FYRIR ALLA**

Gengið var frá viljayfirlýsingu um kaupin í síðustu viku en formleg undirritun á að verða í lok næsta mánaðar. Stefnt er að því að sameiningin taki gildi um áramót og íslensk fyrirtæki verði þá hluti af Norræna listanum. Í kjölfarið eyst sýnileiki fyrirtækjanna til muna og um leið verður markaðsupplýsingum héðan dreift með öðrum upplýsingum frá OMX og íslensk bréf verða hluti af OMX vísitölunum. Vísitölur fyrir íslensk bréf endurspegla svo áfram þróunina í kauphöllinni hér.

Kaupverðið nemur um þremur milljörðum króna, en hluthöfum í eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi býðst að fá nýútgefna 2,07 milljón hluti í OMX í skiptum fyrir hlut sinn í Verðbréfaþingi. Verðmæti bréfanna er metið á 2.450 milljónir króna. Að auki fá hluthafar greitt handbært fé og verðbréf í eigu Verðbréfaþings að verðmæti 570 milljónir króna.

Eftir kaupin lúta Kauphöllin og Verðbréfaskráning áfram íslenskum lögum og eftirliti yfirvalda. Þá er kálið ekki alveg sopið því kaupin eru háð áreiðanleikakönnun, undirritun samnings um sameiningu, samþykki eftirlitsstofnana og samþykki aukaaðalfundar OMX. Ekki eru þó taldar miklar líkur á að snurða hlaupi á þráðinn úr þessu.

Sameining OMX og Kauphallarinnar er sögð munu hafa ávinning í för með sér fyrir alla sem að málum koma um leið og stuðlað sé að enn frekari samþættingu norræns verðbréfamarkaðar. Fyrir rekur OMX kauphallir í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Helsinki, Ríga, Tallin og Vilníus. Kauphöll Íslands sér svo um rekstur VMF, kauphallarinnar í Færeyjum, og því í raun ekki nema Kauphöllin í Osló í Noregi sem stendur stök fyrir þetta samstarf kauphalla Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Þegar tilkynnt var um kaupin var haft eftir Jukku Ruuska, forstjóra kauphallararms OMX, að félagið væri ánægt með að dýpka samstarfið enn frekar og það byði markaðinn hér velkominn inn í OMX. „Við erum að skapa samþættan norrænan markað til að auka viðskipti milli Norðurlandanna og gera hann meira aðlaðandi í augum erlendra fjárfesta,“ sagði hann.

**ÁFRAMHALDANDI SAMHÆFING**

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir það sem snýr að skráðum fyrirtækjum,

## *iSEC verður First North*

Um áramótin, þegar samruninn við OMX gengur í garð, verður einnig nafni iSEC, hlutabréfamarkaðar Kauphallarinnar fyrir smá og millistór fyrirtæki, breytt og hann fær heitið First North. First North er annar stærsti evrópski hlutabréfamarkaðurinn fyrir smá og millistór fyrirtæki hvað fjölda fyrirtækja varðar. Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallarinnar segir ástæðuna fyrir breytingunni fyrst og fremst vera þá að OMX sé með sambærilega First North markaði, eða markaðstorg á hinum Norðurlöndunum. „Við viljum fella íslenska markaðinn undir það heiti og teljum það einfaldlega markaðnum til góðs að tilheyra stærri fjölskyldu. Við ætlum hins vegar ekki að breyta viðskiptahugmyndinni í sjálfu sér, en hún er ekki alveg sambærileg í öllum atriðum við hina First North markaðina þótt ekki muni þar miklu, auk þess sem reynd ar er líka munur á milli Norðurlandanna líka. En við ætlum að reyna til þrautar þá uppbyggingu markaðarins sem lagt var upp með,“ segir Þórður og bendir á að mikil fjölgun fyrirtækja sé á First North mörkuðunum. „Ég er staðfastlega þeirrar trúar að við eigum eftir að sjá þann markað lifna vel við.“ Sem stendur er einungis eitt fyrirtæki, Hampiðjan, skráð á iSEC markaðinn, en hann var gangsettur fyrr á árinu. Þórður segir að smám saman verði trúlega aukin samræming meðal allra First North markaðanna.



## VILL HEFJA HVALVEIÐAR STRAX

*Frðrik J. Arngrímsson* SJÁ BLS. 2



## ÓÞRJÓTANDI TÆKIFÆRI

*Finnbogi Baldvinsson hjá Icelandic Europe* SJÁ BLS. 4

[ SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG – MIÐVIKUDAGUR 27. SEPTEMBER 2006 ]

# Sjávarútvegurinn



## EFNISYFIRLIT

STÖÐUGLEIKINN STÆRSTA VERKEFNIÐ
*Friðrik Jón Arngrímsson*
BLS. 2

ICELANDIC GROUP
*Meira en kaup og sala á fiski* BLS. 4

AFURÐAVERÐ
*Aldrei mælst hærra* BLS. 4



GENGI KRÓNU HEFUR MIKIL ÁHRIF
*Ísfélag Vestmannaeyja*
BLS. 6

MARORKA
*Nýsköpunarsjóður eignast stóran hlut* BLS. 8

SUÐURLAND Á STRÖNDUM
*Liggur við bryggju*
BLS. 6

MEIRIHLUTI FYLGJANDI HVALVEIÐUM
*Hvalastofnar í sögulegu hámarki*
BLS. 10



ER UPPBYGGING Á DÖFINNI?

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla, atvinnutækja, skrifstofubúnaðar og atvinnuhúsnæðis.

- **Kaupleiga**
  Leigðu tækið og eignfærðu
- **Rekstrarleiga**
  Greiddu aðeins fyrir afnot af tækinu
- **Fjármögnunarleiga**
  Leigðu tækið og gjaldfærðu
- **Fjárfestingarlán**
  Fjármögnun með veði

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á **www.glitnirfjarmognun.is**

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

# Stöðugleikinn stærsta verkefnið

Mörg baráttumál brenna á Friðriki Jóni Arngrímssyni, framkvæmdastjóra LÍÚ. Friðrik gagnrýnir hagstjórn Seðlabankans harðlega, segir að hefja ætti hvalveiðar strax á morgun og vill klippa á veiðarfæri sjóræningjaskipa. Mikilvægast af öllu er þó að varðveita stöðugleika í sjávarútvegi, því sé nauðsynlegt að festa fiskveiðistjórnunarkerfið í sessi til langframa.


Tæplega áttatíu prósent landsmanna vilja hefja hvalveiðar á ný. Friðrik telur um þjóðþrifamál að ræða. „Ef einn stofn er látinn vaxa en annar nýttur þá endar það illa. Stór hluti skýringarinnar á því að við nýtum ekki þorskstofninn betur en raun ber vitni er sá að hvalurinn fær að leika lausum hala.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsamband íslenskra útvegsmanna nefnast hagsmunasamtök útvegsmanna. Yfirlýstur tilgangur samtakanna er margvíslegur; meðal annars að stuðla að framförum í sjávarútvegi, hagkvæmri nýtingu sjávarstofna og vinna að umhverfismálum. Þá gæta samtökin hagsmuna útvegsmanna við gerð kjarasamninga, taka þátt í alþjóðasamstarfi og fylgjast með samningsgerð íslenska ríkisins við önnur ríki. Samtökin eru einnig í forsvari við rekstur mála fyrir dómi og gagnvart stjórnvöldum er snerta sérstaklega réttindi og hagsmuni félagsmanna.

Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir um hagsmunasamtök í víðum skilningi að ræða. „Við höfum mikil samskipti við ríkisvaldið hvort sem það er ríkisstjórn, Alþingi eða stofnanir ríkisins. Stór þáttur starfseminnar snýst um að koma að frumvörpum, hjálpa til við útfærslu reglna auk þess sem haft er mikið samráð við okkur varðandi nýtingu auðlinda.“ Hann segir samtökin taka nokkurn þátt í alþjóðasamstarfi meðal annars samningum um deilustofna auk þess að taka þátt í svokölluðum svæðastofnunum.

Innan LÍÚ eru ellefu svæðisbundin útvegsmannafélög. Samtökin eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og felur þátttaka í LÍÚ því í sér beina aðild að Samtökum atvinnulífsins, með öllum þeim réttindum og skyldum sem fylgja.

Hjá samtökunum starfa átta manns; meðal annars hagfræðingur, sérfræðingur í fiskveiðistjórnun auk aðstoðarframkvæmdastjóra. Starf framkvæmdastjórans felst í því að vera málsvari samtakanna út á við auk þess að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri.

„LÍÚ beitir sér fyrir ábyrgri auðlindanýtingu. Það er ljóst að við þurfum að fara varlega, sérstaklega varðandi þorskstofninn sem er okkar mikilvægasti stofn. Hins vegar teljum við að til að ná árangri verðum við að nýta allar auðlindir. Þar er hvalurinn ekki undanskilinn,“ segir Friðrik Jón.

## Hávaxtastefnan beinlínis röng

Aðstæður eru nokkuð góðar í sjávarútvegi nú um stundir að mati Friðriks Jóns. Staða á mörkuðum sé almennt góð þótt nokkur óvissa ríki um tegundir á borð við loðnu og rækju. Hann segir þó rekstrarskilyrði í sjávarútvegi gríðarlega háð gengi krónunnar. „Gengið er alltof sterkt núna. Eðlilegt væri að gengisvísitalan væri á bilinu 130 til 140. Við vonumst til að það lagist fyrr en seinna.“

Friðrik segir samtökin ekki hafa mótað sérstaka afstöðu til þess hvort taka eigi upp evru hér á landi. Enda væru áhrif mestu stórframkvæmda Íslandssögunnar þau sömu, hvort sem gjaldmiðillinn heitir evra eða króna. Friðrik tekur þó undir með Samtökum atvinnulífsins og fleirum sem gagnrýnt hafa hagstjórn Seðlabankans. „Við erum algerlega mótfallin hávaxtastefnu Seðlabankans. Hún er beinlínis röng og hefur valdið miklum skaða, bæði hjá sjávarútvegsfyrirtækum og öðrum fyrirtækjum í útflutningsgreinum.“

Friðrik telur áhrifin þó ekki síst koma við venjulegt fólk í landinu. „Á endanum er það venjulegt fólk sem greiðir þessa háu vexti. Seðlabankinn og önnur stjórnvöld þurfa alvarlega að hugsa sinn gang. Þótt ég sé alls ekki að segja að ástandið væri betra væri stjórnarandstaðan við völd.“

Stærsta áskorun LÍÚ er að mati Friðriks að tryggja stöðugleika í greininni þannig að fjárfestar og aðrir sem vinna við sjávarútveg búi við góðar aðstæður. „Við þurfum auðvitað alltaf að glíma við ýmsa ytri þætti á borð við stöðu fiskistofna, fiskgengd og gengi gjaldmiðla en stóra málið er að tryggja rekstrarumhverfi í sjávarútvegi. Þegar menn fjárfesta í veiðiheimildum verða þeir að geta gengið að því að aðstæður breytist ekki á morgun.“

Hann segir menn hafa fjárfest í sjávarútvegi fyrir tugi milljarða og nauðynlegt að tryggja að sú fjárfesting hverfi ekki á örskotsstundu. „Stóra málið sem við stöndum frammi fyrir er að tryggja fiskveiðistjórnunarkerfið til lengri tíma. Enda skilar það mestu ef menn geta hugsað og gert áætlanir til lengri tíma.“

## Hvalveiðar strax á morgun

LÍÚ hefur barist fyrir því að hvalveiðar hefjist að nýju við Íslandsmið. Nýlega létu samtökin, ásamt öðrum hagsmunahópum, gera könnun þar sem fram kom að rúmlega 77 prósent landsmanna eru því fylgjandi að hvalveiðar hefjist að nýju. Friðrik telur ekkert því til fyrirstöðu að hvalveiðar hefjist strax á morgun enda sé um mun mikilvægara mál að ræða en margan grunar. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir því hversu mikil áhrif hvalurinn hefur á lífríki sjávar. Hvalir éta sex milljónir tonna úr lífríkinu árlega, tvær milljónir tonna af fiski á ári hverju, og þar af tæplega milljón tonn af loðnu. Við teljum að þetta verði að gerast nú fyrr en seinna.“

Friðrik segir hvalveiðar upphaflega hafa verið stöðvaðar á þeim grundvelli að svo gríðarlega hefði gengið á hvalastofna. Þau rök haldi nú ekki lengur enda hvalastofnar í sögulegu hámarki. Rúmlega fjörutíu þúsund hrefnur séu nú í sjónum og að langreyðarstofninn telji um 24 þúsund dýr. „Ef við náum þessum stofnum niður þá getum við veitt fyrir á annan tug milljarða króna til viðbótar á ári hverju. Þetta gerist auðvitað ekki á einu ári, heldur þyrfti að fækka hvölunum skref fyrir skref.“

Friðrik segir þessa útreikninga miða við að það fækki um þrjátíu prósent af hrefnu, langreyði og sandreyði.

Áhrif hrefnunnar séu þó langmest, enda éti hún helming á móti öðrum tegundum. Friðrik segist eiga bágt með að trúa öðru en að hvalveiðar hefjist fyrr en síðar, enda væri annað óskynsamlegt. „Þetta er gríðarlega mikilvægt mál með tilliti til nýtingar á fiskistofnum. Það segir sig einfaldlega sjálft að ef einn stofn er látinn vaxa en annar nýttur þá endar það illa. Stór hluti skýringarinnar á því að við nýtum ekki þorskstofninn betur en raun ber vitni er sá að hvalurinn fær að leika lausum hala.“

## Eigum að klippa á sjóræningja

Sjóræningjaveiðar hafa verið nokkuð í umræðunni undanfarið. Friðrik segir ýmislegt hafa áunnist í baráttunni gegn ólöglegum veiðum. „Í sumar var eftirlitsskip á miðunum sem tók afla af þessum skipum. Síðan hefur þeim skipum sem uppvís hafa verið af ólöglegum veiðum verið fylgt eftir. Við vitum til að mynda að Pole Star, sem var hér á miðunum um daginn, er komið til Kóreu.“

Sjóræningjaskip hafa veitt allt að þrjátíu þúsund tonn á ári af karfa þegar mest lætur og því augljóst að hér duga engin vettlingatök. „Þessi skip dúkka upp ár eftir ár á nýjum fána og stundum með nýja útgerðaraðila. Þetta er ekkert nema glæpastarfsemi og ég tel að við eigum að beita okkur harðar gegn þeim. Þá er langnærtækast að beita klippum.“

Friðrik segir ríki sem veita sjóræningjaskipum skálkaskjól brjóta gegn Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðasamningum. „Þessi ríki rækja engar skyldur og eru algerlega utan laga og réttar. Þess vegna tel ég réttlætanlegt að beita sjóræningjaskipin hörðu.“

Íslenskt hráefni eldað á kóreskan máta, það gerist ekki betra!

Við á Galbí bjóðum upp á ferskt og vel valið hráefni sem þú grillar síðan á ekta kóreskri grillpönnu, flutt inn sérstaklega fyrir okkur.

GALBI RESTAURANT
KOREAN BARBEQUE

Barónstígur 2-4, Reykjavík • Sími 544 4448

Skipaþjónusta

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

'Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is




# NÝ KYNSLÓÐ KRÓKABÁTA

## SEIGUR 1250W - SVO MIKLU MIKLU STÆRRI








**Nýr Seigur**
**fyrir öryggið**

**Nýr Seigur**
**fyrir gæði aflans**

**Nýr Seigur**
**fyrir aðstöðu manna**

**Nýr Seigur**
**fyrir andófið**

## FREMSTIR FYRIR HRAÐA OG SPARNEYTNI

**Vinnuhraði 18-25 sjómílur • Fellikjölur staðalbúnaður • Lestin 29 kör**

**SEIGLA EHF**

Grandagarði 18 • 101 Reykjavík • Island • Sími + 354 551 2809 • Fax + 354 551 2810 • E-mail seigla@seigla.is

# Miklu meira en kaup og sala á fiski

Icelandic Group hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum árum og er í dag markaðsdrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki með umfangsmikla starfsemi víðs vegar um heim. Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Europe, segir tækifærin í sjávarútvegi óþrjótandi.

Icelandic Group, sem bar nafnið Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna allt fram til ársins 2005, var stofnað árið 1942 í þeim tilgangi „að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til reksturs hraðfrystihúsanna, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum“.

Síðan þessi orð voru skráð í lög félagsins hafa mörg vötn runnið til sjávar. Félagið hefur tekið stakkaskiptum og er nú alþjóðleg samstæða fjölmargra, sjálfstæðra fyrirtækja í framleiðslu og sölu sjávarafurða auk nokkurra fyrirtækja sem sérhæfa sig í þjónustu við systurfyrirtækin. Félagið hefur því færst frá því að hafa sölu fisks að aðalmarkmiði til þess að vera allsherjar framleiðslu-, sölu- og markaðsdrifið fyrirtæki sem meðal annars hefur haslað sér völl í ferskum og kældum sjávarafurðum.

### Leiðir uppstokkun á rekstri Icelandic Europe

Icelandic Group hefur að undanförnu staðið í allsherjar endurskipulagningu á uppbyggingu félagsins. Finnbogi Baldvinsson hefur verið forstjóri Evrópuhluta Icelandic Group, Icelandic Europe, síðan í ársbyrjun 2006 og leiðir uppstokkun á rekstri Icelandic Group í Evrópu. Finnbogi, sem hefur verið búsettur í Þýskalandi undanfarin tíu ár, kom inn í samstæðuna við sameiningu Icelandic Group og hins þýska Pickenpack H&H, rótgróins fiskframleiðslufyrirtækis sem á dögunum fagnaði hundrað ára starfsafmæli sínu með pompi og prakt. Við sameininguna eignuðust hluthafar Pickenpack, og þar efst á blaði þeir Finnbogi og Samherji, um 21 prósents hlut í Icelandic Group og eru því meðal stærstu hluthafa.



Frá verksmiðju Pickenpack, dótturfélags Icelandic Group í Þýskalandi.

Einn liður í uppstokkun Icelandic Group í Evrópu var að verksmiðjur félagsins í Frakklandi og Þýskalandi sjá nú alfarið um framleiðslu frosinna fiskafurða. Í sumar keypti Icelandic Group frystisvið Delpierre í Wimille í Frakklandi af Alfesca og Pickenpack Gelmer S.A.S., dótturfélag IG, tók yfir reksturinn. Innifalið í samningnum voru kaup á verksmiðjuhúsi, tækjum, áhöldum, veltufjármunum og viðskiptasamböndum. Framleiðsla á frosnum afurðum frá dótturfyrirtækinu Coldwater UK í Grimsby var því alfarið flutt þaðan og verksmiðjan framvegis sérhæfði sig í framleiðslu kældra rétta. Áætlað er að í heild munu þessar verksmiðjur í Frakklandi og Þýskalandi framleiða yfir 100 þúsund tonn a frystum afurðum á ári.

### Sterkir á sumum mörkuðum og í sókn á öðrum

Icelandic Group starfar bæði á smásölumarkaði og á markaði fyrir veitingahús, mötuneyti og stofnanir. Á síðarnefnda markaðnum hefur fyrirtækið byggt upp vörumerki sitt, ICELANDIC, sem hefur mjög sterka stöðu á vissum mörkuðum og er í sókn á öðrum. Á smásölumarkaði hefur fyrirtækið hins vegar frekar beitt sér að framleiðslu undir merkjum smásölukeðja og stærstur hluti af framleiðsluvörum Icelandic Group er seldur undir annarra merkjum. Þetta fyrirkomulag segir Finnbogi sífellt að verða algengara enda séu nöfn stórra smásöluaðila á borð við Tesco, sem Icelandic Group á í miklum viðskiptum við, sífellt að verða sterkari vörumerki.



Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Europe.

Finnbogi segir ótrúlegar breytingar vera að eiga sér stað í fiskiðnaði í heiminum. Hann segir mikil tækifæri liggja í samlegðaráhrifum og bendir því til staðfestingar á að undanfarið ár hafi eignarhald flestra stærstu fiskframleiðenda heims breyst verulega. Miklar breytingar hafa jafnframt orðið í evrópsku smásöluumhverfi undanfarin ár. Mikið hefur verið um sameiningar og alþjóðavæðingin hefur haldið innreið sína þar og um leið hjá birgjunum sem sjá verslunum fyrir vörum sínum. Hann telur að þessi þróun haldi áfram í sömu átt og nefnir kjöt- og mjólkuriðnaðarinn sem dæmi þar sem undanfarin tuttugu ár hafi verið gríðarleg samþjöppun og samkeppni í hámarki. Hann segir fiskiðnaðinn nokkuð á eftir í þeirri þróun en greinilega á sömu leið.

### Tækifærin liggja í breyttum matarvenjum

Finnbogi bendir á að undanfarin tíu ár hafi neysluhvati fólks breyst töluvert. Áherslan á hollustu og þess að njóta matarins hafi aukist og um leið hafi dregið úr því að hagsýni stjórni neysluvenjum fólks. Ýmis þróun í samfélaginu hafi valdið því að augu fólks séu að opnast í þessa átt. Má þar nefna vandamálið með offitu barna og vinsældir frægra matreiðslumanna á borð við Jamie Oliver sem töfra fram sælkeramat úr hágæðahráefni. Þessar breytingar segir hann greinileg tækifæri fyrir fiskframleiðendur, enda hafi flestar sjávarafurðir lágt hlutfall mettaðrar fitu og mikið magn Omega3 fitusýra sem meðal annars dragi úr hættu á hjartasjúkdómum. Þetta undirstriki jafnframt nauðsyn þess að vera alltaf á tánum í síbreytilegu umhverfi. Vöruþróun og nýsköpun hafi aldrei verið mikilvægari.

Finnbogi er bjartsýnn á framtíð Icelandic Group. Félagið hafi sterka markaðsstöðu í matvælaiðnaði í Evrópu og vörur þess séu þegar í dreifingu hjá öllum helstu smásöluverslunum í Evrópu.

„Við byggjum á mjög sterkum grunni og erum því vel í stakk búin til að verða eitt af leiðandi fyrirtækjunum í þeim breytingum sem eru fyrirséðar á markaðnum með sjávarafurðir.“


# Lausnir í fiskvinnslu til sjós og lands




**Við bjóðum eftirfarandi:**

**M. 950 Hausaklofningsvél (fésvél)**

**M. 900 Gellu-, kinna- og klumbuskurðarvél**

**M. 850 Sundmaga- og lundavél**

**M. 300 Grálúðuhausara**

**M. 422 Hausapressu fyrir þurrk**

**M. 310 Keflaknúsari fyrir þurrk**

**M. 100 Sneiðavél fyrir þurrk**

**(sneiðir heilan fisk og hausar)**

**Smíðum færibönd, þvottakör og fleira.**
**Önnumst uppsetningar.**
**20 ára þjónusta við fiskiðnaðinn.**

**Á. M. SIGURÐSSON ehf.**
Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 2546 - Fax: 565 2548
Netfang: mesa@mesa.is - www.mesa.is


HAGUR VÆNKAST Í SJÁVARÚTVEGI

## Afurðaverð hefur aldrei verið hærra mælt í erlendri mynt

Verð á sjávarafurðum hækkaði um 2,6 prósent mælt í erlendri mynt í ágúst og hefur aldrei verið hærra, samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Afurðaverð hefur hækkað um 7,9 prósent á síðustu þremur mánuðum og um tæp ellefu prósent síðastliðið ár.

Verðið lækkaði hins vegar mælt í íslenskum krónum í mánuðinum. Afurðaverð hefur hækkað um fjórðung mælt í íslenskum krónum frá árinu 2001 og hefur ekki verið hærra frá því í lok árs 2001.

Fram kemur á vef greiningar Glitnis að hagur sjávarútvegsfyrirtækja hafi vænkast verulega á þessu ári með lækkun gengis krónunnar og hækkun á afurðaverði. Auk þess hafi olíuverð lækkað talsvert. Ljóst þyki að framlegð í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja komi til með að batna á yfirstandandi ári. *- jsk*



Sjávarafurðaverð er í hæstu hæðum. Hvort sem mælt er í íslenskum krónum eða erlendri mynt.

# Framtíðin
## í ferskfisk flutningum




CoolSeal
Fiskumbúðir

**CoolSeal** kassinn er nýjung í í kæliflutningum á ferskum fiski frá framleiðanda til kaupanda.

Þar sem CoolSeal kassinn er 15% minni að rúmmáli, er umtalsverður sparnaður í vöru- og geymslukostnaði.

CoolSeal er framleitt úr mjög léttu og háþróuðu efni sem auðvelt er að endurvinna.

Einkaleyfi CoolSeal á suðu samskeyta og frágangi plastbylgjunnar gerir kassann sterkari, gefur betri einangrun og kemur í veg fyrir að óhreinindi eða bleyta komist inn í bylgjuna.







- **CoolSeal umbúðir eru sérstaklega hannaðar til að draga úr umhverfismengun.**
- **CoolSeal lækkar förgunarkostnað.**




**100%**
endurvinnanlegt

**SAMHENTIR**
**KASSAGERÐ ehf.**
UMBÚÐALAUSNIR FYRIR ÞIG

Samhentir kassagerð ehf • Suðurhrauni 4 • 210 Garðabær • Sími 555 6700 • Fax 555 6701 • umbudir@umbudir.is • www.umbudir.is

FÆR Í ALLAN SJÓ

www.rs.is



Raymarine®

Nýja E línan í siglinga- og fiskileitartækjum frá Raymarine gefur skýrari mynd af því sem útgerðarmenn hafa hingað til leitað eftir. E línan er einstaklega hraðvirk og auðveld í notkun með íslenskum aðgerðum. Hægt er að tengja bæði neðansjávar- og innanborðsmyndavél við tækin. E línan hentar fyrir allar stærðir og gerðir af bátum.

VÉLASALAN SKIPAPÓL radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

FISKISLÓÐ 16 | ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000




STJÓRN OG SIGLING SKIPA

er sjálfsögð handbók sjómanna og nauðsynleg um borð í hverju íslensku skipi. Bókin er tileinkuð íslenskum sjómönnum og veitir greinargóðar upplýsingar í máli og myndum um alþjóðlegar siglingareglur, vaktreglur og sjómerkjakerfi.

Forlagsverð er kr. 4.500 með vsk.
Útgáfa og dreifing:
Siglingastofnun Íslands.
Vesturvör 2, 200 Kópavogi
Sími: 560 0000 - netfang: sigling@sigling.is

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




Heimaklettur í Vestmannaeyjum. Hörður Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, segir stefna í ágætt ár hjá félaginu. „Ef krónan veikist ekkert sem heitið getur er vel hugsanlegt að við skríðum í hagnað eftir allt saman.“

# Gengi krónu hefur mikil áhrif

**Ísfélag Vestmannaeyja er elsta hlutafélag landsins og fagnar 105 ára afmæli þann 1. desember. Hörður Arnarson fjármálastjóri segir nokkuð bjart framundan í sjávarútvegi. Gengi krónunnar sé hagstæðara en fyrr á árinu og markaðsaðstæður með ágætum.**

Hörður Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, segir félaginu hafa gengið ágætlega það sem af er ári, þrátt fyrir að loðnuvertíð hafi verið rýr. „Hagstæðari króna og góðar markaðsaðstæður hafa hjálpað mikið til. Verð, bæði á sjó- og landfrystum afurðum, hefur verið mjög gott, auk þess sem verð á lýsi hefur sjaldan eða aldrei verið hærra.“

Meðan gengi krónunnar var hvað hæst í upphafi árs áttu mörg sjávarútvegsfyrirtæki í erfiðleikum. Hörður segir ekki hægt að neita því að gengi krónunnar hafi mikil áhrif á starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja. „Nánast allar okkar tekjur eru í erlendum gjaldmiðlum svo það kom aðeins við budduna. Krónan hefur mikið að segja, það er alveg ljóst.“

Hann segist þó ekki verða jafn var við hávaxtastefnu Seðlabankans. „Ekki nema kannski tíu prósent af okkar skuldasafni eru í íslenskum krónum og þau lán eru á verðtryggðum vöxtum. Síðan þurfum við ekki á yfirdrætti að halda, svo það má kannski frekar segja að við höfum náð að nýta okkur þessa háu vexti til að ávaxta laust fé.“

Hörður segir stefna í ásættanlegt ár hjá Ísfélaginu; framleiðnin verði hugsanlega sú allra besta frá upphafi í krónum talið og gengistapið sem varð á fyrstu mánuðum árs hafi gengið talsvert til baka síðsumars. „Ef krónan veikist ekkert sem heitið getur er vel hugsanlegt að við skríðum í hagnað eftir allt saman. Annars er það framleiðnin sem skiptir mestu máli.“

Um tvö hundruð manns starfa nú árið um kring hjá Ísfélaginu. Hörður segir reksturinn mjög árstíðabundinn enda misjöfn nýting á flotanum árið um kring. „Við eigum sjö skip og gerum þau stundum öll út, en stundum ekki nema þrjú. Nú erum við til að mynda einungis með þrjú skip úti. Að meðaltali eru þetta svona tvö hundruð ársstörf.“

Hörður hefur verið hjá Ísfélaginu í rúm tuttugu ár og hefur séð ýmislegt breytast á þeim tíma. Hann nefnir sérstaklega fjármálaumhverfið sem hafi tekið stakkaskiptum í upphafi tíunda áratugs síðustu aldar. „Fram til ´92, ´93 var þetta bara leiðinlegt. Þvílíkt basl og leiðindi. Síðan hefur þetta orðið mun léttara; afurðaverð verið tiltölulega hátt og fjármálaumhverfið allt léttara og þægilegra.“ Hörður játar því að regluverk kringum sjávarútveginn sé mun minna en áður og segir nokkra sátt ríkja um þá skipan sem nú er. Kvótakerfið sé hætt að plaga menn. „Við hjá Ísfélaginu erum í það minnsta brattir enda fögnum við hundrað og fimm ára afmæli þann fyrsta desember og erum elsta hlutafélag á landinu.“



Antares VE 18, eitt af skipum Ísfélagsins, kemur af loðnuveiðum.

## Aflaverðmæti:

# Mikil verðmætaaukning

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam fjörutíu milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2006, samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Verðmætið hefur aukist um 7,3 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Í júnímánuði veiddist fyrir 5,4 milljarða króna.

Aflaverðmæti botnfisks var rúmir þrjátíu milljarðar og jókst um átján prósent miðað við sama tímabil í fyrra; þar af var þorskur fyrir rúma fjórtán milljarða.



Verðmæti þroskaflans var rúmir fjórtán milljarðar króna á fyrri helmingi árs.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu var 16,1 milljarður króna en verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands var 6,4 milljarðar og jókst um tæpan fjórðung milli ára.

# NÝR OG STÆRRI BÁTUR Í KRÓKAAFLAMARKIÐ

# VÍKINGUR 1200 V



NÝR BÁTUR




## VÍKINGUR 1200 V

**L: 12 m B: 4,22 m**
**Stærð: 14,99 bt.**

**Byggður uppúr Víking 1340**
**Tilbúinn til lengingar í 14,99 m**
**Lengdur tekur lestin 50 stk kör**

**29-30 stk 460 ltr. Kör í lest**

**Þilfarið er 30 fm**

**Fæst yfirbyggður með MUSTAD beitningarvélakerfi, 23,500 króka**

**Í lúkar er svefnaðstaða fyrir 4 menn, stóru eldhúsi og salerni**

**Stýrishúsið er innréttað fyrir 4, ásamt miklu rými fyrir tæki og tól.**

**Aðalvélar frá 12- 20 ltr 700-1000 hestöfl eru í boði**

**Lengdur mælist báturinn 29,9 bt.**

## Víkingur Gæði og áreiðanleiki

Samtak ehf. Skútahraun 11- Hafnarfjörður - Iceland

Sími: +354-5651670 Fax: +354-5652069 - www.samtak.is - samtak@samtak.is



## Suðurland á Ströndum

Farþega- og flutningaskipið Suðurland sem liggur við bryggju í Djúpuvík á Ströndum má muna sinn fífil fegri. Það var smíðað í Danmörku árið 1891 og gegndi þýðingarmiklu hlutverki sem samgöngutæki á Faxaflóahöfnum á fyrri hluta 20. aldar meðan vegir og farartæki á landi voru enn með frumstæðum hætti. Á síldarárunum þegar fjöldi fólks vann á Djúpuvík var Suðurland keypt þangað sem verbúð til að nýta hina fínu farþegaklefa skipsins. Þar dagaði það uppi og er nú einn af minnisvörðum þess athafnalífs sem þar var meðan síldarævintýrið entist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýsköpunarsjóður eignast stóran hlut í Marorku

Hlutafjáraukning í Marorku verður nýtt til sóknar á markaði og áframhaldandi vöruþróunar.

Nýsköpunarsjóður hefur eignast tuttugu prósenta hlut í hátæknifyrirtækinu Marorku. Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður verði virkur þátttakandi í Marorku næstu þrjú til fimm ár.

Marorka er hátæknifyrirtæki á sviði orkustjórnunar og orkusparnaðar í sjávarútvegi og flutningum. Fyrirtækið er með starfsemi í fimm löndum og skilgreinir Norður-Atlantshaf sem heimamarkað.

Í tilkynningu frá Marorku segir að innkoma sjóðsins sé til þess fallin að styrkja stoðir Marorku og opni félaginu nýja möguleika. Þá segir að fjármagnið sem aflað verður með hlutafjáraukningunni verði nýtt til enn frekari sóknar á markaði og áframhaldandi vöruþróunar.

Fram kemur að Nýsköpunarsjóður telji Marorku hafa á að skipa öflugri liðsheild og hafi alla burði til að byggja upp félag sem verði leiðandi í sölu á háþróuðum búnaði til orkusparnaðar í heiminum. Sérstaka athygli hafi vakið hversu markvisst þróunarstarf hafi verið unnið hjá Marorku og hve vel hefur til tekist við markaðssetningu og sölu erlendis.




Jón Ágúst Þorsteinsson framkvæmdastjóri Marorku.


# Útgerðarmenn og sjómenn

## Erum reiðubúin til þjónustu

- Veiðarfæri og almenn þjónusta
- Fullbúið víraverkstæði
- Eigum á lager kaðla, net, garn og veiðarfæralása
- Riðfría víra og lása.

Hringdu ef þú vilt fá frekari upplýsingar.

**Netagerð Jóns Holbergssonar ehf.**

Hjallahraun 11 - 220 Hafnarfjörður
Sími 555-4949 - Fax565-2229
E-mail: njh@njh.is


SKF
Kúlulegur
Keflalegur
Veltilegur
Rúllulegur
Flangslegur
Búkkalegur
VIT
S: 585 1500 - www.skf.is
Fornubúðum 8 - 220 Hafnarfjörður
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
.:.:: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is ::.:.


INTERPUMP
HÁÞRÝSTIÞVOTTADÆLUR
· Fyrir fagmanninn og í bílskúrinn
· 90 - 500 bar, 7 - 35 l/mín
· Ein fasa og þriggja fasa
· Sjóþolnar og glussadrifnar
· Bensín drifnar
· Háþrýstislöngur og fittings
· Spíssar og framlengingar
· Hvirfilspíssar (túrbó)
TX
TSX
Blue Time
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
S: 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir - 600 Akureyri - S. 461 2288
.:.:: http://www.landvelar.is - landvelar@landvelar.is - straumras@straumras.is ::.:.

# Meirihluti fylgjandi hvalveiðum

Íslendingar vilja hefja hvalveiðar á ný samkvæmt könnun hagsmunasamtaka. Hvalastofnar eru í sögulegu hámarki.

Rúmlega 73 prósent Íslendinga eru fylgjandi því að hvalveiðar hefjist á ný, samkvæmt könnun Capacent fyrir hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Einungis ellefu prósent eru andvíg hvalveiðum.

Fram kom að tæplega 77 prósent þjóðarinnar hafa neytt hvalkjöts einhvern tíma og að tæplega 27 prósent hafa farið í hvalaskoðun. Tæplega 73 prósent þeirra sem hafa farið í hvalaskoðunarferð eru fylgjandi hvalveiðum í atvinnuskyni.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á fundi um hvalveiðar í atvinnuskyni sem fram fór á veitingastaðnum Tveimur fiskum. Að fundinum stóðu Sjávarnytjar, LÍÚ, Landssamband smábátaeigenda, Sjómannasambandið, Farmanna og fiskimannasambandið, Vélstjórafélagið, Félag hrefnuveiðimanna og hlutafélagið Hvalur.

Jafnframt var farið yfir tölur frá Hafrannsóknastofnun um fjölda hvala og kom fram að nokkrir hvalastofnar eru nú í sögulegu hámarki; hrefnustofninn telur nú rúm 43 þúsund dýr og langreyðarstofninn um 24 þúsund hvali. Áætlað er að hvalir éti um tvær milljónir tonna á ári af fiskmeti, en í heild um sex milljónir tonna af fæðu á ári hverju.

Fram kom að aðstandendur fundarins teldu Ísland hafa þjóðréttarlegan rétt til að hefja hvalveiðar og að ekki væri neitt því til fyrirstöðu að hefja útflutning á hvalaafurðum héðan.

Þá sagði að mikil eftirspurn væri eftir hvalkjöti í Japan og að margir hefðu lýst yfir áhuga á kaupum á hvalkjöti ef svo færi að veiðar hæfust á ný.



Gert að hval í Hvalfirði. 73 prósent landsmanna vilja hefja veiðar á ný samkvæmt könnun hagsmunasamtaka. Mikill meirihluti þeirra sem farið hafa í hvalaskoðunarferðir er fylgjandi hvalveiðum.

fomaco

PÆKILVÉLAR

- með þeim bestu í heiminum



384 vélar seldar í fiskiðnaði undanfarin 10 ár

nálafjöldi frá 16 - 1344

þrefalt filterkerfi

þvottakerfi

VGI · Austurhrauni 7 · 210 Garðabæ · Sími 575 8000 · vgi@vgi.is



Ónógri notkun og litlu viðhaldi er kennt um að landnámsfloti Íslendinga hafi verið úr sér genginn á síðari hluta 10. aldar.

## Skipasmíði fiskiþjóðar

Um skipasmíðar norrænna manna er töluvert vitað eftir að þrjú norræn hafskip, Tuneskipið, Æsubergsskipið og Gaukstaðarskipið voru grafin upp í Noregi og endurbyggð. Allar helstu heimildir benda til þess að hafskip þessi hafi verið listasmíð og að sumra áliti tækniafrek á miðöldum.

Talið er að landnámsfloti þeirra norrænu manna sem settust að á Íslandi hafi verið úr sér genginn á síðari hluta 10. aldar vegna ónógs viðhalds og lítillar notkunar. Með því að floti þessi verður smátt og smátt ónothæfur virðist breyting verða á skipasmíðum Íslendinga í þá veru að haffær sjóskip verða sjaldgæfari.

Svo virðist sem smíði lítilla fiskiskipa og einstaka stórra hafskipa hafi verið haldið áfram fram eftir öldum samhliða því sem skip voru keypt frá útlöndum. En það er ekki fyrr en kemur fram á 20. öld að Íslendingar fara að smíða og kaupa stór hafskip í ríkum mæli og þá nær einungis til fiskveiða.

Skortur á góðum viði til skipasmíða virðist hafa hamlað smíði stórra skipa fyrr á öldum. Bæði var að góður viður til skipasmíða óx ekki á Íslandi og einnig greina verslunarskýrslur frá 17. og 18. öld frá því að hvorki hafi verið flutt-ur nógu góður viður inn né nógu mikið af honum.

Skipasmiðir virðast þá hafa tekið þann kostinn að nýta rekavið til skipasmíða og benda heimildir úr ferðabókum til þess að bæði hafi rekaviðurinn verið betri smíðaviður en sá útlenski og þróuðust mál fljótt á þann veg að smiðirnir völdu frekar rekaviðinn. *(www.idan.is)*

# Við erum kaldir karlar!

## Þegar kemur að kælingu, frystingu eða bara ísþykkni erum við kaldir karlar.

### Láréttir plötufrystar

Optimar láréttir plötufrystar PFH eru hannaðir til að frysta hin ýmsu sjávarföng í mis-munandi umbúða stærðum.



### Lóðréttir plötufrystar

Optimar lóðréttir plötufrystar gerð PFV4B eru hannaðir til að frysta hin ýmsu sjávarföng í miklu magni án umbúða.





### IQF blástursfrystir

Blástursfrystirinn saman-stendur af póleruðu rústfríu formfrystibandi úr stáli, sem frystir yfirborð vörunnar og síðan fer djúpfrysting fram á neðra færi-bandi sem er úr plastefni.

Metnaður okkar felst í því að bjóða traustan og áreiðanlegan búnað og tryggja öryggi og gæði á öllum kæli- og frystikerfum sem við seljum og þjónustum.

### Ísþykknisvélar

Ísþykkni tryggir hraðari niður-kælingu en annar ís. Ísþykkni eykur líftíma fisks og tryggir betra hráefni. Ísþykknið lengir dauðastirn-unarferlið og hindrar bakteríuvöxt.



**Gífurleg vinnuhagræðing.**

### Optiflux RSW kerfi

Optimar Optiflux RSW kælikerfi eru hönnuð til að kæla sjó þar sem þörf er fyrir mikið magn af köldum sjó í hringrás.



### RSW kælar

Optimar RSW kælar gerð KVA eru hannaðir til að kæla sjó (ferskvatn eða pækilvatn) þar sem þörf er fyrir mikið magn af köldum sjó í hringrás.



### Kælimiðilsdæla

Gerð KS-E5 er hönnuð fyrir sjávar og iðnaðar-notkun til að dæla frá dælukút í gegnum eimara kerfisins.



**optimar Iceland**

**Þjónusta allan sólarhringinn í síma 664-1310**

**OPTIMAR Iceland** Stangarhyl 6 | 110 Reykjavík | Sími 587 1300 | Fax 587 1301 | optimar@optimar.is | www.optimar.is




# Skoðið málið vel!

**Skipaskoðun Íslands ehf.** annast reglubundnar skoðanir á flestum skipum undir 400 brúttótonn.

Hjá fyrirtækinu starfa m.a. fyrrum starfsmenn Siglingastofnunar Íslands sem búa yfir áratuga reynslu af skipaskoðun og samskiptum við útgerðaraðila í landinu.

Markmið **Skipaskoðunar Íslands ehf.** er að bjóða góða þjónustu og tryggja sanngjarnt verð með því að halda stjórnunar- og skrifstofukostnaði í lágmarki.

**Útgerðarmenn:**
Skoðið málið til enda áður en þið veljið skoðunaraðila til samstarfs.

Skipaskoðun Íslands

Grensásvegi 1 | 108 Reykjavík | Símar 535 0250 | GSM 840 0250 | skipis@skipis.is | www.skipis.is

## FÉLÖG Í OMX SAMSTÆÐUNNI OG KAUPHÖLL ÍSLANDS*

| | Nafn félags | Upprunaland | Krónur |
|---|---|---|---|
| 1 | Nokia Oyj | Finnland | 5.623.646 |
| 2 | Ericsson | Svíþjóð | 4.007.058 |
| 3 | AP Moller Mærsk | Danmörk | 2.581.962 |
| 4 | Nordea Bank | Svíþjóð | 2.541.520 |
| 5 | Hennes & Mauritz AB | Svíþjóð | 2.363.795 |
| 6 | Teliasonera Ab | Svíþjóð | 2.131.218 |
| 7 | Novo Nordisk A/S | Danmörk | 1.841.735 |
| 8 | Volvo AB | Svíþjóð | 1.796.592 |
| 9 | Danske Bank A/S | Danmörk | 1.783.465 |
| 10 | Fortum Corporation | Finnland | 1.606.100 |
| 11 | S E Banken | Svíþjóð | 1.339.050 |
| 12 | Svenska Handelsbanken AB | Svíþjóð | 1.280.834 |
| 13 | Investor AB | Svíþjóð | 1.165.464 |
| 14 | Swedbank AB | Svíþjóð | 1.123.124 |
| 15 | Atlas Copco AB | Svíþjóð | 1.113.266 |
| 16 | Sandvik AB | Svíþjóð | 957.373 |
| 17 | Scania AB | Svíþjóð | 890.892 |
| 18 | UPM Kymmene Oyj | Finnland | 879.185 |
| 19 | Stora Enso Oyj | Finnland | 852.777 |
| 20 | Sampo Oyj | Finnland | 825.982 |
| 21 | Sca Sv Cellulosa | Svíþjóð | 749.079 |
| 22 | Kaupthing Bank | Ísland | 564.205 |
| 23 | Neste Oil Oyj | Finnland | 512.324 |
| 24 | Skanska AB | Svíþjóð | 511.303 |
| 25 | TDC A/S | Danmörk | 507.178 |
| 26 | Skandia Forsakring | Svíþjóð | 498.109 |
| 27 | SKF AB | Svíþjóð | 482.052 |
| 28 | Assa Abloy AB | Svíþjóð | 474.285 |
| 29 | Securitas AB | Svíþjóð | 466.028 |
| 30 | Carlsberg A/S | Danmörk | 429.840 |
| 31 | Kone Oyj | Finnland | 418.761 |
| 32 | Industrivarden | Svíþjóð | 411.583 |
| 33 | Boliden AB | Svíþjóð | 390.659 |
| 34 | Vestas Wind Systems A/S | Danmörk | 371.355 |
| 35 | Metso Oyj | Finnland | 366.537 |
| 36 | Electrolux AB | Svíþjóð | 360.533 |
| 37 | Lundbeck | Danmörk | 360.510 |
| 38 | Ssab Svenskt Stal | Svíþjóð | 354.660 |
| 39 | William Demant Holding A/S | Danmörk | 350.979 |
| 40 | Swedish Match AB | Svíþjóð | 350.750 |
| 41 | Sanoma Wsoy | Finnland | 332.666 |
| 42 | Tele2 Ab | Svíþjóð | 321.645 |
| 43 | Outokumpu Oyj | Finnland | 318.204 |
| 44 | Autoliv | Svíþjóð | 311.734 |
| 45 | Novozymes A/S | Danmörk | 305.582 |
| 46 | Trygvesta AS | Danmörk | 288.513 |
| 47 | Glitnir banki hf. | Ísland | 288.149 |
| 48 | Landsbanki islands hf | Ísland | 286.538 |
| 49 | Danisco A/S | Danmörk | 285.227 |
| 50 | Kesko Oyj | Finnland | 279.244 |

** Raðað eftir markaðsvirði í milljörðum íslenskra króna. Miðað er við gengi krónunnar og skráningu félaganna 22. september 2006*



**KAUPHÖLLIN Í KAUPMANNAHÖFN** Búast má við að Kauphöll Íslands fái um áramót merki OMX sett upp við innganginn, líkt og sjá má við inngang Kauphallarinnar í Kaupmannahöfn. MYND/OMX KAUPMANNAHÖFN



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Um áramót er stefnt að því að Kauphöllin taki að starfa innan OMX samstarfsins. MYND/GVA

ramma um upplýsingagjöf, markaðinn og grundvallaratriði ekki breytast svo mjög við samrunann þar sem viðskiptakerfi og reglur kauphallaraðila hafi þegar verið samræmd. Hann segist fagna tækifærinu til að taka þátt í frekari samþættingu verðbréfamarkaða á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum og segir þróunina bæði skráðum fyrirtækjum og fjárfestum til góðs; skráð fyrirtæki verði sýnilegri og fleiri erlendir aðilar taki þátt á íslenskum markaði og auki þannig seljanleika bréfa.

„Þarna liggja tækifæri og jafnframt ljóst að auðveldara ætti að vera að fá erlenda greiningaraðila til að fjalla um íslensk fyrirtæki, sem verið hefur erfitt hingað til.“

Þá segir Þórður sóknarfæri felast í því að auðveldara verði að fá erlenda banka og viðskiptastofnanir til að eiga viðskipti hér, auk þess sem kaup íslenskra fjárfesta erlendis verði auðveldari. Í OMX samstarfinu felst enda aðgangur að sameiginlegu neti miðlara sem felur í sér möguleika á fleiri fjaraðilum. Þá skiptir einnig máli samhæfing á reglum og skráningarkröfum þegar samstarfinu vindur fram. Verðbréfaskráning Íslands starfar enda áfram náið með Kauphöllinni til að auðvelda sameiginlega vöruþróun og draga úr rekstrarkostnaði. Sameiningin er þannig sögð munu styðja bæði OMX og Kauphöllina í þeirri viðleitni að samþætta norræna greiðslumiðlun og uppgjör.

**LENGI VERIÐ ÁHUGI Á OMX**

Þórður segir helsta áhyggjuefnið hafa verið hvernig smærri fyrirtækjum myndi reiða af og segir þau þurfa að huga vel að sínum málum. „Ég held hins vegar að þau þurfi ekki að týnast í fjöldanum þótt auðvitað sé það dálítið undir þeim sjálfum komið,“ segir hann en fyrirtæki eru flokkuð eftir stærð í þrjá flokka.

„Þau fara á lista sem mjög margir horfa á, en hann er auðvitað langur. Þess vegna þurfa þau að hafa fyrir því að vekja á sér athygli. Þetta er því ákveðin áskorun fyrir þau, en alls ekki hægt að gefa sér að lífið verði þeim erfiðara, heldur tel ég þvert á móti, ef þau taka vel á sínum málum, að þarna séu aukin tækifæri fyrir þau líka.“ Þórður segir alveg ljóst að stærri fyrirtækin sem skráð eru í Kauphöllina hafi um nokkurt skeið verið áhugasöm um að Kauphöllin myndi sameinast OMX. „Og kannski ekki nema von því sennilega fara sex eða sjö fyrirtæki inn í flokk stórra fyrirtækja á Norðurlöndunum og af því er augljóslega mikill ávinningur fyrir þau og gefur þeim mjög góða viðspyrnu til að koma sér á framfæri á erlendum mörkuðum, Norðurlöndum og víðar.“

Friðrik Jóhannsson, stjórnarformaður Kauphallar Íslands og forstjóri Straums-Burðaráss fjárfestingabanka, segir ljóst að með sameiningunni aukist sýnileiki fyrirtækja og möguleikar á að fá til liðs við sig erlenda fjárfesta. Sömuleiðis segir hann hugsanlegt að ákveðin tækifæri felist í því fyrir stærstu fyrirtækin að komast inn í vísitölur OMX, því þar fjárfesti gjarnan stórir sjóðir sem ella hefðu ekki keypt í þessum fyrirtækjum. „Ég lít á þetta sem mikið framfaramál fyrir skráð félög,“ segir hann, en uppi hafa verið vangaveltur um að stærstu félögin myndu jafnvel færa skráningu sína annað verði ekki af auknu samstarfi. „Þetta styrkir félögin og viðskipti með hlutabréfin.“

**RÉTT TÍMASETNING SAMRUNA**

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings banka á Íslandi, stærsta fyrirtækis Kauphallar Íslands, segir samrunann við OMX afar jákvæða frétt fyrir innlendan fjármálamarkað í heild sem hafi gott víðtæk áhrif til hins betra. „Ef við hugsum um skráð félög og ekki síður fjárfestana, þá eru menn allt í einu orðnir hluti af mjög stórum norrænum fjármálamarkaði í kauphöll sem orðin er nafn í þessum kauphallarheimi með stór nöfn innanborðs. Allt í einu, með þessari einu aðgerð, er því kominn bæði aukinn sýnileiki og seljanleiki, nokkuð sem menn hafa árum saman verið að reyna að koma á.“

Ingólfur segir að til viðbótar hafi fyrirtækin, eftir því hvar þau lendi í atvinnugreina- og stærðarflokkun, möguleika á að komast inn í vísitölur sem OMX stendur að án þess að missa sérkenni heimamarkaðarins. Þá gerist einnig um leið og fyrirtæki lenda inni í þessum vísitölum að erlendir greiningaraðilar taka að fjalla um þau, nokkuð sem sáralítið hefur verið um til þessa. Sömuleiðis ýtir samræming sem í samstarfi felst undir fjárfestingar milli landa, enda er rutt úr vegi tæknihindrunum sem annars geta byggst upp milli landa í ólíkum viðskiptakerfum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir bankann hafa litið svo á að sameiningin við OMX geti falið í sér tækifæri með auknum sýnileika á stórum markaði og það eigi í raun við um öll fyrirtækin sem skráð séu í Kauphöllina hér. „Svo virðist líka tilhneigingin í þá átt að við förum ekki bara þarna inn heldur gæti OMX jafnvel orðið hluti af stærri heild. Þá er betra að vera kominn inn í þetta fremur en ætla að koma eftir á,“ segir hann og telur jafnvel að stærri kauphöll, með OMX innanborðs, hefði haft takmarkaðan áhuga á að taka inn Kauphöll Íslands. „Við lítum því svo á að sameiningin nú sé mjög jákvæð.“

## Sameiningin hefur áhrif í Færeyjum

Búist er við því að sameining OMX og Kauphallar Íslands auki hraða framþróunar á Virðisbrævamarkaði Føroya eða VMF, sem Kauphöll Íslands rekur. Þá er talið í frétt Seðlabanka Færeyja um kaup OMX á Kauphöllinni að þróunin verði markaðnum í Færeyjum sérlega hagfelld. Bent er á að bréf VMF séu skráð í dönskum krónum og sem slík verði þau sérlega áhugaverð fyrir danska fjárfesta, en eftir samrunann við OMX fái þeir, rétt eins og allir aðrir á OMX markaðnum, beinan aðgang að fyrirtækjunum sem skráð séu á VMF.

## Efasemdir um enn víðtækari samruna

Orðrómur var uppi um miðjan mánuðinn að NASDAQ-markaðurinn í Bandaríkjunum hygðist taka yfir OMX. Á þeim tíma sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, að sameining við báða markaðina væri góður kostur. NASDAQ á þegar fjórðungshlut í LSE, kauphöll Lúndúna í Bretlandi. Síðustu vikur og misseri hafa verið nokkuð miklar vangaveltur um frekari samruna kauphalla eða yfirtökur og jafnvel ekki talið seinna vænna fyrir Kauphöll Íslands að ganga inn í samstarf, áður en kauphallir yrðu svo stórar að takmarkaður áhugi yrði fyrir því að taka inn dvergkauphöll á borð við markaðinn hér.

Ekki eru þó allir á einu máli um væntleika þess fyrir smærri kauphallir að ganga inn í stærri. Þannig höfðu nýverið á ráðstefnu Sambands alþjóðafjárfesta í Varsjá í Póllandi forsvarsmenn bæði Kauphallarinnar í Varsjá og OMX uppi nokkur varnaðarorð um möguleikann á samruna markaða á heimsvísu.

Þannig er mögulegur samruni risakauphalla á borð við NYSE (Kauphöllin í New York) og Euronext, eða Nasdaq og LSE, kauphallarinnar í Lundúnum, sagður valda smærri kauphöllum nokkrum áhyggjum. Í IR Magazine er haft eftir Henri Bergström, yfirmanni hjá OMX, að markaðir séu ekki nógu langt komnir til að geta starfað á hnattrænum skala, auk þess sem ólíkt regluverk og tæknimál standi í vegi fyrir svo víðtækum samruna. Ludwik Sobolewski, forstjóri Varsjárkauphallarinnar, sagðist einnig óttast að smærri kauphallir yrðu hornreka í samruna á heimsvísu og ekki væri séð fyrir endann á slíkri þróun.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Hugmyndir um að fylla ekki Hálslón hafa fyrst og fremst áróðursgildi og eru óábyrgar.

## *Kárahnjúkar verða ekki aftur teknir*

**Hafliði Helgason**

Vatn er farið að renna til fyllingar Hálslóns og senn mun vatnið við Kárahnjúka renna um hverfla Landsvirkjunar og framleiða rafmagn.

Þessi framkvæmd hefur, eins og gera má ráð fyrir með framkvæmdir af slíkri stærðargráðu, verið umdeild. Gagnrýnin er af ýmsum toga og forsendur misjafnar. Allt frá heitum tilfinningum til íslenskrar náttúru til gagnrýni á að hið opinbera standi að svo stórri fjárfestingu með tilheyrandi hættu á að pólitískir skammtímahagsmunir séu teknir fram fyrir eðlilega arðsemiskröfu og réttmætu mati á þeim verðmætum sem hverfa vegna framkvæmdanna.

Þetta eru allt góð og gild sjónarmið og eðlilegt að slík rökræða fari fram í kringum svo stóra framkvæmd. Í raun má segja að hluti umræðunnar sé full seint á ferð.

Hagkerfið er fyrir löngu farið að taka afleiðingum þessarar stóru framkvæmdar. Atvinnustig er hátt og verður vart mikið hærra. Slíkt geri auðvitað andstöðu við slíka stórframkvæmd meiri, en væri ef atvinnuleysi væri í landinu. Boginn hefur verið spenntur og ekki verður aftur snúið án stórslysa.

Nýjar hugmyndir um að vatni verði ekki hleypt á Kárahnjúka er fyrst og fremst áróðursbragð. Það hljómar þokkalega í munni heittrúaðra náttúruverndarsinna, en stutt er í óbragð, þegar stjórnmálamenn sem ætlast til að tekið sé mark á þeim í almennri umræðu taka undir slík sjónarmið.

Afleiðing þess að snúa til baka nú yrðu verulega alvarlegar og forvitnilegt að sjá hvort einhver vildi bera ábyrgð á þeim. Ef vatni yrði ekki hleypt á lónið nú má búast við að króna félli til dæmis mjög snögglega, bæði vegna þess að menn sæju á bak gjaldeyristekjum af álframleiðslunni, svo og að trúverðugleiki landsins biði hnekki og leitun að þeim erlenda fjárfesti sem myndi þora að fjárfesta að einhverju marki hér á landi næstu ár eða áratugi.

**Ef vatni yrði ekki hleypt á lónið nú má búast við að króna félli til dæmis mjög snögglega, ... svo og að trúverðugleiki landsins biði hnekki og leitun að þeim erlenda fjárfesti sem myndi þora að fjárfesta að einhverju marki hér á landi næstu ár eða áratugi.**

Sá skortur á trúverðugleika myndi svo líklega smita yfir á fjármálakerfið sem nýverið tókst að verjast ósanngjarnri umræðu.

Afleiðingarnar yrðu sennilega afar hörð lending hagkerfisins langt umfram svartsýnustu og óraunsæjustu spár óvinveittustu hagfræðinga. Eins og jafnan myndi slík lending koma harðast niður á þeim sem höllustum fæti standa. Ungu fólki sem missti vinnu og gæti ekki staðið við skuldbindingar með tilheyrandi persónulegum gjaldþrotum.

Þeir sem tala fyrir því að hætt verði við fyllingu Hálslóns verða að gera grein fyrir því að þeir meti verðmæti landsvæðisins meira en heill og hamingju stórs hóps landsmanna. Það getur verið afstaða í sjálfu sér. Það verður hins vegar ekki aftur snúið án hrikalegra afleiðinga fyrir almenning. Sú afstaða að hætta við fyllingu lónsins er óábyrg óháð því hvaða skoðun fólk kann að hafa á þessari stærstu framkvæmd Íslandssögunnar.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Flestir eru að gera það gott

ORÐ Í BELG



**Gylfi Magnússon,** dósent við viðskipta og hagfræðideild Háskóla Íslands

Hagvöxtur undanfarinna tveggja ára á Íslandi hefur verið með eindæmum mikill, vel á áttunda prósent hvort ár, ef miðað er við aukningu vergrar landsframleiðslu. Jafnvel þótt tekið sé tillit til fólksfjölgunar var vöxturinn mikill, ríflega 6% aukning á mann hvort ár. Hagvaxtartölur sem þessar eru sjaldséðar í auðugum ríkjum, það er helst að ríki sem eru að ná að brjótast til velmegunar úr sárri fátækt nái þetta örum vexti. Vöxturinn minnkar þó aðeins ef tekið er tillit til þess að þjóðin safnar ört skuldum í útlöndum og hluti landsframleiðslunnar rennur til að greiða vexti af þeim.

Þegar afraksturinn af striti landsmanna vex þetta ört er nánast óhjákvæmilegt að laun hækka einnig mikið. Það hafa þau líka gert. Raunar hefur hlutur launa og launatengdra gjalda í landsframleiðslu sjaldan eða aldrei verið hærri en í fyrra, rétt tæp 69% skv. mælingum Hagstofunnar. Launþegar hafa því notið góðærisins ríkulega, a.m.k. ef horft er til þeirra í heild, þótt vitaskuld sé hækkunin ekki sú sama hjá öllum.

Þessi ríflega aukning launatekna verður hins vegar nánast ræfilsleg þegar sveiflurnar í fjármagnstekjum landsmanna eru skoðaðar. Í fyrra hækkaði markaðsverðmæti hlutabréfa í skráðum félögum í Kauphöll Íslands um nánast sömu upphæð og nam öllum launum og launatengdum gjöldum á landinu. M.ö.o., þeir sem áttu þessi hlutabréf fengu jafnmikið fyrir það og öll fyrirtæki landsins greiddu í laun og launatengd gjöld. Hlutabréf skiluðu að jafnaði um 60% raunávöxtun þetta ár, sem er vitaskuld óvenju gott og miklu meira en hægt er að gera sér vonir um að jafnaði.

Jafnvel í meðalári hefur hlutabréfamarkaðurinn þó gefið vel af sér eða ríflega 20% raunávöxtun á ári að meðaltali frá byrjun árs 1993. Vegna þess hve markaðsverðmæti skráðra hlutafélaga var lítið framan af á þessu tímabili þá nam þessi ávöxtun ekki háum fjárhæðum, a.m.k. ekki sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Samanlagt markaðsverðmætið náði fyrst einu prósenti af landsframleiðslu árið 1992 en vöxturinn hefur verið ævintýralegur. Þegar mest varð snemma á þessu árið var markaðsverðmæti hlutafélaga í Kauphöll Íslands orðið tvöföld landsframleiðslan en hefur reyndar aðeins minnkað síðan.

**Fjármagnstekjurnar skiptast miklu ójafnar en launatekjur og því hefur tekjudreifing landsmanna breyst mikið. Sérstaklega eiga þeir allra ríkustu miklu meira en áður og tekjur þeirra eru að sama skapi miklu hærri.**



Þegar markaðsverðmætið er orðið þetta mikið skiptir ávöxtunin verulegu máli í öllu efnahagslífi landsmanna. Undanfarin fjögur ár hefur ávöxtun hlutabréfa í Kauphöll Íslands samanlagt numið sem samsvarar landsframleiðslu í eitt og hálft ár. Sá mikli auður sem orðið hefur til – a.m.k. á pappírnum – skýrir m.a. væntanlega talsverðan hluta viðskiptahalla landsmanna því að hluti fjármagnsteknanna fer í neyslu og innflutning. Hækkun fasteignaverðs hefur haft áhrif í sömu átt. Hallæri á hlutabréfamarkaði eða snörp lækkun fasteignaverðs myndi hafa þveröfug áhrif, draga úr neyslu og innflutningi, hægja á hjólum efnahagslífsins og bæta viðskiptajöfnuðinn.

Fjármagnstekjurnar skiptast miklu ójafnar en launatekjur og því hefur tekjudreifing landsmanna breyst mikið. Sérstaklega eiga þeir allra ríkustu miklu meira en áður og tekjur þeirra eru að sama skapi miklu hærri. Þess vegna er allt í einu sprottin upp fámenn stétt manna sem ferðast um í einkaþotum, á hallir í útlöndum, kaupir innlend einbýlishús til niðurrifs og gerir ýmislegt fleira sem auðkýfinga fyrri ára hefði ekki einu sinni dreymt um.

Flestir aðrir eiga þó líka hlutabréf, a.m.k. óbeint vegna aðildar sinnar að lífeyrissjóði og fá því einhverja hlutdeild í góðærinu á hlutabréfamarkaðinum. Í lok síðasta árs áttu innlendir lífeyrissjóðir íslensk hlutabréf fyrir 187 milljarða króna. Þótt þetta sé verulegt fé þá samsvarar þetta þó ekki nema um einum tíunda af verðmæti allra skráðra hlutabréfa hérlendis. Auk þess eiga lífeyrissjóðirnir eitthvað af innlendum hlutabréfum óbeint, vegna eignar í verðbréfasjóðum. Það er því helst að góðærið fari alveg framhjá þeim sem vegna aldurs eða veikinda eru ekki á vinnumarkaði og eiga lítil lífeyrisréttindi eða aðrar eignir.

STARFSMANNAMÁL

## Hausaveiðar

Mörg fyrirtæki sérhæfa sig í aðferð við öflun umsækjenda sem hér á landi er kölluð stjórnenda- og sérfræðingaleit og í daglegu tali oft kölluð „hausaveiðar“ eða head-hunting. Þau fyrirtæki sem sérhæfa sig á þennan hátt taka mörg hver greiðslu fyrir árangursríka leit en að öðrum kosti ekki. Þá getur t.d. verið um að ræða greiðslu sem nemur um 30 prósenta þóknun af árslaunum starfsmannsins.

Aðferðin snýst um að fara óhefðbundna leið að mögulegum starfsmönnum og bjóða þeim vinnu á grundvelli þeirra verkefna sem þeir hafa áður tekið að sér. Með þessari aðferð er hægt að ná í aðila sem sjaldan eru aðgengilegir á vinnumarkaði, eru ekki að leita sér að vinnu en gætu mögulega haft áhuga á að skipta um vinnu. Með því að nýta sér þjónustu sérhæfðra fyrirtækja er hægt að spara kostnað og tíma þar sem fyrirtækin nýta sér sín tengslanet og þekkingu og geta ennfremur haft samband við réttu aðilana á skömmum tíma.

Í tímaritinu Harvard Business Review kemur fram að í tilfellum þar sem um tæknilegar stöður er að ræða þar sem krafist er mjög sérhæfðrar þekkingar starfsmanns sé ekki þörf á slíkri stjórnendaleit. Mun auðveldara sé að finna út hæfni þess starfsmannsins með prófum og vinnusýnum en að mæla leiðtogahæfni og stjórnunarhæfileika væntanlegs stjórnanda. Ennfremur kemur þar fram að ekki er þörf á stjórnenda- og sérfræðileit þegar stjórn fyrirtækis hefur innan sinna raða frambærilegan umsækjanda sem hún er sammála um að ráða.

Í greininni Advice From a Headhunter í tímaritinu The British Journal of Administration Management segir að ekkert sé athugavert við starfsemi sem tengist „hausaveiðum“ en þeir sem fái slíkar heimsóknir eða upphringingar þurfi þó að fara varlega í slíkum viðskiptum. Samtalið þarf að fara fram á milli tveggja aðila og báðir þurfa að leggja sitt til málanna. Eðlilegt er að starfsmenn séu ánægðir að til þeirra sé leitað og vilji hærri laun og betri stöðu þegar slíkt er í boði, en slík viðskipti þurfi að skoða eins og hver önnur viðskipti. Ekki er allt gull sem glóir.



**Sif Sigfúsdóttir MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Eru rafknúnu ruslagámarnir öruggir við þitt fyrirtæki?

ÖRUGG FYRIRTÆKI

Átak Markaðarins og Sjóvá

Að þessu sinni verða rafknúnir ruslagámar gerðir að umræðuefni vikunnar. Á liðnum árum hef ég fengið upphringingar frá fólki víðs vegar um landið sem hefur séð börn vera að fikta í rafknúnum ruslagámum fyrir utan ýmis fyrirtæki.

Þess er skemmst að minnast þegar tveir drengir létust í Svíþjóð fyrir nokkrum árum í blaðagámi, en þeir höfðu skriðið inn í hann og komust ekki út. Skömmu síðar var gámurinn tæmdur í bíl með pressubúnaði og þeir krömdust til dauða.

Litlu munaði að dauðaslys yrði hér á landi þegar drengur fór upp í rafknúinn gám. Það var fyrir tilviljun að starfsmaður kom að og tókst honum að losa drenginn. Drengurinn var hætt að anda þegar komið var að honum og hóf starfsmaðurinn endurlífgun sem bjargaði lífi hans.

WStundum ofmetum við stálpuð börn, teljum að þau eigi að vita um allar hættur eins og við. Staðreyndin er sú að börn hafa ekki þroska og getu til að forðast hættur fyrr en við 12 ára aldur. Rafknúnir ruslagámar virka á börn eins og spennandi leiktæki en þau sjá engar hættur. Ekki má gleyma því að talsvert er um einelti og það mætti sjá það fyrir að einhverjum börnum gæti dottið í hug að nota slíkan gám til þeirra verka með skelfilegum afleiðingum. Önnur ástæða fyrir áhuga barnanna á gámunum er verðmætaleit. Þegar slysið varð í Svíþjóð höfðu tugir foreldra samband og sögðu frá því að þeir hefðu komist á snoður um að börnin væru að fara í gámana því þar væri ýmislegt áhugavert að finna.

**Herdís L. Storgaard**
**Forstöðumaður Sjóvá Forvarnahúss**

SPÁKUPMAÐURINN

# Allir á flugi með Hannesi

Ég búinn að vera í ánægjulegri flugferð með Hannesi Smárasyni að undanförnu. Ferðalagið með honum er ekki fyrir flughrædda, en við sem höfum allar taugar í lagi sitjum bara og njótum útsýnisins.

Nú er hann að selja flugfélagið og að innleysa fullt af peningum. Hannes og Jón Ásgeir eru nú ekki vanir að hafa peninga lengi kjurra hjá sér þannig að það verður veruleg aksjón hjá þeim á næstunni. Ég spái því að FL og Baugur eigi eftir að fara í stóra pakka á næsta ári.

Annars tók ég smá snúning á Dagsbrún. Kæri Jón, takk fyrir það.

Bréfið frá Marshall og óvissan um félagið lækkuðu bréfin og ég veðjaði á skammtímahagnað þegar þokunni létti og seldi í gær. Ég bætti bara við mig í FL fyrir vikið og hugsaði til þess með hryllingi ef ég hefði setið eftir í Avion. Þetta var svakalega vont uppgjör hjá þeim. Vonandi að þeim takist að ná utan um félgaið. Ég held að þeir séu með fínt lið, en það er rosalega mikið verk óunnið hjá þeim áður en þetta félag getur farið að blómstra á ný. Sumt virðist í lagi hjá Eimskip, en sá bransi er svo helvíti erfiður og leiðinlegur. Endalaus kostnaðarvitund og rúmmetranýting. Maður verður sjóveikur af slíkum veltingi.

Þá er flugferð skemmtilegri. Ég spái því líka að FL verði búið að selja flugreksturinn sinn á næstu misserum og verði þá bara í retail og framleiðslufyrirtækjum með mikinn vöxt og öflugt sjóðstreymi.

Annars er ég frekar smeykur við síðasta hluta ársins. Enda þótt búið sé að hreinsa mikið af skuldsettum aumingjum af þessum markaði, þá er náttúrlega erfitt að keppa við þessa stýrivexti og svona óvissa og hættulega krónu. Maður verður því áfram með slatta í erlendum eignum með erlendri fjármögnun svo maður eigi ekki allt undir geðveikinni hér heima. Maður hefur nú samt alltaf smá gaman af þessari heimaklikkun, enda römm sú taug sem rekka dregur föðurtúna til. Maður verður samt alltaf að hafa annan fótinn í veruleikanum, svo er gott fyrir sálina að eiga regluleg erindi til útlanda.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

REYKJAVIK JAZZ

Jazzhátíð Reykjavíkur formlega sett í dag

Dagskrá

Dagskrá dagsins í dag miðvikudaginn 27. september:
Opnunarhátíð í Ráðhúsinu kl. 18.00 - ræður og jazz leikinn. Frítt inn og allir velkomnir.
Bill Holman ásamt Stórsveit Reykjavíkur, Nasa kl. 21.00
Tríó Lasúr - Q-bar, Ingólfsstræti 3 kl. 22.30

Dagskrá fimmtudagsins 28. september:
Gammar - Víkingasalur, Hótel Loftleiðir. kl. 20.00
DBK - Víkingasalur, Hótel Loftleiðir kl. 22.00
Laser - Q-bar, Ingólfsstræti 3 kl. 22.30

Dagskrá föstudagsins 29. september:
Tore Brunborg/Sunna Gunnlaugs kvartett - Q-bar kl. 17.00
Dialect - Nasa kl. 21.00
Kvintett Ásgeirs Ásgeirssonar - Nasa kl 22.30
Andrzej Jagodzinsky Trio - Þjóðleikhúskjallarinn kl. 22.00

Dagskrá laugardagsins 30. september:
YNJC - samnorræn ungliðakeppni - Salur FÍH Rauðagerði kl. 12.00
Stórtónleikar í Austurbæ, Snorrabraut 37
Eyjólfur Þorleifs/Andrés Þór Kvartett kl. 19.00
Kurt Elling with Laurence Hobgood Trio kl. 20.30
Romm, Tomm, Tomm - Latínsveit Tómasar R. - Nasa kl. 22.30

Dagskrá sunnudagsins 1. október:
Kristjana Stefáns/Agnar Már - 10 ára afmælishljómleikar - Nasa kl. 20.30
Austurlandahraðlestin - Nasa kl. 22.00

Miðasala:
www.midi.is, verslunum Skífunnar og BT úti á landi
Miðar jafnframt seldir á tónleikastað

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.jazz.is

GLITNIR · FÍH · olís · VISA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**Á MORGUNFUNDI LANDSBANKA ÍSLANDS** Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildar Landsbanka Íslands, fer yfir horfurnar í efnahagsmálum þjóðarinnar á fjölsóttum fundi bankans á Hótel Nordica í byrjun vikunnar. Bankinn telur að í næstu uppsveiflu, sem hefjist árið 2008, verði Seðlabankinn betur undir það búinn að slá á verðbólguvæntingar og standi tæpast frammi fyrir viðlíka erfiðleikum í þeim efnum og í upphafi sveiflunnar sem nú sé á niðurleið. Markaðurinn/GVA

# Nýtt *hagvaxtarskeið* hefst árið 2008

**Í hagspá Landsbanka Íslands, sem kynnt var á fjölmennum fundi á mánudagsmorgun, var velt upp og svarað spurningum um hvert hagkerfið, fasteignamarkaðurinn, krónan og Seðlabankinn stefni. *Óli Kristján Ármannsson* sat fundinn og hlustaði á umræður eftir hann.**

Í glænýrri hagspá Landsbanka Íslands sem nær fram til ársins 2015 er því spáð að sagan endurtaki sig að örfáum árum liðnum og að landið gangi í gegnum samdrátt og gengisleiðréttingu ekki ósvipað og er núna að ganga yfir eftir þenslutíma og uppbyggingu stóriðju. Um 500 manns sóttu morgunverðarfund bankans í byrjun vikunnar og aðsóknin því líkari því sem gera mætti ráð fyrir á rokktónleika en umfjöllun um efnahagsmál.

Á fundinum var farið var yfir spána, en í henni er gert ráð fyrir áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum, þrátt fyrir að ekki sé búið að negla þær niður enn og er það nokkur nýbreytni. Nýtt hagvaxtarskeið er sagt munu hefjast árið 2008 og standa fram til 2010, en þá falli gengið að nýju.

### HORFUR Í HAGKERFINU

Skyndileg viðhorfsbreyting erlendra fjárfesta í byrjun þessa árs hratt hér af stað aðlögunarferli í efnahagslífinu sem Landsbankinn segir að sé nú að ná fullum þroska. „Ekki er annað að sjá en að íslenska hagkerfið lagi sig hratt að breyttum efnahagsaðstæðum, en um síðustu áramót bjuggust fæstir við því að hagkerfið myndi sigla inn í aðlögunarferli strax á fyrri hluta ársins. Gengi krónunnar gaf eftir í lok febrúar og veiktist krónan um 20 prósent á 2 mánuðum. Hagvöxtur á þessu ári er áætlaður rúmlega 3 prósent, en vöxtur þjóðarútgjalda hefur verið töluverður það sem af er ári. Innflutningur vex enn milli ára, meðal annars vegna mikilla áhrifa stóriðjuframkvæmdanna, og viðskiptahallinn í ár verður nokkru meiri en í fyrra. Engu að síður hafa komið fram skýrar vísbendingar um að toppi hagsveiflunnar sé náð og á vissum sviðum hefur viðsnúningur þegar átt sér stað," segir í spá bankans. Á kynningunni benti Björn R. Guðmundsson, sérfræðingur greiningardeildarinnar, enda á að fasteignamarkaður hefði kólnað, bílainnflutningur minnkað og hægst á kortaveltu. „Allir þessir hefðbundnu þættir eru smám saman að koma fram, en í raun tölum við ekki enn um verulegan samdrátt," segir hann og gerir ekki ráð fyrir miklum viðsnúningi fyrr en á næsta ári með hröðum samdrætti einkaneyslu, fjárfestingar og innflutnings. „Við spáum umtalsverðum samdrætti í þjóðarútgjöldum en vegna þess að aukið verðmæti útflutnings kemur sterkt á móti verður ekki samdráttur í landsframleiðslu," segir hann en spáð er 1,3 prósenta hagvexti á næsta ári.

Við tekur svo hagvaxtarskeið að nýju með áframhaldandi stóriðjuframkvæmdum fram til 2010 þar sem gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði 5 prósent að meðaltali. Á næsta ári segir bankinn verðbólgu munu lækka hratt, meðal annars vegna kælingar á fasteignamarkaði og hækkandi gengis krónunnar, en þegar frá líði aukist verðbólga á ný með aukinni framleiðsluspennu í hagkerfinu.



**BANKASTJÓRAR OG FORMAÐUR BANKASTJÓRNAR LANDSBANKANS** Um 500 manns mættu á morgunverðarfund Landsbankans þar sem farið var yfir hagspá bankans fram til ársins 2015. Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson hlusta á fyrirlestrana, en við hlið þeirra situr Björgólfur Guðmundsson, formaður bankastjórnar bankans. MARKAÐURINN/GVA

### LÍTIL BREYTING HÚSNÆÐISVERÐS

Í spá bankans er fasteignaverð sagt munu lítið breytast fram á næsta ár, en gert er ráð fyrir 2 til 3 prósenta lækkun. Þannig verði fasteignaverð á næsta ári tæplega 11 prósentum hærra en það var árið 2005. „Heilmargir þættir styðja við fasteignaverðið," segir Lúðvík Elíasson, einn skýrsluhöfunda greiningardeildar Landsbankans. „Okkur sýnist að við fáum núna hóflega lækkun á íbúðaverði, en samt sem áður dragi verulega úr fjárfestingum, sem minnki spennuna á vinnumarkaði."

Í spá bankans er tínt til að mikil kaupgeta, sterk eftirspurn og góð eiginfjárstaða byggingarfyrirtækja styðji við verð fasteigna þrátt fyrir miklar nýbyggingar undanfarið. „Hægari velta á fasteignamarkaði veldur því hins vegar að „birgðir" nýrra íbúða aukast og í kjölfarið einnig fjármagnskostnaður byggingarfyrirtækja. Við gerum því ráð fyrir að fjárfesting í nýju íbúðarhúsnæði dragist mikið saman á næstu árum."

Þá segir bankinn einnig hugsanlegt að í stað þess að setja allt sem byggt hefur verið á kólnandi markað megi leigja út húsnæði og að fólksfjölgun vegna mikils aðflutnings kunni að einhverju leyti að leiða til stærri leigumarkaðar. „Þar sem líkur eru á að stór hluti næstu stóriðjuframkvæmda verði nálægt höfuðborgarsvæðinu mun leigumarkaður væntanlega einnig aukast af þeim sökum," segir bankinn.

### KRÓNAN STYRKIST OG VEIKIST

Varðandi krónuna þá telur greiningardeild Landsbankans að þrátt fyrir minnkandi vaxtamun og mikinn viðskiptahalla á næstu árum sé líklegast að krónan styrkist fremur en að hún veikist. „Ástæðurnar eru áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir og betri þekking erlendra fjárfesta á íslenskum efnahagsaðstæðum. Krónan mun þó ekki styrkjast eins mikið og á síðasta ári og eftir því sem framleiðsluspenna eykst í hagkerfinu aukast líkur á gengisleiðréttingu með svipuðum hætti og gerðist fyrr á þessu ári. Okkar spá gerir ráð fyrir að það gerist árið 2010," segir í hagspá bankans.

Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans, var í kynningu sinni á fundinum með vangaveltur um hvort fórna bæri krónunni fyrir evru og taldi það vondan kost. „Ef við gerðum það værum við að tengja hratt vaxandi og dýnamískt efnahagshagkerfi Íslands við hægt vaxandi hagkerfi Evrópu," segir hann og kveður vanda efnahagsstjórnar hér á landi kristallast í of hröðum vexti sem kalli á að hemja þurfi eftirspurn sem valdi hærri verðbólgu hér en í nágrannalöndunum. „Það er ljóst að ef við tengdumst evrusvæðinu þá myndu lágir vextir á hægvaxandi evrusvæðinu magna enn frekar hagvöxt hér og þann vanda sem við höfum við að glíma." Hann segir mjög líklegt að við þessar aðstæður myndi á mjög skömmum tíma komast í slíkt óefni að aðrar leiðir væru ófærar úr vandanum en almennar launalækkanir. „Og það er ekki vitað til þess að nást hafi samkomulag um slíkt í neinu lýðræðisríki."

### MISTÖK SEÐLABANKANS

Yngvi sagði engu að síður ljóst að mistök hefðu verið gerð við framkvæmd peningastefnunnar undanfarin ár og mikilvægt væri að læra af reynslunni í þeim efnum áður en að næstu uppsveiflu kæmi í efnahagslífinu. „Við höfum verið að elta verðbólguvæntingarnar með stýrivaxtahækkunum í stað þess að slá á þær," segir hann og kveður ljóst að stórframkvæmdir hér kalli á meiri sveiflu en svo að peningamálastefna Seðlabankans ráði við hana.

Í spá bankans eru margir samverkandi þættir sagðir hafa flækt virkni peningastefnunnar undanfarin ár og ólíklegt að Seðlabankinn lendi í viðlíka mótvindi á næstu árum. „Ef stýrivöxtum verður haldið óbreyttum í 14 prósentum mun hröð lækkun verðbólgunnar auka mjög aðhaldsstig peningastefnunnar. Því má reikna með að Seðlabankinn lækki stýrivexti mjög hratt í upphafi árs og um samtals 5,5 prósentustig í 8,5 prósent fyrir árslok. Við teljum að Seðlabankinn muni leggja allt kapp á að hemja verðbólguvæntingar í næstu uppsveiflu og hefji því nýtt vaxtahækkunarferli um mitt ár 2008," segir bankinn en veltir um leið upp þeirri spurningu hvort ekki þurfi meiri sveigjanleika í verðbólgumarkmiði meðan á framkvæmdum standi. „Er ráðlegt að ryðja í þessum mæli úr vegi innlendri framleiðslu sem er arðbær við eðlilegar aðstæður fyrir tímabundnar fjárfestingar?" spyr Landsbankinn og telur miklar sveiflur hér réttlæta stærri skref í breytingum stýrivaxta, jafnt til hækkunar sem lækkunar, auk þess sem hugleiða þurfi fleiri leiðir til að bæta virkni peningastefnu Seðlabankans.

# Til móts við framtíðina



Hátæknivætt álver Alcoa Fjarðaáls verður spennandi og öruggur starfsvettvangur fyrir iðnaðarmenn og iðnnema. Hjá Alcoa Fjarðaáli verða um 120 iðnaðarmenn, tæknifræðingar og verkfræðingar auk fjölmargra tæknimenntaðra starfsmanna á vegum verktaka.

Nýsmíðar og viðhaldsverkefni verða unnin í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefnin verða fjölbreytt og mikið lagt upp úr símenntun og starfsþróun.

Altækt, fyrirbyggjandi viðhald á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka verðmætasköpun. Faglegur metnaður og stöðug iðnþróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Á vinnusvæðinu verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

Okkur vantar fleiri vaskar konur og karla í hópinn. Launakjörin eru góð, vinnan stöðug og verkefnin fjölbreytt. Allir fá tækifæri til að læra og vaxa í starfi. Iðnaðarmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu. Upplýsingar um launakjör og vinnufyrirkomulag er að finna á alcoa.is, undir liðnum starfsmannamál.

Við getum einnig boðið nokkrum nemum í rafvirkjun og vélvirkjun að ljúka réttindanámi með vinnu í álverinu. Námið verður sniðið að þörfum hvers og eins en miðað er við að umsækjendur hafi lokið hluta af námi og unnið í faginu.

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á og hjá og ) hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ALC 34273 09/2006

# Starfsmannastjóri Ford segir upp

Steven Hamp, starfsmannastjóri bandaríska bílaframleiðandans Ford og næstráðandi Alan Mulally forstjóra, ætlar að láta af störfum hjá fyrirtækinu öðru hvoru megin við næstu áramót. Hamp varð starfsmannastjóri hjá bílaframleiðandanum í nóvember á síðasta ári undir stjórn Bills Ford, fráfarandi forstjóra, sem réð hann til starfans. Þeir Hamp eru mágar.

Ford hefur ekki tilkynnt opinberlega um brotthvarf Hamps frá fyrirtækinu en Tom Hoyt, talsmaður fyrirtækisins, staðfesti uppsögnina í samtali við fréttastofuna Associated Press í byrjun vikunnar.

Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvenær Hamp lætur af störfum né hvað hann hyggst taka sér fyrir hendur. Þá hefur bílaframleiðandinn ekki ráðið í stöðu hans.

Nokkur umskipti hafa orðið hjá æðstu yfirmönnum Ford í mánuðinum en í byrjun september lýsti Bill Ford, langafabarn stofnandans og fráfarandi forstjóri Ford, að hann hygðist stíga úr forstjórastóli og mæltist til þess að annar yrði ráðinn í hans stað til að snúa gríðarlegu rekstrartapi fyrirtækisins við. Alan Mulally, fyrrum forstjóri flugvélaframleiðandans Boeing, var ráðinn í hans stað. Ekki liggur fyrir hvort það hafi ráðið nokkru um ákvörðun Hamps. - jab




**TVEIR FORSTJÓRAR FORD** Alan Mulally, forstjóri Ford, og Bill Ford, fráfarandi forstjóri og stjórnarformaður fyrirtækisins, á blaðamannafundi í byrjun september. MARKAÐURINN/AP

# Línur skerpast í staðlastríðinu

## Búist er við að nýir mynddiskar bindi enda á staðlastríð tæknifyrirtækja vestanhafs.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Sérfræðingar hjá bandaríska kvikmyndarisanum Warner Brothers hafa hannað mynddisk sem getur geymt myndir jafnt á DVD, HD-DVD og Blu-Ray sniði.

Þeir sem muna eftir staðlastríðinu á myndbandamarkaðnum þegar barist var um hvort VHS tækni eða Beta yrði ráðandi á áttunda áratug síðustu aldar og vilja uppfæra tækjabúnaðinn geta væntanlega hætt að rífa í hár sitt yfir nýju tækninni því líklegt þykir að nýi diskurinn geti sætt stríðandi aðila á tæknimarkaðnum og komið í veg fyrir að önnur hvor tæknin verði undir í baráttunni.

Á þessum nýja diski verða mismunandi lög fyrir staðlana tvo: eitt fyrir hefðbundinn DVD staðal en hin tvö fyrir HD DVD og Blu-ray staðla. Staðlarnir rúma mismikið gagnamagn en þeir tveir síðastnefndu geta geymt tæplega 10 sinnum meira magn en hefðbundnir DVD-diskar og þykja henta vel fyrir kvikmyndir á hárri upplausn. Diskar á HD DVD staðli geta rúmað allt að 15 gígabæti af gögnum en Blu-Ray 25 gígabæti. Til samanburðar getur hefðbundinn DVD diskur einungis rúmað 4,7 gígabæti af gögnum.




**HD DVD OG BLU-RAY DISKAR** Næsta kynslóð mynddiska fyrir kvikmyndir með hárri upplausn rúma mikið gagnamagn. Tæknifyrirtækin berjast um það hvaða tækni verði á endanum ráðandi. MARKAÐURINN/AP

Kvikmyndafyrirtæki í Bandaríkjunum skiptast í tvær fylkingar varðandi tæknina. Flest þeirra styðja Blu-Ray tæknina enda getur hún geymt fleiri gögn. Af þessum sökum hafa einungis þrjú kvikmyndafyrirtæki ákveðið að gefa út mynddiska á HD DVD sniði. Og til að gera málið enn snúnara þá ætlar Microsoft að hafa spilara sem styðja HD DVD tæknina í næstu kynslóð leikjatölva en Sony Blu-Ray. Þetta hefur ekki hjálpað tæknisjúkum leikjatölvunörðum, sem vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga þegar kemur að vangaveltum um kaup á næstu leikjatölvu.

Warner Brothers hefur hins vegar sagt sig úr staðlakeppninni og ætlar að setja fyrsta diskinn af þessari gerð á markað síðar í þessum mánuði.

# Tölvuþrjótar herja á heimilitölvur

Tölvuþrjótar herja í auknum mæli á heimilistölvur með það fyrir augum að komast yfir bankaupplýsingar almennings. Þetta segir bandaríska vírusbanafyrirtækið Symanstec, sem kannaði nýlega stöðu mála.

Í skýrslu fyrirtækisins, sem kemur út á sex mánaða fresti, segir að tölvuskeyti sem líta út fyrir að vera venjulegur póstur frá traustu fyrirtæki en er í raun ætlað að fá tölvunotendur til að gefa upp notendanafn og lykilorð og sendist aftur til tölvuþrjóta, hafi aukist um 81 prósent frá fyrri könnun.

„Það er fínt að hafa Hollywood-afþreyinguna en við viljum geta boðið upp á myndir frá öðrum löndum og auka þannig á fjölbreytnina og með kaupum á sýningarvélinni er stigið skref í þá átt.“

Hrönn bindur miklar vonir við að Tjarnarbíó verði öflug menningarmiðstöð sem muni setja svip á miðbæinn. „Það eru uppi hugmyndir um að taka húsið í gegn og endurnýja það í samstarfi við sjálfstæðu leikfélögin til að salurinn nýtist bæði til kvikmyndasýninga og leiksýninga.“

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík hefst á fimmtudaginn og er nú haldin í þriðja sinn og verða nær 80 kvikmyndir sýndar á hátíðinni frá öllum heimshlutum. Eru þetta allt nýjar og nýlegar kvikmyndir eftir marga af þekktustu kvikmyndagerðarmönnum heimsins í dag og munu margar hverjar rúlla í gegnum nýju vélina í Tjarnarbíói.



**75 ára afmæli**

**Friðrik Jón Sigurðsson**
**(Bóbó)**

Drafnarstíg 2a, 101 Reykjavík,

varð 75 ára 25. sept. sl.



**60 ára afmæli**

**Jón Vignir Karlsson**

skólastjóri NTV verður sextugur föstudaginn 29. september nk.

Af því tilefni bjóða hann og kona hans, Hjördís Edda Ingvarsdóttir, vinum og vandamönnum til veislu í Frímúrarahúsinu að Ljósatröð í Hafnarfirði milli kl. 18 og 21 á afmælisdaginn.

# Bylting í blaðalestri á Netinu!

**vísir.is**
NÝJUNG!

## 50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50 gestir í september fá **utanlandsferð** með Iceland Express.

Iceland Express




VEF BLÖÐ

**Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!**
Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

Láttu drauminn rætast!

30% afsláttur af sérsmíðuðum sófasettum

þú velur áklæði stærð og gerð og við smíðum fyrir þig

Einungis fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 5. Október eða á meðan birgðir endast.

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Lífsgleði á hlaupabretti

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** LYFTIR ANDANUM MEÐ LÓÐUM



Mér hefur verið sagt árum saman að það sé lífsnauðsynlegt að rækta líkamann og það bæti meira að segja andlega heilsu að sinna skrokknum og hreyfa sig reglulega. Hingað til hef ég kosið að afskrifa þessar hugmyndir sem bábiljur og kerlingabækur enda er ég latur að eðlisfari og hef ekki séð neina glóru í því að puða og svitna ótilneyddur. Það þarf því ekki að taka það fram að ég hef haft megnustu andstyggð á líkamsræktarstöðvum sem ég hef talið vera musteri heimsku og tilgangsleysis og hef alveg séð fyrir mér að einn hringurinn í Víti Dantes væri vel búinn þrekhjólum, hlaupabrettum og lyftingalóðum.

Ákvað samt um daginn að rífa mig upp og fara að sinna skrokknum, aðallega vegna þess að ég finn feigðina læðast aftan að mér og sé ekki fram á að ná fertugu með þessu áframhaldi. Ég yfirvann því meðfædda spéhræðslu mína og skellti mér í eitthvað sem heitir Laugar en þar afklæðist allt fína, ríka og fræga fólkið og spriklar innan um sauðsvartan almúgann.

Sjálfum fannst mér ég vera hinn minnsti maur þarna, grindhoraður og væskilslegur tittur, aftur orðinn næpuhvítur eftir að Spánarbrúnkan upplitaðist. Með einhverjum andlegum trixum tókst mér að einangra mig frá þessu ógnvekjandi og fráhrindandi umhverfi og hljóp eins og óður maður á brettinu á meðan ég horfði á Hómer Simpson aka sér í spikinu á flatskjánum. Rauk svo í lóðin og lyfti þeim af miklum móð og fann skrokkinn vakna af áralöngum dvala.

Þetta er greinilega alveg málið. Hjartað hefur haft gott af djöfulganginum og endorfínið sullast nú um í heilanum þannig að mér finnst lífið skemmtilegt og gulnuð haustlaufin falleg. Það er sennilega eitthvað til í þessu blaðri um heilbrigða sál í hraustum líkama eftir allt saman.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





BDF ●●●●
Beiersdorf
EKTA AUGNHÁR
Í RAUN!
Þykkir
Lengir
Aðskilur
Ideal Revolution
FLEXIBLE
NIVEA BEAUTÉ
Ideal Revolution
NÝTT!
* Einkaleyfi á sveigjanlegum gúmmíbursta
Nánari upplýsingar um Ideal Revolution
www.NIVEA.com/idealrevolution
* Einkaleyfi: Geka Brush GmbH í Austurríki, Þýskalandi, Spáni, Portúgal, Rússlandi, Úkraínu.
BEAUTÉ
NIVEA
BEAUTÉ
Daniela notar Ideal Revolution maskara nr. 01, svartur.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!**

**Kl. 12**

*Pólska tónskáldið Krzysztof Penderecki heldur stutta kynningu á eigin tónlist í Listaháskólanum. Penderecki stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum á morgun í tilefni af Pólskum menningardögum.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Jazzhátíð í Reykjavík hefst

Nú er hátíð í bæ því í kvöld hefst djassveisla í höfuðborginni. Jazzhátíð Reykjavíkur stendur til 1. október og verður formlega blásið til hennar í Ráðhúsinu kl. 18 í dag.

Alls eru skipulagðir rúmlega tuttugu viðburðir og tónleikar í tengslum við Jazzhátíðina og sem fyrr er von á góðum gestum. Bill Holmann ríður á vaðið og stýrir Stórsveit Reykjavíkur á tónleikum á skemmtistaðnum Nasa í kvöld kl. 20.30. Síðar mæta félagarnir Han Bennink og Tobias Delius og leika með íslenskum djasstónlistarmönnum, kvartettinn Laser frá Svíþjóð treður upp og pólska tríóið Jagodzinskis einnig. Að öðrum ólöstuðum er skrautfjöður ársins ef til vill djasssöngvarinn Kurt Elling sem heldur tónleika ásamt Laurence Hobgood Trio í Austurbæ næstkomandi laugardagskvöld.

Í kvöld leikur íslenska tríóið Lasúr á Q-bar við Ingólfstorg en að þessu sinni fara tónleikar Jazzhátíðarinnar fram þar, í sal FÍH við Rauðagerði, Austurbæ og í svonefndum Víkingasal á Hótel Loftleiðum.

Dagskrána og upplýsingar um miðaverð má nálgast á heimasíðunni www.jazz.is.



**BILL HOLMANN** Stýrir Stórsveit Reykjavíkur í kvöld.



**> Dustaðu rykið af...**

smásögum Ástu Sigurðardóttur. Ein þekktasta saga hennar **Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns** birtist fyrst í tímaritinu **Líf og list** árið 1951.




AUSTURBÆR

afgangar

**AFGANGAR**
Fim. 28. sept. kl. 21.00
Fim. 5. okt. kl. 21.00

**HAFIÐ BLÁA**
Sun. 8. okt. kl. 13.30 uppselt
Sun. 15. okt. kl. 13.30 sæti laus

Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700




**STYRKÚTHLUTUN HAGÞENKIS 2006** Öllum höfundum fræðirita og kennslugagna er frjálst að sækja um en að þessu sinni fengu 38 verkefni styrk frá félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fræðin í framtíðinni

**Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, úthlutaði nýlega starfsstyrkjum til ritstarfa árið 2006. Liðlega sjötíu manns sóttu um styrkina en alls var úthlutað 6,7 milljónum til ýmissa verkefna sem nýtast munu fróðleiksfúsu fólki í framtíðinni.**

Félagið heitir eftir riti Jóns Ólafssonar frá Grunnavík sem út kom árið 1737 og fjallaði um „almennt stand á Íslandi“, lærdóm og bókiðnir. Allt frá stofnun þess árið 1983 hefur markmiðið verið að auðvelda fólki að nálgast og nota fræðirit og kennslugögn en gæta þess jafnframt að höfundar efnisins fái greitt fyrir sitt framlag. Hagþenkir auglýsir eftir starfsstyrkjum ár hvert og er öllum höfundum fræðirita og kennslugagna frjálst að sækja um.

Jón Yngvi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Hagþenkis, útskýrir að úthlutun styrkjanna sé jafnan gerð á breiðum grundvelli. „Í úthlutunarnefndinni eru þrír sérfræðingar af ýmsum fræðasviðum en leitast er við að styrkja ólíkar greinar en einnig er haft til hliðsjónar að verkefnin séu ekki eingöngu grunnrannsóknir heldur líka námsefni fyrir öll skólastig og endurspegli þannig fræðiritaútgáfu í landinu.“

## Að spegla fjölbreytni

Fjármunir þeir sem félagið hefur úr að spila eru höfundarréttargreiðslur fyrir fjölföldun efnis sem Hagþenkir fær í gegnum samninga Fjölís, hagsmunasamtök höfundarrétthafa, við íslenska ríkið. „Við veitum síðan peningunum áfram og viljum þar af leiðandi endurspegla breiddina sem fyrir er,“ segir Jón Yngvi og kveðst mjög ánægður með hversu vel hefur tekist til við það undanfarið.



**JÓN YNGVI JÓHANNSSON** Framkvæmdastjóri Hagþenkis segir úthlutun styrkjanna spegla fjölbreytni íslenskra fræðirita.

Hæsta styrkinn að þessu sinni, 400.000 krónur, hlaut Guðrún Sveinbjarnardóttir til að gefa út bók um fornleifarannsóknir í Reykholti 1987-89 og 1997-2003. Meðal þeirra sem hlutu 300.000 króna styrk eru Björn Hróarsson sem hlaut styrk til að vinna að alþýðlegu fræðiriti um hraunrennsli og hellafræði; Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir sem hlutu styrk til gerðar námsefnis sem nefnist „Ég vil læra íslensku“, og Ármann Jakobsson sem hlaut styrk til fræðilegrar útgáfu Morkinskinnu.

Auk fyrrgreindra starfsstyrkja úthlutaði Hagþenkir einnig þóknunum fyrir ljósritun og ferðastyrkjum til félagsmanna sinna. Alls nema styrkir og þóknanir Hagþenkis á þessu ári 14,2 milljónum króna.

Jón Yngvi segir að styrkirnir borgi sjaldnast heil verkefni en þeir skipti fræðimenn miklu máli því þeir reki smiðshöggið á einstök verkefni þeirra og geri fólki kleift að ganga frá þeim, gefa þau út og að höfundurinn fái jafnvel eitthvað fyrir sinn snúð. „Við vildum gjarnan að þetta væru hærri upphæðir ár hvert, nú erum við að úthluta 6,7 milljónum sem er álíka há upphæð og ríkið úthlutar í Menningarsjóð,“ segir Jón Yngvi.

## Stafræn miðlun

Hann vonast til þess að styrkirnir hækki á næstu árum þegar samið verður um þá „stafrænu fjölföldun“ sem þegar á sér stað, til dæmis í háskólunum þar sem höfundarréttarvörðu efni er dreift á stafrænu formi án þess að búið sé að semja um dreifinguna. „Fjárhæðirnar sem við úthlutum fara að sjálfsögðu alfarið eftir því hversu mikið við fáum inn því félagið nýtur engra styrkja,“ útskýrir hann og bendir á að hægt gangi í samningaviðræðum við ríkið vegna þessarar tegundar fjölföldunar. Þrátt fyrir nýja miðla og möguleika í tækni breytist hlutverk Hagþenkis lítið en Jón Yngvi segist merkja fjölgun styrkbeiðna til verkefna sem eingöngu eru gefin út stafrænt og að þessu sinni voru veittir fimm styrkir til verkefna sem gefin verða út á stafrænu formi.

Félagar í Hagþenki eru nú liðlega 460 og þeim fer fjölgandi. „Við gætum þó verið fleiri, það er töluvert af fólki úti í samfélaginu sem vel ætti heima í okkar félagsskap, fólk sem á höfundarrétt að verja þótt það sé ekki rithöfundar að aðalstarfi,“ segir Jón Yngvi.

Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á heimasíðunni www.hagthenkir.is.

**kristrun@frettabladid.is**


„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14
Sun 8/10 kl. 14 Sun 15/10 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/9 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20
Fös 13/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20 UPPS.
Lau 7/10 kl. 20 Sun 8/10 kl. 20

**HVÍT KANÍNA**
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Í kvöld kl. 20 Fim 28/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**
Börn 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum*
*Gildir ekki á söngleiki og barnasýningar.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

**MEIN KAMPF**
Í kvöld kl. 20
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
Lau 14/10 kl. 20

**ÁSKRIFTARKORT**
Endurnýjun áskriftarkorta stendur yfir!
5 sýningar á 9.900 kr.
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Manntafl e. Stefan Zweig
Alveg brilljant skilnaður e. Geraldine Aron
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



## LITIÐ YFIR SVIÐIÐ
Súsanna Svavarsdóttir

# *Leikárið og íslensk leikritun*

Gleðilegt nýtt leikár er yfirskriftin á auglýsingu Borgarleikhússins en þegar litið er á verkefnavalið þar í vetur – sem og hjá Þjóðleikhúsinu og Leikfélagi Akureyrar, þ.e. stofnanaleikhúsunum – fer lítið fyrir gleðistraumum. Þjóðleikhúsið er eitt að standa sig í því að vinna með íslenskum höfundum. Þar verða þrjú íslensk verk á fjölunum í vetur: Leikgerð Illuga Jökulssonar á sögu Guðrúnar Helgadóttur, Sitji Guðs englar, Leg – vísindasöngleikur eftir Hugleik Dagsson á Stóra sviðinu og Amma djöfull eftir Ásdísi Thoroddsen á Smíðaverkstæðinu. Það er varla hægt að hrósa Borgarleikhúsinu fyrir Hvítu kanínuna sem Nemendaleikhúsið sýnir þar.

Það mætti halda að hér á landi væru mjög, mjög fáir að skrifa leikrit – en þegar litið er á vetrarstarfið hjá Sjálfstæðu leikhúsunum kemur svo sannarlega annað í ljós. Þar verða á þriðja tug nýrra íslenskra verka sýnd í vetur – auk þeirra sem tekin verða upp frá fyrra leikári – og fær Leikfélag Hafnarfjarðar hrósið í upphafi leikárs fyrir að sýna aðeins íslensk verk. Þar eru nú þegar hafnar sýningar á Gunnlaðarsögu, leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur í samvinnu við leikhópinn Kvenfélagið Garpur. Reyndar eru sýningar Sjálfstæðu leikhúsanna í vetur undantekningalítið eftir íslenska höfunda og þangað hlýtur maður að líta þegar berast óskir um gleðilegt leikár í fjölmiðlum.

En það eru svo margir sem horfa aðeins til stofnanaleikhúsanna sem hafa efni á að auglýsa grimmt með öll sín áskriftartilboð og hvaðeina. Margir kaupa áskrift og eru búnir að skipuleggja sínar leikhúsferðir út veturinn með föstum dagseningum. Þeir sem láta þar við sitja gætu haldið að það vantaði leikritunargenið í Íslendinga. En það er af og frá. Þeir sem stýra leikhúsunum virðast bara hafa svo ósköp lítinn áhuga á að rækta þann garð, finna alltaf betri verk úti í heimi eftir höfunda sem hafa verið að vekja mikla athygli.

Hvernig á íslensk leikritun að þróast, og verða eins góð og þau „betri“ verk sem flutt eru hingað inn, ef stofnanaleikhúsin hafa lítinn sem engan áhuga á því að vinna þannig með höfundum að þeir þroskist í sinni list? Hvers vegna finnst forráðamönnum þeirra ekki mikilvægt að eignast höfunda sem gætu komið til með að „vekja mikla athygli?“ Það er fljótgert að benda á Jon Fosse en verk hans Sumardagur verður sýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í vetur. Þar þykir mikilvægt að fá sýningarrétt á verki þessa leikskálds og sviðsetja það. Og auðvitað verður heilmikið húllumhæ í kringum þá sýningu, kynning á leikskáldinu, umræður og skrif.

Mest finnst okkur gaman þegar erlendir höfundar koma til landsins í tilefni af frumsýningu á verkum þeirra. En það er dálítið tómlegt að varla séu til íslenskir höfundar sem beðnir eru að vera viðstaddir uppfærslur á sínum verkum erlendis. Fá eða engin íslensk nöfn í leikskáldasögunni úti í heimi. Eflaust heldur heimurinn að við getum ekki skrifað leikrit.

# Menningarhátíð í Vatnsmýri

Menningarhátíð fyrir börn og unglinga hefst í Norræna húsinu í dag og stendur fram yfir helgi. Í fréttatilkynningu segir að markmið hátíðarinnar sé að kynna og auka þekkingu lærðra og leikra á höfunum og listamönnum sem boðnir eru á hátíðina en áhersla er lögð á upplestra og samveru rithöfunda, bæði íslenskra og erlendra, og almennings.

Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni er „Rím og þulur“ og líkt og á fyrri hátíðum verður boðið upp á fræðileg erindi og málstofur um barnamenningu.

Á morgun ræða rithöfundarnir Böðvar Guðmundsson, Davíð Þór Jónsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Hal Sirowitz, Leelo Tungal og Thorstein Thomsen um verk sín kl. 14 en um kvöldið lesa fleiri höfundar úr verkum sínum sem eru miðuð að eldri lesendum. Síðdegis verða haldnir fyrirlestrar um rím, þulur og söng í barnabókmenntum með þátttöku norrænna fræðimanna og rithöfunda en erindi sín flytja þátttakendur á íslensku, ensku eða Norðurlandamálunum. Annette Lassen stýrir umræðum.

Um helgina mæta fleiri höfundar til leiks, þar á meðal Þórarinn Eldjárn og Olga Guðrún Árnadóttir. Á föstudaginn verður sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og UNESCO um réttindi barna til umræðu milli kl. 15-16.30 en frummælendur verða Bente Ingvarsen, dagskrárstjóri Barnaheilla í Evrópu og Danmörku, og Inka Hetemäki, dagskrárstjóri við UNICEF í Finnlandi.

Stjórnandi ráðstefnunnar er Kristín Bragadóttir yfirbókavörður en að henni standa Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Rithöfundasambandið, Norræna húsið, IBBY, SíUng, Borgarbókasafnið og Kennaraháskólinn.



**BÆKUR OG BARNAMENNING** Það verður mikið um að vera í Vatnsmýrinni næstu daga því í Norræna húsinu hefst hátíðin „Krakkar úti í mýri“. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**SEPTEMBER**

24 25 26 **27** 28 29 30

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 21.00 Þýska söngkonan **Alexandra Kui** heldur tónleika á **Q-bar** í **Ingólfsstræti**. Með henni leika **Halldór Gunnar Pálsson**, **Hallgrímur Jón Hallgrímsson**, **Ólafur Pétur Georgsson** og **Kerrin Fahrenhorst**.

### SÝNINGAR

☐ 14.00 í **Safni**, samtímalistasafni við Laugaveg 37, stendur yfir sýning listamannanna **Tilo Baumgärtel** og **Martin Kobe** frá Leipzig í Þýskalandi. Á sýningunni eru málverk, teikningar og vídeóverk. Innsetning svissneska listamannsins **Roman Signer** er til sýnis á annarri hæð Safns. Safn er opið milli 14-18 mið.-fös. en 14-17 um helgar. Sýningarnar standa yfir til 5. nóvember.

☐ 20.00 Sýning á heildarsafnkosti **Nýlistasafnins** stendur yfir í húsakynnum þess á **Laugavegi 26**. Sýningin er opin milli 20-22 til 1. október og munu valdir góðkunningjar safnsins stýra óhefðbundinni leiðsögn alla dagana kl. 20 en í kvöld mæta **Árni Ingólfsson** og **Goddur** og fræða gesti.

### VIKA SÍMENNTUNAR

☐ Í tilefni af **Viku símenntunar** eru bókasafnsskírteini ókeypis í öllum söfnum **Borgarbókasafns**. Tilboðið gildir til 30. september.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





**Sýningar í Landnámssetri í september og október**

Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl.20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 20. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 21. október kl. 20 Laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800**

**TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600 Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag**



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI** eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur. Lau. 7/10, fös. 13/10, lau. 14/10, fös. 20/10. Allra síðustu sýningar!

**FAGNAÐUR** eftir Harold Pinter. Sun. 1/10 kl. 21:00, sun. 8/10 **kl. 21:00**, sun. 15/10 **kl. 21:00**. Allra síðustu sýningar!

**LEIKHÚSKVÖLD MEÐ PINTER.** Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning. Fyrir sýningu á **Fagnaði** er boðið upp á erindi um **Nóbelsskáldið Harold Pinter** og kvöldverð í anda verksins í Leikhúskjallaranum. Nánari upplýsingar í miðasölu.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 1/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus,**, fös. 6/10 **kl. 20:00**, lau. 7/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 8/10 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur. Lau. 30/9 **uppselt**, sun. 1/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fim. 5/10 **uppselt**, lau. 7/10 **uppselt**, sun. 8/10 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, mið. 11/10 **örfá sæti laus**, fim. 12/10, fös. 13/10 **örfá sæti laus**, lau. 14/10 **örfá sæti laus**, sun. 15/10, fös. 20/10 **uppselt**, lau. 21/10 **örfá sæti laus**.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00**

**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse. Fim. 28/9, sun. 8/10 kl. 17:00.

Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.

KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


# Heiðursverðlaun myndhöfunda

Í nóvember stendur stjórn Myndstefs ásamt Landsbanka Íslands fyrir veitingu heiðursverðlauna fyrir afburða framlag til myndlistar eða framúrskarandi myndverk eða sýningar. Allir myndhöfundar koma til greina við úthlutun heiðursverðlauna. Skal miða við að verkin hafi verið birt eða gefin út um svipað leyti og verðlaunin eru veitt eða næstu árin þar á undan. Heiðursverðlaunin nema einni milljón króna og mun afhending verðlaunanna fara fram við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands.

Sérstök úthlutunarnefnd mun velja listamenn út hópi tilnefninga og síðan ákveða hver þeirra hljóti verðlaunin. Stjórn Myndstefs leitar eftir tilnefningum frá stjórnum aðildarfélaga samtakanna en enn fremur hafa allir félagsmenn Myndstefs rétt til þess að tilnefna listamenn til þessara verðlauna. Á heimasíðu Myndstefs er sérstakt eyðublað og geta þeir sem vilja komið tilnefningum sínum á framfæri á því eyðublaði í tölvupósti eða með öðrum hætti til stjórnar Myndstefs. Óskað er eftir því að rökstuðningur fylgi tilnefningum. Frestur til tilnefningar er til 15. október.



**SKÚLPTÚR GJÖRNINGAKLÚBBSINS** Allir myndhöfundar koma til greina við úthlutun heiðursverðlauna Myndstefs. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.





**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart**
**Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20 - UPPSELT**
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20 - 5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20
6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7.sýn. fös.20. okt. kl. 20 - 8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

**Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október.**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN



***Menningarhátíð fyrir börn og unglinga í Norræna húsinu***
***Miðvikudagur 27 September.***

**10:00 og 11:30 "Ást, Ást". Leiksýning fyrir börn 7-12 ára**
Carl-Gustaf Wentzel og Teater Taimine. Leikritið byggir á látbragði og er mjög auðvelt að skilja.
Fyrirlestrarsalur Norræna hússins.
Bókanir í Norræna húsinu

ADGANGUR ÓKEYPIS

**19:00 Hátíðardagskrá fyrir börn og fullorðna**
Listamennirnir og rithöfundarnir lesa, syngja og leika fyrir gesti
Bárður Óskarsson, verðlaunahafi Vest-norrænu barnabókmenntaverðlaunanna verður heiðursgestur
Almennur söngur úr Vísnabókinni
Fyrirlestrarsalur Norræna hússins
Allir velkomnir, börn og fullorðnir

ADGANGUR ÓKEYPIS

NORRÆNA HÚSIÐ

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Myndbrot úr Tekinn á netið

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Auðunn Blöndal að byrja með nýjan sjónvarpsþátt í byrjun október sem heitir Tekinn og er í ætt við hinn geysivinsæla Punk'd sem Ashton Kutcher stjórnar. Þar hrekkir Auðunn fína og fræga fólkið á Íslandi með dyggri aðstoð vina, ættingja og maka ásamt nokkrum vel völdum leikurum.

Stutt myndbrot hafa nú „lekið“ á netið og má sjá þau á heimasíðunni youtube.com en þar gefur meðal annars að líta sjálfan Bubba Morthens taka hálfgert bræðiskast yfir ungum dreng sem ætlar að fjarlægja bílinn hans.

„Ég meina, þetta er bara peningur fyrir mig, ég held að Bubbi eigi meiri pening heldur en ég,“ segir strákurinn og fær yfir sig heilmikla ræðu frá kónginum sem er að reyna að ná í lögregluna. „Þú ert bara lítill tappi, krumpaður að innan og ert í vandræðum og þú ert dónalegur,“ segir Bubbi við strákinn sem ber af sér allar sakir og segist ekkert hafa verið dónalegur við Bubba.

Stutt brot með Höllu Vilhjálmsdóttur, kynni X-Factor, er einnig að finna á sömu síðu en þar er söng- og leikkonan grunuð um að ræna úr fatabúð með tilheyrandi vandræðum og afskiptum afgreiðslufólks. -fgg



**AUÐUNN BLÖNDAL** Ef marka má myndbrotin sem lekið hafa á netið er ljóst að hann svífur einskis í að narra fína og fræga fólkið.



**BUBBI OG BÍLLINN** Tónlistarmaðurinn hefur ekki átt von á því að bíllinn hans yrði dreginn í burtu og þaðan af síður að allt væri tekið upp.



**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR** Er tekin, grunuð um búðarþjófnað og fær algjört sjokk en reynir hvað hún getur til að sannfæra starfsfólkið um eigið sakleysi.

# Jay Z og Beyoncé best klædd

Bandaríska tímaritið People stóð fyrir kosningu á dögunum meðal lesenda sinna á best klæddu pörum meðal hinna frægu. Þá var tekið mið af hversu vel pörin taka sig út saman á rauða dreglinum jafnt og í hinu hverdagslega lífi.

Rapparinn Jay Z og unnusta hans Beyoncé sigruðu í kosningunni og segir í blaðinu að þau flaggi fötunum sínum betur en sambandinu sjálfu og það sé góð blanda af síðkjólum söngkonunnar og stóru skartgripasafni rapparans.

Í öðru sæti voru nýbökuðu foreldranir Gavin Rossdale, söngvari hljómsveitarinnar Bush, og Gwen Stefani en fatastíll hennar hefur verið upphafinn í mörgum blöðum og er hún með sína eigin fatalínu sem er að slá í gegn í Bandaríkjunum.

Í þriðja sæti voru svo Jennifer Lopez og eiginmaður hennar Marc Anthony en þau þykja vera klassísk og falleg í klæðaburði og reyna þau yfirleitt að samhæfa klæðnað sinn á rauða dreglinum.



**ANNAÐ SÆTIÐ** Gavin Rossdale og Gwen Stefani hafa skemmtilegan stíl og kunna að klæða sig í hversdagsleikanum sem og á rauða dreglinum.



**ÞRIÐJA SÆTIÐ** Marc Anthony og Jennifer Lopez eru samhæfð í klæðaburði og þykir lesendum People þau hafa klassískan og fallegan fatasmekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**FYRSTA SÆTIÐ** Jay Z og Beyoncé þykja bera af í klæðaburði af frægu pörunum, að mati People magazine.


25 ára afmælisvika
23. - 30. sept.



25% afmælisafsláttur af öllum gleraugum

augnsýn
GLERAUGNAVERSLUN
Fjarðargata 13-15
Sími 565 4595




**SVEITT ROKK** Liðsmenn Singapore Sling voru vel stemmdir á Loppen og áhorfendur voru sömuleiðis vel með á nótunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HALLUR KARLSSON

# Íslenskt rokk í Köben

Það var mikil stemning síðastliðið föstudagskvöld á hinum fornfræga tónleikastað Loppen í Kaupmannhöfn þegar um þrjú hundruð gestir voru mættir til að fylgjast með tveimur íslenskum sveitum, Stafrænum Hákoni og Singapore Sling. Tónleikarnir þóttu takast einstaklega vel upp, draumkenndar melódíur Stafræns Hákonar hituðu lýðinn vel upp áður en rokkararnir í Singapore Sling trylltu gesti með miklum látum. Að tónleikum loknum þeytti hin íslenska DJ Muzika skífum fram eftir nóttu. Fyrr um daginn hélt Singapore Sling litla tónleika í verslun 12 Tóna í borginni og voru þeir sömuleiðis vel sóttir. Íslenska tónlistarfélagið Beatless Propaganda stóð fyrir tónleikunum og segir Hjalti Már Einarsson, talsmaður þess, að stefnt sé að öðrum sams konar tónleikum fyrir jól. Beatless Propaganda sé þegar farið að svipast um eftir forvitnilegum íslenskum böndum.



**HENRIK BJÖRNSSON** Söngvari Singapore Sling er bæði með lúkkið og sviðsframkomuna á hreinu.



**STAFRÆNN HÁKON** Ólafur Örn Josephsson, sem hér er í forgrunni, er aðalmaðurinn á bakvið Stafrænan Hákon sem gefið hefur út nokkrar breiðskífur og vakið athygli víða.



**HITAÐ UPP** Fjölmargir Íslendingar mættu á upphitunartónleika Singapore Sling í verslun 12 Tóna.


ÁSKORUN TIL NORÐLENDINGA!
FACTOR
SANNIÐ AÐ BESTA SÖNGFÓLKIÐ SÉ AÐ NORÐAN
ÁHEYRNARPRÓF **NÆSTA ÞRIÐJUDAG** Á HÓTEL KEA
Við skorum á söngvara og sönghópa
**Skráning á www.xfactor.is**
X-Factor hefur farið sigurför um heiminn.
Taktu þátt í stærsta sjónvarpsviðburði á Íslandi!
www.xfactor.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| MY SUPER-EX GIRLFRIEND | kl. 8 og 10.10 |
| LITTLE MAN | kl. 3.50 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 3.50 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 6, 8 og 10 |
| CRANK | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10.15 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| VOLVER | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| FACTOTUM | kl. 6 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 8 og 10 |
| CLERKS 2 | kl. 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 |
| MY SUPER EX-GIRLFRIEND | kl. 6 |

500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Hannar fyrir Topshop

Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur skrifað undir samning við verslanakeðjuna Topshop um að hanna heila fatalínu undir eigin nafni fyrir næsta vor og sumar. Tískuspekingar hafa beðið eftir þessum tíðindum með óþreyju, því fyrirsætan er þekkt fyrir góðan fatasmekk og ávallt með puttana á púlsinum hvað varðar tísku. Hún hefur oftar en einu sinni verið valin best klædda kona Bretlandseyja og ætti því að vita sínu viti þegar kemur að hönnun.

„Ég er mjög ánægð með þennan samning og ber mikla virðingu fyrir Topshop fyrirtækinu og versla mikið þar sjálf. Þetta verður spennandi ævintýri,“ segir Moss um verkefnið en fatalínan mun verða fáanleg í öllum 308 búðum Topshop úti um allan heim.

Kate Moss fetar hér með í fótspor Madonnu en fatnaður eftir söngkonuna heimsfrægu fæst í flestum Hennes & Mauritz verslunum núna.



**KATE MOSS** Hefur ákveðið að leyfa tískuvitinu sínu að njóta sín hjá Topshop, þar sem hún mun hanna fatalínu fyrir næstkomandi vor og sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Leikur ekki Buckley

Móðir söngvarans heitins Jeff Buckley, Mary Guibert, neitar öllum orðrómi um að Brad Pitt muni leika son hennar í mynd byggðri á ævi ástsæla söngvarans. Guibert er sjálf að vinna að myndinni sem ber nafnið „Mystery White Boy“ og segir að Hollywood sé ekki rétti vettvangurinn fyrir mynd af þessu tagi. Þó að hún neiti að Brad Pitt muni leika sjálft aðalhlutverkið lýsir hún yfir áhuga þess efnis að leikarinn góðkunni ljái verkefninu krafta sína. Myndin verður frumsýnd árið 2008 og er leikaraval ennþá ekki komið á hreint.



**JEFF BUCKLEY** Mynd um hann er í bígerð og móðir hans Mary Guibert er á bak við verkefnið. Myndin á að verða frumsýnd árið 2008.



**SHIMA** Rokksveitin Shima er að gefa út sína fyrstu plötu. MYND/BALDUR MÁR

# Fyrsta plata Shima

Fyrsta plata rokksveitarinnar Shima, ...and for a moment all fell silent, er að koma út. Liðsmenn Shima eru fjórir og koma frá höfuðborgarsvæðinu, en eiga rætur í Hafnarfirði. Sveitin var stofnuð fyrir einu og hálfu til tveimur árum og hóf fljótlega undirbúning að plötunni. „Við erum búnir að fara nokkrum sinnum í gegnum lögin og vildum taka okkur góðan tíma,“ segja þeir félagar. „Við vildum gera heilsteypta plötu.“

Fyrirtækið Silver Sony, sem hefur m.a. unnið með Fugazi, sá síðan um að leggja lokahönd á plötuna eftir að upptökum var lokið.

Shima fór í úrslit í hljómsveitakeppninni Battle of the Bands hér á landi á síðasta ári en náði ekki að bera sigur úr býtum.

Tónlist sveitarinnar hefur verið skilgreind sem framsækið „progressive“ rokk. Nefna þeir helsta áhrifavald sinn hljómsveitina Porkupine Tree, sem þeir sáu einmitt á tónleikum í Toronto fyrir nokkru síðan og skemmtu sér konunglega.

-fb

# Notalegheit í hæsta gæðaflokki

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

Nýjasta plata snillingsins skeggjaða, Bonnie ‚Prince‘ Billy, hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hefur rúmlega tíu ára ferill Wills Oldham, sem er rétta nafn Bonnies, verið einstaklega farsæll. Platan er einnig merkileg fyrir þær sakir að hún var að öllu leyti tekin upp hér á landi, nánar tiltekið í Gróðurhúsinu, undir stjórn Valgeirs Sigurðssonar. Engum blöðum er um það að fletta að hvorki Bonnie né Valgeir stíga feilspor á The Letting Go, ekki svo teljandi sé. Platan er einstaklega heilsteypt og verður að teljast með bestu verkum Oldhams en þar kemur hann svo sannarlega ekki að tómum kofanum.

Hin föðurlega og ljúfa rödd Bonnies heldur áfram að vera hans helsta einkenni en einfaldar og undurfagrar laglínur hans eru það sem gera gæfumuninn og skipa Bonnie í flokki með merkustu tónlistarmönnum samtímans. En þrátt fyrir þessa föðurlega hlýju sem fylgt hefur Bonnie hafa textar hans oft verið dimmir og jafnvel þunglyndislegir en sem dæmi fjallaði platan Master and Everyone nær eingöngu um brotna ást. Nú kveður hins vegar við annan tón og hefur Bonnie sjaldan verið eins bjartur og hreinn, nafn upphafslagsins, Loves Comes to Me, segir allt sem segja þarf. Hið dulræna og ljóðræna er þó sjaldan langt undan sem ýtir enn frekar undir tilfinningastreymið, eins og lagið No Bad News er glöggt dæmi um. Útsetningarnar á plötunni er fjölbreyttar, allt frá hinu rafræna Lay and Love til hins krúttlega God‘s Small Song, en Bonnie heldur samt alltaf í hið einfalda sem gerir tónlist hans jafnframt svo stórbrotna.

Will Oldham er snillingur á sínu sviði og með þessu nýjasta framtaki sínu ætti allar efaraddir um snilli hans að vera á bak og burt. Þrátt fyrir að vera afar afkastamikill hefur Bonnie í enn eitt skiptið náð að senda frá sér meistarasmíð þar sem þessi litlu smáatriði skipta máli og við þau hefur svo sannarlega verið gælt.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**BONNIE ‚PRINCE‘ BILLY**

THE LETTING GO

**Niðurstaða:** Oldham (Bonnie) hefur sjaldan verið eins bjartur og notalegur þar sem hann leikur sér við að framkalla hinar ýmsu tilfinningar. Án efa ein af plötum ársins.



**ANTHONY PAPPA** Plötusnúðurinn Anthony Pappa þeytir skífum á Nasa föstudaginn 6. október.

# Hugarástand og Pappa þeyta skífum

Plötusnúðurinn Anthony Pappa þeytir skífum á Nasa föstudaginn 6. október á stærsta klúbbakvöldi ársins á vegum techno.is.

Hugarástandsbræðurnir Dj Frímann og Dj Arnar munu einnig koma fram eftir margra ára hlé. Bíða margir spenntir eftir því að heyra í þessum tveimur af eftirminnilegustu klúbbaplötusnúðum Íslands í gegnum tíðina. Er mörgum minnisstætt er þeir fóru á kostum kvöld eftir kvöld á skemmtistaðnum Thomsen. Addi Exos lýkur síðan kvöldinu.

Þetta er í fyrsta sinn sem Pappa kemur til landsins en hann er um þessar mundir á tónleikaferð um Suður- og Mið-Ameríku. Er hann einn sá fremsti í sínu fagi og hefur spilað mikið með mönnum á borð við Sasha, John Digweed og Steve Lawler. „Það er feitt kvöld í vændum,“ segir Addi Exos. „Flestir Íslendingar eru búnir að vera að bíða lengi eftir honum,“ segir hann um Anthony Pappa.

Miðasala á tónleikana er hafin í 12 Tónum. Miðaverð í forsölu er 1500 krónur.







SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i. 7.ára. |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 6 - 8 - 10:10 | |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| THE WILD M/- ensku tal. | kl. 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| THE ALIBI | kl. 8 - 10:10 | B.i.16.ára. |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12.ára. |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 10:10 | B.i. 12.ára. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 3:50 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| UNITED 93 | kl. 10:15 | B.i.14.ára. |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP | kl. 8 - 10 | B.i. 7 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 8 | B.i.14 |
| UNITED 93 | kl. 10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | |
| UNITED 93 Síð. Sýn | kl. 8 - 10 | Leyfð |

| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 5:50 - 8 - 10.15 | B.i.12 |
| THE PROPOSITION | kl. 5:50 - 8 - 10:15 | B.i. 16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 - 10:15 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 - 10:15 | B.i.16 |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 6 - 9 | B.i. 12 |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

HAGATORGI • S. 530 1919

www.sambioin.is (575 8900 www.sambioin.is




**KYLIE MINOGUE** Segist ekki vera á leiðinni í hjónaband í bráð með kærasta sínum Olivier Martinez eins og slúðurblöðin hafa greint frá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ekki í hjónaband í bráð

Söngkonan geðþekka Kylie Minogue er ekki á leið í hjónaband með kærasta sínum Olivier Martinez eins og slúðurblöðin hafa verið að greina frá uppi á síðkastið. Martinez hjúkraði Minogue á meðan hún stóð í baráttu við brjóstakrabbamein og héldu margir að í kjölfarið mundi parið ganga upp að altarinu. Minogue, sem nú er orðin frísk eftir veikindin, segist ekki vera í hjónabandshugleiðingum og að Martinez sé ekki týpan til að ganga í það heilaga. „Ég er ekki hjónabandstýpan og vil vera búin að þekkja manneskjuna í a.m.k. sex ár áður en ég festi ráð mitt,“ lét Martinez hafa eftir sér á dögunum.

# Jeff Who? syngur með Ampop á nýju plötunni

**Ampop hafa lokið upptökum á næstu plötu sinni. Hljómsveitin fékk góða gesti til að hjálpa sér í einu laganna á plötunni.**



**AMPOP** Trommuleikari Ampop segir ekki von á dúettaplötu þó að samstarfið með Jeff Who? hafi gengið vel. Fjórða plata Ampop kemur út í nóvember.

„Við vorum að hlæja að því að nú færi fólk að ásaka okkur um að herma eftir Jeff Who? og Barfly. Okkur fannst frábært að fá þá bara til að syngja með okkur,“ segir Jón Geir Jóhannsson, trommuleikari hljómsveitarinnar Ampop. Sveitin er þessa dagana að taka upp næstu plötu sína og fengu strákana í Jeff Who? til að syngja með sér í einu laganna, enda er í því „sing-along“ kafli ekki ósvipaður þeim í laginu Barfly með Jeff Who? „Þeim fannst þetta líka frælfyndin hugmynd svo við héldum bara lítið samkvæmi í stúdíóinu. Þetta var alveg frábært, og þeir eru allir magnaðir söngvarar. Svo er líka gaman þegar fólk vinnur saman og heldur sig ekki bara í sínu horni. Það er eiginlega ekki hægt á íslenskum tónlistarmarkaði,“ sagði Jón Geir.



**JEFF WHO?** Lagið með Ampop er væntanlegt í spilun á næstu vikum.

Jón Geir segir enga stökkbreytingu hafa átt sér stað á stefnu Ampop á milli platna. „Þessi fer í báðar áttir út frá síðustu plötu, en fólk á alveg að heyra hvaða hljómsveit þetta er,“ sagði Jón Geir. Ekki er kominn ákveðinn útgáfudagur á plötuna en stefnt er á byrjun nóvember.

„Platan er í eftirvinnslu núna. Arnar, sem pródúseraði síðustu plötu, er að gera það sem hann gerir, sem ég held að enginn okkar skilji alveg en er alveg geðveikt. Hann er eiginlega fjórði Ampopparinn.“ Lagið með Jeff Who? verður það fyrsta af plötunni sem fer í spilun og mun það verða á næstu vikum.

sunna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Kate Beckinsale** segist ekki vilja vera bendluð við lýtaaðgerðir. Hún er alfarið á móti slíkum aðgerðum í fegrunarskyni og vill ekki að fólk haldi að hún sé nógu grunnhyggin til að gangast undir hnífinn. „Lýtaaðgerðir eru sjálfselskar og grunnhyggnar aðgerðir og vill ég ekki að fólk haldi að ég sé þess slags manneskja,“ segir Beckinsale.



# Verðugur bautasteinn

**[KVIKMYNDIR]**

UMFJÖLLUN

Jón Páll Sigmarsson er risi í fleiri en einum skilningi og hann vann sér traustan sess í hjarta þjóðarsálarinnar á allt of stuttri ævi og óvenju glæsilegum ferli í aflraunum og vaxtarrækt. Heimildarmyndin Þetta er ekkert mál er því löngu tímabær og Hjalti Úrsus og félagar eiga hrós skilið fyrir að setja saman þessa áhugaverðu og skemmtilegu mynd.

Lífi Jóns Páls er gerð góð skil í myndinni og honum er fylgt frá æsku með leiknum atriðum. Þar kemur á daginn að krókurinn beygðist snemma og hann var ekki hár í loftinu þegar hann ákvað að leggja heiminn að fótum sér með handafli.

Feril Jóns er óþarfi að rekja hér en hér á landi stóð honum enginn jafnfætis í vaxtarræktarkeppnum og hann landaði titlinum Sterkasti maður heims nokkrum sinnum án þess varla að blása úr nös. Upprifjun á þessum afrekum Jóns Páls með gömlum fréttamyndum er tvímælalaust skemmtilegasti þáttur myndarinnar og það ætti allir að hafa gagn og gaman af því að fylgjast með glaðbeitta víkingnum sigra heiminn í krafti aflsmuna og ekki síður magnaðra persónutöfra.

Viðtöl við fjölda samferðamanna og vina varpa svo skýrara ljósi á manninn sjálfan þannig að eftir stendur heilsteypt mynd af mögnuðum manni, ljúfum risa, sem var skammtaður allt of stuttur tími í mannheimum.

Jón Páll var með skemmtilegri mönnum, litríkur og lífsglaður en myndin er þó alveg á mörkunum hvað lengdina varðar en hún á það til að detta aðeins niður á milli myndbrotanna með Jóni Páli í ham. Þegar hann er í mynd á hann hins vegar tjaldið og hug áhorfenda skuldlaust.

Gallar myndarinnar eru fáir og léttvægir þegar á heildina er litið og Þetta er ekkert mál ætti í raun að vera skylduglápur fyrir Íslendinga. Myndin er gerð af alúð og væntumþykju og með henni hefur Hjalti og hans fólk reist föllnum félaga verðugan bautastein.



**ÞETTA ER EKKERT MÁL**

LEIKSTJÓRI: STEINGRÍMUR JÓN ÞÓRÐARSON

AÐALHLUTVERK: SKARPHÉÐINN HJALTASON, GARÐAR UNNARSSON, SÆMUNDUR UNNAR SÆMUNDSSON.

**Niðurstaða:** Persónutöfrar og kraftur Jóns Páls keyrir þessa löngu tímabæru heimildarmynd áfram þannig að það verður enginn svikinn af endurnýjuðum kynnum við þennan magnaða mann sem átti hug og hjörtu þjóðarinnar á níunda áratugnum.


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Stjórn á blóðþrýstingi




*LH inniheldur náttúruleg lífvirk peptíð sem geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi*

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu og er því fitulaus. Auk peptíðanna inniheldur hann í ríkum mæli kalk, kalíum og magníum en rannsóknir benda til að þessi steinefni hafi einnig jákvæð áhrif á blóðþrýsting.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## > Bryndís og Embla í landsliðið



Eins og kemur fram hér til hliðar geta þær Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir ekki farið með landsliði Íslands til Portúgals en liðin leika þar á morgun í síðasta leiknum í undankeppni HM 2007. Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari hefur í þeirra stað valið þær Emblu Grétarsdóttur, KR, og Bryndísi Bjarnadóttur, leikmann Breiðabliks. Verður þetta fyrsti landsleikur Bryndísar.

sport

sport@frettabladid.is

**ÓLÍNA GUÐBJÖRG VIÐARSDÓTTIR:** RISTARBROTNAÐI OG MISSIR AF EVRÓPUÆVINTÝRI BLIKA

# *Afar slæm tímasetning á meiðslunum*



Blikar fengu í gær þau slæmu tíðindi að tveir af lykilmönnum liðsins eru meiddir og verður annar þeirra að minnsta kosti frá í viðureignum liðsins gegn Arsenal í fjórðungsúrslitum Evrópukeppni félagsliða. Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir fyrirliði er með brotið bein í rist og verður frá næstu 4-6 vikurnar. Guðrún Sóley Gunnarsdóttir kennir sér meins í baki og er tvísýnt með að hún verði klár í slaginn en það á að láta reyna á það. Báðar missa þær af þeim verkefnum sem eru framundan með íslenska landsliðinu en á morgun spilar liðið við Portúgal í undankeppni HM 2007 og í næsta mánuði í vináttulandsleik gegn Bandaríkjunum ytra.

„Ég er með sprungu í ysta ristarbeininu og verð frá í 4-6 vikur," sagði Ólína við Fréttablaðið í gær. „Ég ligg núna uppi í rúmi og má ekkert stíga í löppina. Þetta er auðvitað afar slæm tímasetning á meiðslunum og það er alveg hræðilegt að missa af Evrópu- og landsleikjunum."

Hún segir að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en beinið brákaðist á landsliðsæfingu nú fyrir skömmu. „Ég er búin að vera á stanslausri keyrslu í ellefu mánuði og hef áður fengið álagsbrot í ristinni. Það var enginn fyrirvari, allt í einu gerðist þetta bara."

Hún segist þó ætla að fara með stöllum sínum út til Englands og styðja þær á hliðarlínunni.

Guðrún Sóley er stíf í baki og segir hún að hún hafi verið að glíma við þessi meiðsli meira og minna í eitt og hálft ár. „Við spiluðum bikarúrslitaleikinn og svo þrjá leiki í Evrópukeppninni og má skrifa þetta bara á álagið. Ég stefni á að vera orðin betri í næstu viku og næ vonandi að bíða með meðferð þar til tímabilinu lýkur."

Hún segir að um sé að ræða fyrstu einkenni brjóskloss í baki. „Þegar álagið er mikið verkjar mig í bakið en ég hef reynt að spila þrátt fyrir meiðslin og hvíla mig á milli."

Guðmundur Magnússon þjálfari Breiðabliks segist ætla að reyna halda öllu opnu fyrir Guðrúnu. „Þetta er búið að vera langt og strangt tímabil þannig að þetta tekur á hjá okkur."



**ZLATAN IBRAHIMOVIC** Á æfingu með landsliðinu. Hver veit nema hann sé hættur að spila fyrir hönd Svía. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Zlatan ekki í hópnum:

## Hættur fyrir fullt og allt?

**FÓTBOLTI** Lars Lagerback, landsliðsþjálfari Svía, hefur valið hópinn sem mætir Spánverjum 7. október og Íslendingum á Laugardalsvelli 11. október.

Mesta athygli vekur að Zlatan Ibrahimovic er ekki í hópnum en hann fór fram á það sjálfur að vera ekki valinn og hefur ekki ákveðið hvort hann muni nokkurn tímann spila aftur fyrir sænska landsliðið.

„Hvort Zlatan sé hættur að eilífu eða bara að taka sér hlé þessa tvo leiki veit ég ekki. Ég mun ræða við hann eftir þessa leiki," sagði Lars Lagerback, þjálfari Svía. - dsd

Flottasti fótboltinn:

## Skoðaðu mörkin í símanum

**FÓTBOLTI Farsímanotendur Og Vodafone, sem mega ekki missa af neinu í boltanum, geta ekki bara fengið mörkin í Meistaradeildinni og enska boltanum beint í símann sinn því núna geta þeir farið á netið í símanum sínum og séð öll mörk tímabilsins. Hægt er að velja milli umferða, liða og leikmanna.**

**Farsímanotendur geta því hæglega farið á netið í símanum og skoðað öll mörk Waynes Rooney þegar þeir vilja eða öll mörk Arsenal. „Mörkin í símanum eru í raun hluti af netupplýsingaveitu hjá Og Vodafone sem nefnist Vodafone live! Það er að hægt að sækja ýmiss konar þjónustu og mikið magn íþróttafrétta," sagði Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone.**

Sven-Göran Eriksson:

## Er ekki hættur að þjálfa

**FÓTBOLTI** Sænski knattspyrnuþjálfarinn Sven-Göran Eriksson er ekkert á því að setjast í helgan stein og segist vera til í að starfa í hvaða landi sem er, svo lengi sem starfið henti honum.

„Einn daginn mun ég hætta, en ekki alveg strax. Mitt næsta starf verður að vera gott starf og það skiptir ekki máli í hvaða landi það verður," sagði Eriksson og sagði jafnframt að félög á Spáni og í Portúgal hefðu sett sig í samband við hann. - dsd

# Deildin verður mjög jöfn

DHL-deild karla byrjar í kvöld með tveimur leikjum. Annars vegar mætast Stjarnan og Fram í Garðabæ og hins vegar ÍR og Haukar í Breiðholtinu.

**HANDBOLTI** DHL-deild karla í handbolta fer af stað í kvöld með tveimur leikjum. ÍR fær Hauka í heimsókn og í Garðabæ mætast Stjarnan og Fram. Samkvæmt spá þjálfara og fyrirliða félaganna í deildinni er ÍR spáð neðsta sætinu en hinum þremur liðunum, Haukum, Stjörnunni og Fram, er öllum spáð góðu gengi. Fram og Stjarnan mættust á dögunum í Meistarakeppni HSÍ þar sem Stjarnan hafði betur 29-25.

Fréttablaðið ræddi við Guðmund Guðmundsson, þjálfara Framara, sem var fullur tilhlökkunar fyrir leikinn í kvöld. „Ég hlakka bara til og við fáum hörku verkefni til að glíma við," sagði Guðmundur sem var ekki sáttur við leik sinna manna gegn Stjörnunni á dögunum.

„Við þurfum að spila miklu miklu betur ef við eigum að eiga möguleika í þennan leik, bæði varnarlega og sóknarlega. Stjörnumenn spiluðu mjög vel og við gerðum þeim líka lífið létt. Við vorum bara ekki að spila nægilega vel," sagði Guðmundur. „Við erum líka með mikilvæga menn meidda og frá því í fyrra hafa orðið umtalsverðar breytingar á liðinu og í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að það taki tíma að slípa þetta saman hjá okkur. Fyrir önnur félög væri eflaust töluvert vandamál að vera með sambærilega menn eins og Jón Björgvin Pétursson og Einar Inga Hrafnsson meidda. Við verðum bara að þola það og leggja okkur fram við að bæta okkar leik frá því síðast."



**STJARNAN-FRAM** Það má búast við hörkuleik á milli þessara liða í kvöld í fyrsta leik DHL-deildar karla. Hér er Stefán Baldvin Stefánsson, leikmaður Fram, kominn í gott færi í leik liðanna á dögunum í Meistarakeppni HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur sagði að lítið væri að marka spá þjálfara og fyrirliða liðanna sem birt var um daginn og býst við mjög jafnri deild í vetur. „Ég held að þetta verði þannig að í rauninni geti allir unnið alla, alveg óháð því hvernig gengi liðunum er spáð," sagði Guðmundur sem sagðist fylgjandi því að hafa tvær átta liða deildir í stað einnar.

Fyrirkomulag DHL-deildarinnar er þannig í ár að spiluð er þreföld umferð, heima og að heiman í tveimur fyrstu umferðunum en svo er dregið um leikina í síðustu umferðinni og það er Guðmundur ekki sáttur við. „Að draga um hvort liðið fær heimaleik í síðustu umferðinni finnst mér ekki nógu gott. Við getum verið með eitthvað svoleiðis í bikarkeppninni en ekki þegar verið að keppa um Íslandsmeistaratitil. Þá hefði alveg eins mátt hafa fjórfalda umferð og byrja mótið fyrr," sagði Guðmundur en Fram á að spila við Gummersbach í Meistaradeild Evrópu á sunnudaginn næstkomandi en Gummersbach er búið að leika sjö leiki í þýsku deildinni þegar þetta er skrifað.

dagur@frettabladid.is



**KEVIN BOND** Rekinn úr starfi aðstoðarþjálfara hjá Newcastle. NORDIC PHOTOS/GETTY

Newcastle United:

## Aðstoðarþjálfarinn rekinn

**FÓTBOLTI Enska knattspyrnuliðið Newcastle United rak í gær aðstoðarmann Glenns Roeder, Kevin Bond, úr starfi. Ástæðan er sú að í þætti sjónvarpsstöðvarinnar BBC um mútugreiðslur umboðsmanna til þjálfara sagði Kevin Bond að hann myndi vel geta hugsað sér að þiggja greiðslu frá umboðsmanni. Bond var þá þjálfari hjá Portsmouth en hann hefur ávallt neitað sök.**

**„Ég er mjög óánægður með að Newcastle skuli segja upp samningi mínum án þess að kynna sér málið frekar. Ég mun fara með málið fyrir dómstóla og reyna að hreinsa mannorð mitt og endurheimta feril minn í fótbolta," sagði Kevin Bond.** - dsd

Nokkrir stórleikir eru í Meistaradeildinni í kvöld og spila meðal annarra tvö ensk lið:

# Fær Eiður Smári að spreyta sig í Þýskalandi?

**FÓTBOLTI** Chelsea vann Werder Bremen fyrir hálfum mánuði en að þessu sinni fer Chelsea til Sofiu í Búlgaríu og mætir heimamönnum í Levski. Andrei Shevchenko hefur verið töluvert gagnrýndur vegna markaleysis að undanförnu en Jose Mourinho segir að Shevchenko eigi öruggt sæti í liðinu. „Mörkin munu koma og Shevchenko veit að ég treysti honum. Hann er einn besti sóknarmaðurinn í heiminum í dag og hann þarf ekki að sanna neitt. Þó að hann skori ekki mark næstu þrjá mánuðina þá verður hann samt einn besti sóknarmaðurinn í heiminum," sagði Mourinho, stjóri Chelsea. Fyrirliði Chelsea, John Terry, missti af leik liðsins um síðustu helgi vegna meiðsla en hann verður að öllum líkindum klár fyrir leikinn í kvöld.

Í hinum leik A-riðilsins mætast Werder Bremen og Barcelona í Þýskalandi. Eiður Smári og félagar hans í Barcelona fóru létt með Levski Sofia í síðustu umferð en Werder Bremen vonast eftir sínum fyrsta sigri í kvöld. Eiður hefur lítið fengið að spila á þessari leiktíð fyrir Barcelona og fróðlegt verður að sjá hvort hann fær að spreyta sig í kvöld Hitt enska liðið sem spilar í kvöld, Liverpool, fær Galatasaray frá Tyrklandi í heimsókn, en þessi lið eru í C-riðli. Bæði lið gerðu 0-0 jafntefli í fyrstu umferð en Liverpool verður að teljast sigurstranglegra fyrir leikinn í kvöld. „Jafntefli gegn PSV á útivelli voru góð úrslit fyrir okkur, svo lengi sem við vinnum heimaleikina. Ef við vinnum alla heimaleiki okkar þá held ég að við munum komast áfram," sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool.



**ANDREI SHEVCHENKO** Hefur gengið illa að skora fyrir Chelsea það sem af er leiktíðinni en nýtur mikils stuðnings frá Jose Mourinho, framkvæmdarstjóra félagsins. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Í Mílanó mætast Inter og Bayern München í B-riðli. Byrjun þessara liða í Meistaradeildinni var ólík þar sem Inter tapaði á útivelli gegn Sporting en Bayern rúllaði yfir Spartak Moskva á heimavelli. Inter hefur legið undir töluverðri gagnrýni að undanförnu og þá ekki síst Roberto Mancini, þjálfari liðsins. „Bayern er mjög fast fyrir, líkamlega sterkt og með mikið sjálfstraust. Við verðum að fara mjög varlega í þennan leik og við megum ekki hleypa Bayern of nálægt markinu okkar," sagði Mancini, þjálfari Inter, um leikinn í kvöld.

Í D-riðli mætast Valencia og Roma en bæði þessi lið skoruðu fjögur mörk í sínum fyrsta leik í Meistaradeildinni, Roma vann Shakhtar Donetsk á heimavelli 4-0 og Valencia vann Olympiakos á útivelli 4-2 þar sem Morientes skoraði þrennu. - dsd

**LEIKIR KVÖLDSINS**

| | |
|---|---|
| **A-RIÐILL:** | |
| LEVSKI SOFIA-CHELSEA | 18.45 |
| WERDER BREMEN-BARCELONA | 18.45 |
| **B-RIÐILL:** | |
| SPARTAK MOSKVA-SPORTING | 16.30 |
| INTER MILAN-BAYERN MUNCHEN | 18.45 |
| **C-RIÐILL:** | |
| LIVERPOOL-GALATASARAY | 18.45 |
| BORDEAUX-PSV | 18.45 |
| **D-RIÐILL:** | |
| SHAKHTAR DONETSK-OLYMPIAKOS | 18.45 |
| VALENCIA-ROMA | 18.45 |



**NÚMER 53** Raul skorar síðara mark sitt í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Raul í sögubækurnar:

## Skoraði ellefta árið í röð

**FÓTBOLTI** Framherjinn Raul skoraði í gær sitt 53. mark í Meistaradeild Evrópu en hann hefur nú skorað ellefu tímabil í röð sem er metjöfnun en Ryan Giggs, sem á enn eftir að skora í Meistaradeildinni í ár, hefur gert slíkt það sama. Hann er nú í þriðja sæti yfir markahæstu menn í Evrópukeppnum frá upphafi en Gerd Müller frá Þýskalandi trónir enn á toppnum með 66 mörk.

Thierry Henry skoraði sitt fimmtugasta mark í Evrópukeppnum í gær og varð þar með sjötti leikmaðurinn frá upphafi til að ná þeim áfanga. **- esá**



**SEX MÍNÚTUR** Benjamin Lauth gengur af velli. NORDIC PHOTOS/GETTY

Vafasamur heiður:

## Næstfljótastur að fá rautt

**FÓTBOLTI Þjóðverjinn Benjamin Lauth varð þess vafasama heiðurs aðnjótandi í gær að verða næstfljótasti leikmaður Meistaradeildarinnar frá upphafi til að næla sér í rautt spjald. Það gerði hann sex mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður í liði Hamburger SV gegn CSKA Mokvu. Metið á Nenad Jestrovic, leikmaður Anderlecht, sem fékk að fjúka út af eftir fimm mínútur í leik Liverpool og Anderlecht í fyrra.** **- esá**

# Naumur sigur hjá United

**Manchester United vann 1-0 sigur á Benfica á leikvangi ljóssins í Lissabon en Louis Saha skoraði eina mark leiksins í síðari hálfleik. Arsenal vann 2-0 sigur á Porto og Celtic vann 1-0 sigur á fulltrúa Norðurlandanna, FC Kaupmannahöfn.**

**FÓTBOLTI** Átta leikir fóru fram í Meistaradeild Evrópu í gærkvöldi og var skorað í öllum nema einum. Bresku liðin komust vel frá sínu – Manchester United, Arsenal og Celtic unnu öll sína leiki. Real Madrid bauð upp á flugeldasýningu á heimavelli sínum og skoraði fimm mörk. AC Milan gerði svo markalaust jafntefli við Lille á útivelli og Lyon hélt áfram sigurgöngu sinni með 3-0 útivallarsigri á Steaua Búkarest.

Fyrri hálfleikur Benfica og Manchester United var ekki upp á marga fiska. Paul Scholes og Michael Carrick fengu áminningu áður en tíu mínútur voru liðnar af leiknum og ef eitthvað var voru leikmenn Benfica frískari aðilinn í leiknum.

Þannig hélt það áfram í upphafi síðari hálfleiks þar til að leiftursnögg sókn Manchester United skilaði marki. Benfica var í sókn sem lauk með skoti í samherja og umsvifalaust var boltanum komið á Ronaldo sem strax sendi boltann áfram á Saha sem kom æðandi upp hægri kantinn. Hann lék á einn varnarmann og þrumaði knöttinum í netið. Það var reyndar örlítill heppnisstimpill á markinu þar sem boltinn fór af tá varnarmannsins sem reyndi að verjast skotinu og yfir markvörðinn.

Fleiri urðu mörkin ekki í leiknum og geta United-menn vel við unað að hafa náð í þrjú stig á þessum erfiða útivelli. Þetta var reyndar fyrsti útivallarsigur Manchester United í keppninni í í undanförnum níu leikjum og er liðið með fullt hús stiga eftir tvær fyrstu umferðirnar.

Portúgalinn Cristiano Ronaldo fékk heldur óblíðar mótttökur hjá löndum sínum í stúkunni en hann lét það ekkert á sig fá og var án efa besti maður vallarins. Sem strákur var hann stuðningsmaður Benfica en gekk síðar til liðs við erkifjendurna í Sporting Lissabon.

Real Madrid komst á flug á heimavelli sínum og pakkaði Dynamo frá Kænugarði saman. Áður en yfir lauk hafði Real skorað fimm mörk gegn einu marki gestanna og léku leikmenn spænska liðsins við hvern sinn fingur. Ruud van Nistelrooy skoraði tvö markanna, það síðara úr víti eftir að markvörður úkraínska liðsins, Valentin Belkevich, braut á honum. Markvörðurinn fékk að líta rauða spjaldið fyrir. Fyrra markið tileinkaði Nistelrooy nýfæddri dóttur sinni með viðeigandi hætti. Raul skoraði einnig tvö mörk fyrir Real.

Örskömmu eftir markið var Nistelrooy skipt út af og hinn brasilíski Ronaldo kom inn á í sínum fyrsta leik með félaginu í haust en um tíma var mikið rætt um að hann færi frá félaginu.

Arsenal vann góðan 2-0 sigur á Porto í sínum fyrsta heimaleik í aðalkeppni Meistaradeildarinnar á heimavelli sínum, Emirates-leikvanginum. Thierry Henry og Aleksander Hleb skoruðu mörk Arsenal. Sigur liðsins var sanngjarn enda hafði það undirtökin í leiknum lengst af.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**ÖFLUGUR** Cristiano Ronaldo var öflugur í liði Manchester United. NORDIC PHOTOS/GETTY



**FYRIR STELPUNA** Ruud van Nistelrooy varð pabbi fyrir skömmu og tileinkaði dóttur sinni fyrra markið í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Meistaradeild Evrópu*

**E-RIÐILL**

REAL MADRID-DYNAMO KIEV 5-1
1-0 Ruud van Nistelrooy (20.), 2-0 Raul (27.), 3-0 Jose Antonio Reyes (45.), 3-1 Artem Milevskiy (47.), 4-1 Raul (61.), 5-1 Ruud van Nistelrooy, víti (70.).

STEAUA BÚKAREST-LYON 0-3
0-1 Fred (43.), 0-2, Tiago (55.), 0-3 Karim Benzema (89.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **2** | **2** | **0** | **0** | **6-0** | **3** |
| S. BÚKAREST | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| **REAL MADRID** | **2** | **1** | **0** | **1** | **5-3** | **3** |
| DYNAMO KIEV | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-9 | 0 |

**F-RIÐILL**

BENFICA-MANCHESTER UNITED 0-1
0-1 Louis Saha (60.).

CELTIC-FC KAUPMANNAHÖFN 1-0
1-0 Kenny Miller, víti (36.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **MAN. UTD.** | **2** | **2** | **0** | **0** | **4-2** | **6** |
| CELTIC | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| **BENFICA** | **2** | **0** | **1** | **1** | **0-1** | **1** |
| KAUPMANNAH. | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |

**G-RIÐILL**

CSKA MOSKVA-HAMBURG 1-0
1-0 Dudu (59.).

ARSENAL-PORTO 2-0
1-0 Thierry Henry (38.), 2-0 Aleksandr Hleb (48.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **2** | **2** | **0** | **0** | **4-1** | **6** |
| CSKA MOSKVA | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| **PORTO** | **2** | **0** | **1** | **1** | **0-2** | **1** |
| HAMBURG | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-3 | 0 |

**H-RIÐILL**

AEK AÞENA-ANDERLECHT 1-1
0-1 Nicolas Frutos (25.), 1-1 Julio Cesar (29.).

LILLE-AC MILAN 0-0

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **2** | **1** | **1** | **0** | **3-0** | **4** |
| LILLE | 2 | 0 | 2 | 0 | 1-1 | 2 |
| **ANDERLECHT** | **2** | **0** | **2** | **0** | **2-2** | **2** |
| AEK AÞENA | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-4 | 1 |

*Enska 1. deildin*

MILLWALL-BRENTFORD 1-1
Ólafur Ingi Skúlason var ekki í liði Brentford.

*Sænska úrvalsdeildin*

ÖSTERS IF-HELSINGBORGS IF 0-3
Helgi Valur Daníelsson lék allan leikinn fyrir Öster.

AIK STOKKHÓLM-HAMMARBY 0-2
Pétur Hafliði Marteinsson lék allan leikinn fyrir Hammarby og Gunnar Þór Gunnarsson kom inn á sem varamaður á 75. mínútu.

Grótta og FH mættust í fyrstu umferð DHL-deildar kvenna í handbolta í gær:

# Öruggur sigur Gróttu á FH

**HANDBOLTI** Grótta tók á móti FH í fyrsta leik liðanna í DHL-deild kvenna á Seltjarnarnesi í gær. Grótta vann nokkuð öruggan sigur, 26-20, en í fyrri hálfleik var jafnræði með liðunum. Leikurinn einkenndist af mörgum sóknarmistökum og það var nóg að gera hjá dómurum leiksins í að dæma skref, línu og ruðning á leikmenn, þó sérstaklega í fyrri hálfleik.

Leikurinn fór hægt af stað og fyrsta markið kom ekki fyrr en eftir rúmar fjórar mínútur en fram af því var nokkrum sinnum búið að dæma sóknarbrot á bæði lið. Fyrri hálfleikur var jafn og liðin skiptust á að skora. Grótta hafði þó yfir í hálfleik, 11-10.

Gróttustelpur mættu mun ákveðnari til síðari hálfleiks og náðu fljótt undirtökunum. Vörnin fór að vinna betur saman og í kjölfarið fór Íris Björk Símonardóttir að verja betur en hún hafði gert í fyrri hálfleiknum. Auk þess skoraði Kristín Þórðardóttir skoraði mörg mikilvæg mörk en það hafði farið lítið fyrir henni í fyrri hálfleiknum. Grótta jók muninn jafnt og þétt og þegar upp var staðið unnu Gróttustelpur nokkuð öruggan sigur, 26-20.

Hjá Gróttu var Kristín Þórðardóttir markahæst með átta mörk og þá skoraði Anna Úrsúla Guðmundsdóttir fimm mörk og átti góðan leik auk þess sem Íris varði fimmtán skot í markinu. Hjá FH skoruðu þær Lynn Mångset og Camilla Opsahl mest eða fimm mörk og Laima Miluskaite varði þrettán skot í markinu.

„Það er voðalega þægilegt að kenna því um að um fyrsta leik hafi verið að ræða þegar maður skoðar öll mistökin sem voru gerð en við erum samt búin að spila tíu æfingaleiki. Kannski er eitthvað pínu stress og spenna í liðinu sem er að trufla okkur. Maður sá það líka hjá FH, þær voru greinilega að fá nýjan leikmann og það á eftir að slípa þetta lið. Nokkrir mjög góðir leikmenn eru inni á milli hjá FH,“ sagði Alfreð Örn Finnsson, þjálfari Gróttu. **- dsd**



**SKOT AÐ MARKI** Tinna Jökulsdóttir, leikmaður Gróttu, á hér skot að marki FH-inga þar sem Laima Milujskaite stendur vörðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*DHL-deild kvenna*

GRÓTTA-FH 26-20
**Mörk Gróttu**: Kristín Þórðardóttir 8, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5, Eva Margrét Kristinsdóttir 4, Arndís Erlingsdóttir 3, Sandra Paegle 2, Þórhildur Björnsdóttir 1.
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 15.
**Mörk FH**: Lynn Mångset 5, Camilla Opsahl 5, Ásdís Sigurðardóttir 4, Harpa Vífilsdóttir 3, Guðrún Hólmgeirsdóttir 2, Andrea Olsen 1.
**Varin skot**: Laima Milujskaite 13.

HK-ÍBV 27-24
**Mörk HK**: Auksé Vysniauskait 5, Tinna Rögnvaldsdóttir 1, Rut Jónsdóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 2, Tatiana Sukoska 5, Elsa Rut Óðinsdóttir 8, Elva Björk Arnarsdóttir 2.
**Mörk ÍBV**: Valentina Radh 12, Pavla Plaminkova 4, Andrea Löw 4, Sæunn Magnúsdóttir 2, Paula 2.

VALUR-FRAM 25-25


Öryggisvika sjómanna
Tæknileg samvinna útgerða, áhafna og aðila í landi



SJÓMENN!
TÖKUM HÖNDUM SAMAN
Í TILEFNI ÖRYGGISVIKU SJÓMANNA
OG HÖLDUM BJÖRGUNARÆFINGAR
UM BORÐ Í SKIPUM OKKAR
fimmtudaginn 28. september nk. kl. 13:00.



Minnum á ráðstefnu um öryggi sjómanna
í hátíðarsal Fjöltækniskóla Íslands í Reykjavík
miðvikudaginn 27. september nk.
kl. 9:30 til 17:30.
ALLIR VELKOMNIR
Aðgangur ókeypis
Að undirbúningi standa:
Samgönguráðuneytið, Siglingastofnun Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands.
JJ LISTÓ, 06

## LANDSBANKADEILDIN

**BESTA MEÐALEINKUNN LEIKMANNA Í LANDSBANKADEILDINNI:**

**Til greina koma aðeins þeir sem léku að lágmarki 12 leiki.**

| | |
|---|---|
| 1. Bjarni Guðjónsson, ÍA | 6,94 |
| 2. Viktor B. Arnarsson, Víkingur | 6,89 |
| 3. Ármann Smári Björnsson, FH | 6,80 |
| 4. Tommy Nielsen, FH | 6,75 |
| 5. Hólmar Rúnarsson, Keflavík | 6,73 |
| 6. Jónas Sævarsson, Keflavík | 6,72 |
| 7. Tryggvi Guðmundsson, FH | 6,65 |
| 8. Marel Baldvinsson, Breiðabl. | 6,62 |
| 9. Ingvar Þór Kale, Víkingur | 6,61 |
| 10. Guðmundur Sævarsson, FH | 6,60 |
| 11. Gunnlaugur Jónsson, KR | 6,53 |
| 12-15. Höskuldur Eiríksson, Vík. | 6,50 |
| 12.15. Birkir Sævarsson, Valur | 6,50 |
| 12-15. Guðmund. Steinars., Kef | 6,50 |
| 12-15. Bjarki Guðmundsson, ÍA | 6,50 |
| 16-20. Ásgeir G. Ásgeirsson, FH | 6,44 |
| 16-20. Jóhann Þórhallsson, Gri. | 6,44 |
| 16-20. Eyjólfur Héðinsson, Fylkir | 6,44 |
| 16-20. Daði Lárusson, FH | 6,44 |
| 16-20. Kristján Finnbogason, KR | 6,44 |
| 21. Óðinn Árnason, Grindavík | 6,41 |
| 22. Grétar Sigurðsson, Víkingur | 6,39 |
| 23. Barry Smith, Valur | 6,38 |
| 24-25. Grétar Hjartarson, KR | 6,38 |
| 24-25. Guðmundur Mete, Kef. | 6,38 |
| 26-27. Óskar Hauks., Grind. | 6,33 |
| 26-27. Peter Gravesen, Fylkir | 6,33 |
| 28-29. Milos Glogovac, Víkingur | 6,29 |
| 28-29. Sigurvin Ólafsson, FH | 6,29 |
| 30. Atli Þórarinsson, Valur | 6,28 |
| 31. Fjalar Þorgeirsson, Fylkir | 6,27 |
| 32-33. Ragnar Sigurðsson, Fylk. | 6,22 |
| 32-33. Kjartan Sturluson, Valur | 6,22 |
| 34. Sigmundur Kristjánsson, KR | 6,20 |
| 35. Guðjón Antoníusson, Kef. | 6,17 |
| 36-38. Arnar Gunnlaugsson, ÍA | 6,13 |
| 36-38. Baldur Sigurðsson, Kef. | 6,13 |
| 36.38. Árni Guðmundsson, ÍA | 6,13 |

**LÆGSTA MEÐALEINKUNN:**

**Lágmark 12 leikir spilaðir.**

| | |
|---|---|
| Jón Guðbrandsson, Víkingur | 4,56 |
| Matt Garner, ÍBV | 4,83 |
| Pétur Runólfsson, ÍBV | 5,00 |
| Ólafur Páll Snorrason, FH | 5,00 |
| Bjarni Geir Viðarsson, ÍBV | 5,12 |
| Hrafn Davíðsson, ÍBV | 5,14 |
| Arnar Þór Úlfarsson, Fylkir | 5,18 |
| Magnús Þorsteinsson, Keflavík | 5,21 |
| Árni K. Gunnarsson, Breiðablik | 5,22 |
| Dalibor Pauletic, KR | 5,29 |
| Branislav Milicevic, Keflavík | 5,36 |
| Kristján Valdimarsson, Grindavik | 5,42 |
| Mario Cizmek, KR | 5,46 |
| Kristinn Hafliðason, Valur | 5,47 |
| Christian Christiansen, Fylkir | 5,47 |
| Kári Steinn Reynisson, ÍA | 5,50 |
| Pálmi Haraldsson, ÍA | 5,50 |
| Valur Úlfarsson, Víkingur | 5,53 |
| Óli Stefán Flóventsson, Grinda. | 5,53 |
| Jonah Long, ÍBV | 5,56 |
| Páll Hjarðar, ÍBV | 5,57 |

**BESTA MEÐALEINKUNN LIÐA:**

**(Umferðir 1-18)**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 6,14 |
| 2. Valur | 6,06 |
| 3. Keflavík | 6,05 |
| 4. Víkingur | 5,91 |
| 5. ÍA | 5,90 |
| 6. Grindavík | 5,87 |
| 7. Fylkir | 5,78 |
| 8. KR | 5,77 |
| 9. Breiðablik | 5,76 |
| 10. ÍBV | 5,31 |

**(Umferðir 1-9)**

| | |
|---|---|
| 1. FH | 6,24 |
| 2. Keflavík | 6,02 |
| 3. Víkingur | 6,00 |
| 4. Grindavík | 5,92 |
| 5. Valur | 5,87 |
| 6. Fylkir | 5,86 |
| 7. Breiðablik | 5,60 |
| 8. ÍBV | 5,40 |
| 9. KR | 5,39 |
| 10. ÍA | 5,38 |

**(Umferðir 10-18)**

| | |
|---|---|
| 1. ÍA | 6,44 |
| 2. Valur | 6,26 |
| 3. KR | 6,17 |
| 4. Keflavík | 6,07 |
| 5. FH | 6,04 |
| 6. Breiðablik | 5,92 |
| 7-8. Víkingur | 5,82 |
| 7-8. Grindavík | 5,82 |
| 9. Fylkir | 5,70 |
| 10. ÍBV | 5,22 |

**BESTA MEÐALEINKUNN DÓMARA:**

**Inni í meðaltalinu er einkunnagjöf Jóhannesar Valgeirssonar fyrir tvo hálfleika sem hann dæmdi og einkunn dómaranna sem leystu hann af í síðari hálfleikjunum eftir að hann meiddist (Magnús og Garðar).**

| | |
|---|---|
| 1. Kristinn Jakobsson (12 leikir) | 7,25 |
| 2. Einar Örn Daníelsson (5 leikir) | 6,8 |
| 3. Jóhannes Valgeirs. (12 leikir) | 6,58 |
| 4. Garðar Hinriksson (16 leikir) | 6,375 |
| 5. Ólafur Ragnarsson (12 leikir) | 6,25 |
| 6, Egill Markússon (11 leikir) | 6,09 |
| 7. Magnús Þórisson (6 leikir) | 5,83 |
| 8. Erlendur Eiríksson (10 leikir) | 5,5 |
| 9. Eyjólfur Kristinsson (8 leikir) | 5,25 |



**KRISTINN JAKOBSSON** Fær meiri samkeppni en áður en er samt enn besti dómari landsins.

Besti dómari Landsbankadeildarinnar:

# Kristinn er kóngurinn með flautuna

**FÓTBOLTI** KR-ingurinn Kristinn Jakobsson er besti dómari Landsbankadeildarinnar sumarið 2006 að mati Fréttablaðsins. Kristinn átti enn og aftur mjög gott tímabil og það kemur varla fyrir að hann eigi slæman leik lengur. Hann var mjög stöðugur og góður allt sumarið og er vel að því kominn að vera dómari ársins. Þrátt fyrir stöðuga velgengni með flautuna er ekki að sjá á Kristni að hann sé að gefa eftir heldur þvert á móti virðist hann sífellt verða betri með hverju árinu.

Annars voru margir dómarar að standa sig mjög vel í sumar eftir frekar erfiða byrjun þar sem sauð upp úr. Garðar Örn Hinriksson var klárlega sá dómari sem tók mestu framförum en stórmunur var á honum fyrri og seinni hluta mótsins. Jóhannes Valgeirsson og Ólafur Ragnarsson voru einnig mjög traustir.

- hbg



**FRÁBÆRT TÍMABIL** Viktor Bjarki Arnarsson lék næstbest allra í sumar að mati Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Þjálfarar í Landsbankadeildinni láta lið sín spila leiðindafótbolta

**Skagamaðurinn Bjarni Guðjónsson var besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar að mati íþróttafréttamanna Fréttablaðsins. Í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið segir Bjarni að boltinn í deildinni hafi valdið sér vonbrigðum og upplýsir að litlu hefði mátt muna að hann færi til Katar fyrir tímabilið.**

**FÓTBOLTI** Það vakti mikla athygli þegar bræðurnir Bjarni og Þórður Guðjónssynir sneru heim úr atvinnumennsku í vetur og gengu í raðir uppeldisfélags síns, ÍA. Með þeirra komu voru gerðar miklar væntingar til liðsins sem það stóð að lokum engan veginn undir. ÍA tapaði fimm fyrstu leikjum sínum í deildinni og var aðeins með sex stig eftir fyrri hluta mótsins og í verulega vondum málum. Allt annað var að sjá til ÍA-liðsins seinni hlutann og spilamennska liðsins þá bjargaði því að lokum frá falli. Það var ekki síst að þakka góðum leik Bjarna Guðjónssonar sem var í raun eini leikmaður ÍA sem lék vel nánast allt sumarið og var mjög stöðugur í leik sínum.

„Gaman að heyra þetta. Ef ég man rétt þá var ég líka bestur í deildinni fyrir mótið sem samkvæmt könnun sem þið voruð með þannig að þetta er ánægjulegt,“ sagði Bjarni kátur en ætli hann hafi verið ánægður með sumarið hjá sjálfum sér? „Nei, ég hefði nú getað spilað betur. Annars var tímabilið þannig að ég byrjaði í vörninni, svo var ég færður upp á miðjuna og spilaði tvær mismunandi stöður þar. Mér hefur aldrei fundist mjög gáfulegt að færa menn mikið til í stöðum þótt þeir geti spilað þær. Það er ekki hægt að ná því besta út úr mönnum þannig. Mér fannst minn leikur batna mikið þegar ég var kominn í fasta stöðu á miðjunni.“

### Rétt að skipta um þjálfara

Tímabilið hjá ÍA var eins og svart og hvítt en ef menn skoða töfluna hér til hliðar þá sést að ÍA var með lægstu meðaleinkunnina eftir fyrri hlutann en þá bestu í síðari hlutanum. Það segir í raun allt sem segja þarf um spilamennskuna.

„Það er algjör synd að mótið sé búið núna því við vorum rétt að byrja. Byrjunin hjá okkur var skelfileg og ekki síst í ljósi þess að þetta lið fór inn í mótið með það markmið að vinna það,“ sagði Bjarni en telur hann að það hafi verið nauðsynlegt að skipta um þjálfara á miðju tímabili eins og ÍA gerði? „Já, ég tel það. Annars er ég ekki talsmaður þess að skipta um þjálfara ef eitthvað klikkar. Óli vissi það líka sjálfur að hann var kominn á tíma með þetta lið.“



**MAÐUR MEÐ SKOÐANIR** Besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar að mati Fréttablaðsins er Skagamaðurinn Bjarni Guðjónsson. Hann liggur ekki á skoðunum sínum um íslenska boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Leiðinlegur fótbolti

Bjarni hefur verið atvinnumaður erlendis í fjölda ára og margt hefur breyst á þeim árum síðan hann fór utan. Hvað ætli honum finnist um fótboltann sem spilaður á Íslandi í dag?

„Það er fullt af góðum leikmönnum hér en sökin á því hversu mikið var um varnarleik í sumar liggur að stóru leyti hjá þjálfurunum. Það er leiðindafótbolti spilaður hjá stærstum hluta, ef ekki öllum liðunum sem við spilum við. Kannski vorum við sekir um það sama í byrjun en eftir að tvíburarnir taka við og það kemur meiri léttleiki í liðið förum við að spila meiri fótbolta. Við förum í útileiki sem lið í fallsæti og andstæðingurinn pakkar í vörn gegn okkur sem er alveg ótrúlegt. Að stærstum hluta var spilaður leiðinlegur fótbolti í Landsbankadeildinni að mínu mati,“ sagði Bjarni ákveðinn og bætti við: „Við sýndum í seinni hluta mótsins að það er hægt að ná árangri með því að spila fótbolta.“

Þegar Bjarni sneri heim síðasta vetur sagðist hann vera alkominn heim og því hefði hann lagt alla frekari atvinnumannadrauma á hilluna. Hann stendur við þær yfirlýsingar þó að litlu hefði mátt muna í sumar að hann tæki freistandi tilboði.

### Tilboð frá Katar

„Ég fékk tilboð fyrir tímabilið og svo aftur í sumar. Tilboðið sem kom fyrir mótið kom frá Katar og var nokkuð spennandi enda fínir peningar í boði. Það var margt óljóst samt og ég hefði þurft að fara út strax daginn eftir að tilboðið kom. ÍA tók tilboðinu og hefði grætt ágætlega á því að selja mig. Ég ákvað samt að sleppa því á endanum en ef ég hefði haft meiri tíma til að hugsa mig um hefði ég sennilega farið og komið svo bara aftur heim,“ sagði Bjarni sem hyggur á háskólanám í janúar.

Þegar Bjarni spilaði sem atvinnumaður átti hann oftar en ekki fast sæti í íslenska landsliðinu. Hann hefur fá tækifæri fengið síðustu misseri og gerir ekki ráð fyrir því að fá þau á næstunni þótt hann sé meira en til í að spila fyrir Ísland á ný.

### Hef metnað fyrir landsliðinu

„Ég hef að sjálfsögðu metnað fyrir landsliðinu. Ég sagði þegar ég var atvinnumaður, og breyti því ekki núna, að það sé ekki að ástæðulausu að menn eru að spila á Íslandi. Flestir sem eru að spila hér heima eru að reyna að komast út. Það liggur því í augum uppi að þeir sem eru úti eru betri en flestir sem spila hér heima og eiga að vera valdir fyrstir í landsliðið. Ég er ekki að svekkja mig á því að vera ekki valinn í landsliðið eins og þegar ég spilaði úti en ef ég verð valinn mun ég gera allt til þess að halda mér í liðinu,“ sagði Bjarni en hann telur sig eiga sæti gert kröfu um sæti í landsliðshópnum og á ekki sérstaklega von á kalli í hópinn. „Ég er samt meira en tilbúinn ef kallið kemur.“

henry@frettabladid.is




Lið ársins í Landsbankadeild karla 2006 hjá Fréttablaðinu:

# Fjórir FH-ingar í liði ársins

**FÓTBOLTI** Það þarf ekki að koma sérstaklega á óvart að Íslandsmeistarar FH eigi flesta fulltrúa í liði ársins hjá Fréttablaðinu en alls eru fjórir FH-ingar í liðinu og þar af þrír varnarmenn sem allir fóru á kostum rétt eins og Tryggvi Guðmundsson sem var prímusmótorinn í sóknarleik Íslandsmeistaranna.

Víkingur á tvo fulltrúa en Viktor Bjarki Arnarsson fór lengstum á kostum með liðinu og markvörðurinn Ingvar Kale kom liðinu oft til bjargar með frábærri markvörslu.

Tveir vinnusamir miðjumenn koma frá Keflavík og KR-ingurinn Gunnlaugur Jónsson fær sæti en hann lék mjög vel seinni hluta tímabilsins fyrir KR.

Að sjálfsögðu er markakóngurinn Marel Baldvinsson einnig í liðinu ásamt sjálfum leikmanni ársins að mati Fréttablaðsins, Bjarna Guðjónssyni.

- hbg

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FÓLK McCANN

ÍKVÖLD KL. 18:30

# LIVERPOOL GALATASARAY

MEISTARADEILDIN

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# MEISTARADEILD EVRÓPU



ÍKVÖLD KL. 18:30

Liverpool - Galatasaray
Werder Bremen - Barcelona Sýn Extra
Inter Milan - Bayern München Sýn Extra 2
Levski - Chelsea Vísir veftíví

sýn
besta sætið

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Great men were made by other great men. Patton had Rommel, Grant had Lee, I get stuck with you.“**

**Svar: General Bethlehem (Will Patton) úr The Postman frá 1997.**

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER HÆTT AÐ GRETTA SIG**

## *Skipt um gír*

Yfirráð yfir fjarstýringunni geta valdið miklum heimiliserjum þar sem kynin tvö koma saman. Þetta hefur ýmsar afleiðingar á mínu heimili. Karlkyns hluti heimilishaldsins er til að mynda ekki mjög hrifinn af glápi mínu á So you think you can Dance – að minnsta kosti ekki eftir að áheyrnarprufum er lokið, en þær geta verið óþolandi fyndnar (eins og allir sem urðu vitni að tilburðum dansarans „Sexy“ geta borið vitni um). Ég gretti mig aftur á móti með tilþrifum yfir íþróttum, náttúrulífsmyndum og bíla- eða græjuþáttum.

Ég hef hins vegar komist að því að andlitið, mitt að minnsta kosti, getur verið aðeins of fljótt á sér að sveigja sig yfir í tilkomumikinn fýlusvip: ég uppgötvaði mér til mikillar undrunar að Top Gear, bílaþátturinn frægi, er með betri sjónvarpsþáttum sem ég hef séð. Vissulega hefur ekkert af þeirri speki sem Top Gear menn hafa boðið upp á hvað varðar bílvélar og umhirðu þeirra fest sig í sessi í heilasellum mínum, en ég hef dregið annan og meiri lærdóm af þáttunum: með skemmtilegum þáttastjórnendum er hægt að gera hvaða efni sem er áhugavert. Fyrir utan Út og suður, sem státar af sjónvarpsmanni sem getur veitt ótrúlegustu hluti upp úr viðmælendum sínum, má næstum öll íslensk þáttagerð fara norður og niður mín vegna. Ég vildi óska þess að íslenskir þáttastjórnendur skiptu um gír – þó þeir megi samt sleppa alveg því að fara sér að voða eins og Richard Hammond gerði um daginn.



**JEREMY CLARKSON** Liðsmaður Top Gear og skemmtilegur í meira lagi.



▶ 22.45 *Íþróttir*

FORMÚLUKVÖLD



▶ 21.35 *Spenna*

THE INSIDE



▶ 20.30 *Gaman*

SOUTH PARK



▶ 22.00 *Drama*

THE L WORD



▶ 18.30 *Íþróttir*

LIVERPOOL – GALATASARAY

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Lílo og Stitch (30:39) **18.23** Sígildar teiknimyndir (2:42)

**18.30 Herkúles (2:28)** (Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin (6:22)** (ER XII)
**21.00 Kokkar á ferð og flugi (7:8)** (Surfing the Menu II)
**21.30 Litla-Bretland (6:8)** (Little Britain I) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess.e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sjónvarpið 40 ára (19:21)**
**22.30 Íþróttakvöld**
▶ **22.45 Formúlukvöld**

**23.10** Vesturálman (22:22) **23.55** Herinn burt (1:2) **0.25** Kastljós **1.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (100:145) **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (4:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement (15:28) **13.30** How I Met Your Mother (8:22) **13.55** The Apprentice (12:14) **14.40** Las Vegas (17:24) **15.25** Oliver Beene (2:14) (e) **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** Shoebox Zoo **16.50** Cubix **17.15** Könnuðurinn Dóra **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (12:22)** (Simpson fjölskyldan)
**20.05 Veggfóður (3:7)**
**20.50 Oprah (102:145)** (Dr. Oz's „90-Day Live Longer, Feel Younger Plan“)
▶ **21.35 The Inside (5:13)** (Nýliðinn) Rebekka rannsakar röð morða sem látin eru líta út fyrir að vera sjálfsvíg og hún ákveður að fara huldu höfði og ráðfæra sig við rágjafa hjá símaþjónustu sem gefur sig út fyrir að aðstoða þá sem vilja taka eigið líf. Stranglega bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (5:22)** (Samvkæmt læknisráði)

**23.05** Big Love (4:12) (B. börnum) **0.00** Crossing Jordan (B. börnum) **0.45** Autopsy (9:10) (e) (Bönnuð börnum) **1.35** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum) **3.05** All About the Benjamins (Stranglega bönnuð börnum) **4.40** The Inside (5:13) (Str. b. börnum) **5.25** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Fusilli Jerry)
**20.00 Entertainment Tonight**
▶ **20.30 South Park** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi.
**21.00 Blowin/ Up**
**21.30 Ghost Whisperer** Aðalhlutverk: Jennifer Love Hewitt.
**22.20 Smallville** (Fade) Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

**23.10** Insider **23.35** Rescue Me (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Dýravinir (e)

**15.25** Innlit / útlit – Ný þáttaröð (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Ungfrú heimur 2006: Afríka** Nú kynnumst við stúlkunum sem berjast um titilinn Ungfrú Afríka.
**20.10 Krókaleiðir í Kína (3/4)** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína.
**21.00 America's Next Top Model VI** Ein stúlkan ræður ekki við sig og kyssir strák sem er með henni í tökum.
▶ **22.00 The L Word**

**23.00** Jay Leno **23.45** Conviction (e) **0.35** Da Vinci's Inquest (e) **1.20** Beverly Hills 90210 (e) **2.05** Melrose Place (e) **2.50** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guða Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guða Bergs **8.20** Meistaradeildin með Guða Bergs **9.00** Meistaradeildin með Guða Bergs

**15.50** Meistaradeild Evrópu – endurs **17.30** Ensku mörkin **18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** Liverpool – Galatasaray
**20.40 Meistaradeildin með Guða Bergs** Meistaramörk
**21.20 Meistaradeild Evrópu** Werder Bremen – Barcelona

**23.20** Meistaradeild Evrópu **1.20** Meistaradeildin með Guða Bergs

### SKJÁR SPORT

**7.00** Þrumuskot (e) **14.00** Portsmouth – Bolton (e) Frá 25.09 **16.00** Aston Villa – Charlton (e) Frá 23.09 **18.00** Newcastle – Everton (e) frá 24.09

**20.00 Reading Man. Utd. (e) Frá 23.09**
**22.00 Að leikslokum (e)**

**23.00** Arsenal – Sheffield Utd. (e) Frá 23.09
**1.00** Dagskrárlok

### CARTOON NETWORK

**12.00** Atomic Betty **12.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **13.00** Ed, Edd n Eddy **13.30** Battle B-Daman **14.00** The Powerpuff Girls **14.30** The Life & Times of Juniper Lee **15.00** The Grim Adventures of Billy & Mandy **15.30** Codename: Kids Next Door **16.00** Dexter's Laboratory **16.30** World of Tosh **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** What's New Scooby-Doo? **18.00** Sabrina, The Animated Series **18.30** Tom & Jerry **19.00** Batman of the Future **19.30** Batman of the Future **20.00** Batman of the Future **20.30** Batman of the Future **21.00** Johnny Bravo **21.30** Ed, Edd n Eddy **22.00** Dexter's Laboratory

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Starlicious Makeovers **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** Sexiest Celebrity Hook-Ups **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Colin Farrell THS **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Bad Boys **0.00** Colin Farrell THS **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 KL. 20.05**

### Veggfóður



Í þættinum í kvöld verður sýnt hvernig sjónvarpsmaðurinn vinsæli Hemmi Gunn kemur sér fyrir í nýju íbúðinni sinni. Hönnuðurinn Sesselja Thorberg gaf Hemma meðal annars góð ráð með uppröðun mynda og ýmislegt fleira. Einnig sjáum við eplarækt, fíkjurækt og fleira ævintýralegt í risa glerhúsi sem arikitektinn Ólafur Sigurðsson byggði yfir húsið sitt í Mosfellsbænum. Stílistinn hún Guðbjörg á Selfossi sýnir okkur einnig sniðugar lausnir í húsinu sínu og sumarbústað. Sesselja sýnir svo áhorfendum hvernig hún gefur gömlum stólum nýtt líf.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 8 | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 4 | | | | |
| | 5 | | | | 1 | | | 4 |
| | 7 | | | | | 5 | 8 | 9 |
| | | | | | | | | |
| 5 | 6 | 1 | | | | | 7 | |
| 8 | | | 7 | | | | 6 | |
| | | | | 1 | | 7 | | |
| | 2 | 3 | 6 | | | | | 5 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 | 3 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 2 | 6 | 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 3 | 7 | 6 | 4 | 1 | 2 | 9 | 8 | 5 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 1 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 | 7 | 6 |



SHANGHAI KNIGHTS

**20.00**

*Gaman*

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Shanghai Knights (Bönnuð börnum) **8.00** Head of State **10.00** Something's Gotta Give

**12.05** Mean Girls **14.00** Head of State **16.00** Something's Gotta Give **18.05** Mean Girls

**20.00 Shanghai Knights** (Riddarar frá Shanghai) Hasarspennumynd á léttum nótum. Bönnuð börnum.

**22.00** 2 **Fast 2 Furious** (Ofvirk og óttalaus 2) Hasarmynd af bestu gerð. Bönnuð börnum.

**0.00** Grind (Bönnuð börnum) **2.00** Slackers (Bönnuð börnum) **4.00** 2 Fast 2 Furious (Bönnuð börnum)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.15** Óvissuferð – allir velkomnir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Lygasaga **14.30** Miðdegistónar **15.00** Fréttir **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** DSCH: Dmitri Shostakovitsj í tilefni aldarafmælis tónskáldsins **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **2.03** Næturtónar **3.00** Samfélagið í nærmynd

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


TUCSON

2.7L ssk. 175 hö.
Kr 2.990.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirkt 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

Hefur gæðin

Vertu í góðum málum






Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**HRÓSIÐ ...**



*... fær Gunnar Friðriksson, hamborgarakóngur á Ólsen Ólsen í Keflavík, sem lætur ekki brotthvarf Kananna hafa áhrif á sig og eykur umsvifin ef eitthvað er.*

# Dásamlega hræðileg Eymd á Nasa

„Það verður gaman að takast á við þetta verk og Lolla á ábyggilega eftir að brillera," segir Valdimar Örn Flygenring leikari. Hann fer með annað aðalhlutverkanna á móti Ólafíu Hrönn Jónsdóttur í leikgerð byggðri á skáldsögunni Eymd, sem fer á fjalirnar á Nasa við Austurvöll eftir áramót. Leikritið er byggt á samnefndri bók eftir bandaríska spennusagnahöfundinn Stephen King og hét Mysery á frummálinu.

Framleiðslufyrirtækið Studio 4 setur verkið á svið en Jóhann Sigurðarson, sem er einn af eigendum fyrirtækisins, ætlar jafnframt að leikstýra verkinu og var Davíð Þór Jónsson fenginn til að þýða leikgerðina. Æfingar standa yfir um þessar mundir og segir Valdimar þær ganga vel. „Þetta á ábyggilega eftir að verða dásamlega hræðilegt," segir hann og hlær.

Eymd er spennutryllir af bestu gerð og segir frá rithöfundi sem er bjargað og hjúkrað af konu eftir að hafa lent í bílslysi. Í ljós kemur að hún er mikill aðdáandi hans en því miður ekki með öllum mjalla og hann áttar sig senn á að hann er í raunninni gísl. Víðfræg kvikmynd var gerð eftir bókinni árið 1990, með James Caan og Kathy Bates í aðalhlutverki en hún fékk meðal annars Óskarsverðlaun fyrir leik sinn. -bs



**ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR**



**VALDIMAR ÖRN FLYGENRING**



**KATHY BATES** Fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni Eymd.



**LÁRÉTT**
**2** betl **6** belti **8** erta **9** nálægt **11** fyrir hönd **12** teygjudýr **14** sívinnandi **16** í röð **17** arinn **18** hætta **20** bardagi **21** uppspretta.
**LÓÐRÉTT**
**1** fægja **3** ung **4** hætta við **5** samstæða **7** nagdýr **10** forskeyti **13** erfiði **15** tími myrkurs **16** mælieining **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** snap, **6** ól, **8** ýfa, **9** nær, **11** þr, **12** amaba, **14** iðinn, **16** mn, **17** stó, **18** ögn, **20** at, **21** lind.
**LÓÐRÉTT: 1** bóna, **3** ný, **4** afanta, **5** par, **7** læmingi, **10** ráð, **13** bis, **15** nótt, **16** mól, **19** nn.

**[ VEISTU SVARIÐ? ]**

svör við spurningum á bls. 8

1. Sturla Böðvarsson
2. Þeir eru sjö
3. Í takt við tímann







HJÖRLEIFUR VALSSON: FÆR STRADIVARIUS-FIÐLU UPP Á 210 MILLJÓNIR

# Fyrsta Stradivarius-fiðlan í eigu Íslendings

Hjörleifur Valsson fiðluleikari fær rúmlega þrjátíu ára gamlan draum uppfylltan þegar honum verður afhent Stradivarius-fiðla til afnota í dag. Ekki skemmir fyrir að Hjörleifur átti afmæli í gær og varla gat hann hugsað sér betri gjöf en að fá lánaða fiðlu gerða af fiðlusmiðnum snjalla. Það er Ingunn Wernersdóttir sem kaupir fiðluna og fer fram opinber athöfn á skrifstofu hennar í dag þar sem Hjörleifur leyfir þessu merkilega hljóðfæri að hljóma. „Þegar ég var átta ára og var að bera út Moggann var ég staðráðinn í að spila á Stradivarius-fiðlu. Nú er sá draumur loksins að rætast," sagði Hjörleifur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Að sögn fiðluleikarans er þessi mikli dýrgripur talinn vera smíðaður árið 1732 og á sér tvíbura hjá rússenska ríkinu, Greifann af Jusupov. „Hún hefur verið í Frakklandi síðustu fimmtíu árin og við erum að fá vottorðin í hendurnar til að finna út hvar hún hefur komið við," útskýrir Hjörleifur en fiðlan hefur verið í nánast stöðugri spilun í tæpar þrjár aldir. „Í henni er því mikil saga," bætir Hjörleifur við.

Allir helstu fiðlusnillingar sögunnar hafa spilað á Stradivarius og nægir þar að nefna Yehudi Menuhin og Itzak Perlman. Hjörleifur vildi ekki gefa upp verðið á fiðlunni en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst þá eru Stradivarius-fiðlur flestar seldar á verðbilinu 1,5 milljónir til 6 milljónir dollara. Telja má líklegt að fiðla Hjörleifs sé metin á í kringum þrjár milljónir dollara eða 210 milljónir íslenskra króna.

Þetta er fyrsta Stradivarius-fiðlan sem kemst í eigu Íslendings svo vitað sé, en einhverjar sögusagnir eru um að ein fiðla sé til hjá óþekktum aðila. Hjörleifur segist enda finna til mikillar ábyrgðar nú þegar fiðlan er komin í hans ábyrgð, það sé stórt fyrirtæki sem sjái um þetta og hann verður að fylgja ströngum skilmálum. „Ég mun passa hana eins og sjáöldur auga míns en ég verð líka að sýna að ég sé þess verður að hafa hana og mitt hlutverk verður að láta fiðluna hljóma fyrir fólkið." freyrgigja@frettabladid.is



**HJÖRLEIFUR VALSSON** Fær loksins draum sem hann hefur gengið með í maganum frá átta ára aldri uppfylltan.



**YEHUDI MENHUHIN** Lék á Khevenhüller-fiðlu Stradivariusar sem smíðuð var árið 1733.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Guðlaugur Jónsson** hárgreiðslumeistari – gjarnan kallaður Gulli í Nikk – tekur lífinu með stóískri ró eftir að hann var flæmdur úr Vonarstræti, þar sem hárgreiðslustofa hans var til húsa. Gulli taldi á sínum tíma ekki loku fyrir það skotið að hann myndi leita að öðru húsnæði, sem vitaskuld yrði á svipuðum slóðum því hann vill ógjarnan fara úr miðbænum. Í samtali við Fréttablaðið sagðist hann þó ekki enn búinn að finna neitt sem jafnast á við Nikk. Hinir fjölmörgu fastagestir hans hljóta því að krossleggja fingur áfram nema þeir geti samið við Gulla um að fara í húsvitjanir. - bs



Magni Ásgeirsson og kona hans, Eyrún Huld, þurfa ekki að kvíða fyrir svefnleysi eftir að rokkstjarnan er snúin aftur heim. Ein þeirra verslana sem hétu á söngvarann vegna góðs árangurs í Rockstar: Supernova var Gæði og mýkt á Grensásvegi. Hjónakornin fengu afhent dúnsængur og kodda frá versluninni en eigendurnir höfðu heitið þessu á söngvarann ef hann kæmist í úrslitaþáttinn.



Útvarpsstöðin X-ið 977 er í mikilli útrás ef svo má að orði komast og eru Frosti Logason og félagar kokhraustir í fréttatilkynningu sem þeir sendu frá sér vegna þess að nú næst stöðin út fyrir höfuðborgarsvæðið. „X-ið 977 hefur hafið útsendingar á Akureyri á tíðninni 90,9, í Vestmannaeyjum á tíðninni 90,4 og á Ísafirði á tíðninni 90,5. Það er ekki spurning að búsetuskilyrði á þessum stöðum hafa batnað gífurlega við þessi tíðindi," segir í fréttatilkynningunni. - fgg



# Leikarinn Brendan Fraser á Íslandi

Bandaríska Hollywood-stjarnan Brendan Fraser er stödd hér á landi ásamt tökuliði myndarinnar Journey 3-D. Myndin verður tekin að hluta til hér á landi og er hópurinn að svipast um eftir hentugum tökustöðum.

Fraser, sem sló í gegn í myndum á borð við George of the Jungle og The Mummy, fer með aðalhlutverkið í myndinni ásamt hinni íslensku Anitu Briem. Ekki er vitað hvort hún sé stödd á landinu en ef svo er ekki mun hún líklega slást í hópinn bráðlega. Helga María Reykdal, framkvæmdastjóri True North, sem hefur veg og vanda af komu hópsins til landsins, segir sennilegt að tökur fari fram í næstu viku og að hópurinn sem staddur er á landinu vegna myndarinnar sé nokkuð stór.

Kvikmyndin Journey 3 -D er byggð á bókinni Leyndardómar Snæfellsjökuls eftir franska vísindaskáldsagnahöfundinn Jules Verne. Ekki er vitað hvaða tökustaðir verða fyrir valinu en eðli málsins samkvæmt má telja líklegt að hópurinn geri sér ferð vestur á Snæfellsnes til að ná góðum myndum af jöklinum. - fgg



**ANITA BRIEM** Leikur eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Journey 3-D.



**BRENDAN FRASER** Kom til landsins á mánudagskvöldið og verður hér í nokkra daga.



5.090 kr. á mánuði til 5. desember
AFMÆLISTILBOÐ!
Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
1986-2006
515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
GOTT FÓLK McCANN

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

# Vonin blíð

Hvað ert þú að gera hér? Ég bað um áfallahjálp," Sagði Silla frænka. Hún hafði lagst í rúmið þegar hún heyrði síðustu fréttir um að nú yrði hafist handa við að hleypa vatni í Hálslón. Svo þessi glaðlynda frænka mín hafði lagst í rúmið og sent þau skilaboð til aðstandenda að hún þyrfti áfallahjálp.

**„ÉG** kom með ýmislegt handa þér til að létta þér lundina," sagði ég eins glaðlega og ég gat, því það var satt að segja dapurlegt að sjá þessa kraftmiklu konu í svo algjörri uppgjöf. Svo setti ég disk á fóninn. Og áður en við var litið hljómaði rödd Ómars syngjandi: Ást, ást, ást snemma morguns.

**„HANN** er minn maður," sagði Silla. „Það hafa tvö mikilmenni fæðst á síðustu öld, Nelson Mandela og Ómar Ragnarsson." Mér fannst svolítill glampi hafa fæðst í augum gömlu konunnar við að heyra í sínum manni. Svo ég náði í vísnabókina hennar sem hún kallar hagyrðingadjásn og byrjaði að lesa:

Í álverum æska vor svitnar
og eflist við sérhverja dáð.
Meðan lautinant Valgerður vitnar
um veginn að Drottins náð.

**„FINNST** þér þetta uppörvandi?" spurði Silla. „Ja, þú hefur að minnsta kosti skrifað þessa ágætu vísu hér á fremstu síðu." „Ég veit það, en það var þegar ég ennþá átti vonina," sagði frænka mín og sneri sér upp í horn og sagði síðan við vegginn:

**„VEISTU** hvað, hún Sigríður í Brattholti var tvisvar búin að tapa málinu í undirrétti þegar hún bjargaði Gullfossi. En hún gerði líka lögfræðingnum sem tók að sér málið dálítið erfitt fyrir. Því hún bannaði honum að segja frá því að Tómas faðir hennar hefði verið fullur þegar hann skrifaði undir sölusamninginn á fossinum, hann hefði aldrei selt sinn „besta vin" edrú. Hún bað lögfræðinginn að reyna að vinna málið með því að segja frá þeirri staðreynd að það byggi huldukona í fossinum og að hún ætti Gullfoss. Svo enginn nema hún hefði rétt til að selja hann."

**NÚ** settist Silla upp með vonarglampa í augum og sagðist ætla að nota þetta gegn Landsvirkjun. Það væru meira að segja sjö fossar þar uppfrá sem ætti að drekkja. Svo sjö huldumeyjar yrði að semja við áður en farið yrði að hleypa vatni í Hálslón.

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




RAV4 - alveg nýr heimur

Nýr RAV4 er kominn til landsins. Hann er ekki aðeins í breyttri útgáfu. Hann er alveg nýr heimur. Bíll sem boðar nýja tíma, nýjar áherslur, nýjar leiðir. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og fæst með „Integrated Active Drive System" sem eykur til muna öryggi og akstursánægju. Við hikum ekki við að fullyrða að þú færð meira út úr lífinu á nýjum RAV4, hvort sem er innanbæjar eða úti í náttúrunni.

Straumlínulöguð yfirbygging og fjöldi tækninýjunga gera RAV4 fágaðri, fjörugri og þróaðri en nokkru sinni fyrr. Fjöldi útfærslna er í boði, þar á meðal hin íburðarmikla RAV4 VX sem teflir saman framúrskarandi snerpu og afburðaþægindum í akstri svo að hefðbundin skilgreining á smájeppa á ekki lengur við. Og tómstundir með fjölskyldunni fá líka allt aðra merkingu.

**Komdu og reynsluaktu nýjum RAV4 – alveg nýr heimur.**

**Verð frá 2.980.000. kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |